RAGNHILDUR SIF REYNISDÓTTIR
*Magadans, salsa og jóga á afrekaskránni*
heilsa
allt ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



BYGGINGARIÐNAÐUR
*Synt inn í sumarið*
Sérblað um byggingariðnað
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX




FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. apríl 2008 — 95. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Kadilakkmót í bígerð



Ólafur Gunnarsson vonast til að hitta alla kadilakkeigendur á landinu á Kadilakk-móti í maí.

FÓLK 30

### Ungir tónsnillingar

Ný tónleikaröð sem leyfir ungu tónlistarfólki að láta ljós sitt skína fer af stað í Salnum í Kópavogi í kvöld.

MENNING 21

### Ísland á kortið



Plötusnúðurinn frægi Carl Cox kveðst ánægður með að geta bætt Íslandi á landakortið sitt með tónleikum sínum hér 23. apríl.

FÓLK 24



### 1-0 fyrir Snæfelli

Snæfell leiðir einvígið gegn Grindavík í körfunni.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART Í BORGINNI** Í dag verða víðast norðan 5-13 m/s, hvassast norðvestan til. Bjart lengst af í dag á landinu suðvestan og vestanverðu, annars stöku skúrir eða él.

VEÐUR 4

# Smygl á bréfi olli lengd einangrunar

**Íslendingur á þrítugsaldri hefur verið í einangrun í fangelsinu í Þórshöfn í nær hálft ár af því að hann smyglaði bréfi úr fangelsinu til kærustunnar sinnar. Málflutningur í máli hans, sem er angi af Pólstjörnumálinu, hófst í gær.**

**DÓMSMÁL** Ástæða þess að 25 ára Íslendingur hefur setið í einangrun í fangelsi í Færeyjum svo mánuðum skiptir er sú að hann smyglaði bréfi út úr fangelsinu til kærustunnar sinnar. Þar með var hann settur í einangrun aftur, eftir að hafa verið tæpan mánuð í opnu gæsluvarðhaldi. Kærastan, sem er færeysk, er eitt af aðalvitnum í málinu, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið aflaði sér.

Réttarhöld hófust í máli unga mannsins í gærmorgun. Hann er ákærður fyrir aðild að Pólstjörnumálinu svokallaða með því að hafa tekið á móti og haft í vörslum sínum 24,3 kíló af amfetamíni, nær 15 kíló af e-töfludufti og 1.746 e-töflur. Af þessu magni urðu 796 grömm af amfetamíni og 982 grömm af e-töfludufti eftir í vörslu mannsins í Færeyjum, þegar Guðbjarni Traustason og Alvar Óskarsson sigldu skútu með megninu af fíkniefnunum til Íslands, þar sem þeir voru teknir í Fáskrúðsfjarðarhöfn.

Færeyska blaðið Dimmalætting greindi frá því að í dómsal í gær hefði meðal annars komið fram, að ákæruvaldið hefði látið gera mætti framleiða rúmlega 200 þúsund töflur úr heildarmagni e-tölfuduftsins sem smyglað var með skútunni. Þá hefði mátt framleiða yfir 14 þúsund e-töflur úr þeim hluta duftsins sem eftir varð í Færeyjum.

Maðurinn var handtekinn í Færeyjum 20. september ásamt öðrum manni, færeyskum. Hinum síðarnefnda var síðan sleppt og verður hann ekki ákærður í málinu.

Íslendingurinn sat í einangrun fram í nóvember, en þá var henni aflétt og hann settur í gæsluvarðhald. Eftir tæpan mánuð var hann aftur settur í einangrun þegar upp komst að hann hafði smyglað bréfi út úr fangelsinu til kærustu sinnar.

Íslendingurinn játaði sök í sumum ákæruliðum en neitaði hvað aðra varðar. Kviðdómur hefur verið kallaður saman til að dæma um sekt hans eða sakleysi, en það er ekki gert nema fangelsisrefsing sé talin varða að minnsta kosti fjórum árum. Saksóknari í málinu hefur krafist tíu ára fangelsis yfir honum, að lágmarki.

- jss / sjá síðu 8



**VELKOMINN** Al Gore, handhafi friðarverðlauna Nóbels og fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, upplýsti á blaðamannafundi í gær að hann og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefðu verið vinir um langt árabil. Þeir hafa unnið saman allt frá því að þeir voru báðir óbreyttir þingmenn. Ólafur hefur lengi reynt að fá Gore til heimsækja Ísland, sem hefur nú tekist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, sótti forseta Íslands heim í gær:

# Bandaríkin gera minnst allra

**UMHVERFISMÁL** „Allar þjóðir heims þurfa að gera meira til að berjast gegn hlýnun jarðar. Það er þó erfitt fyrir mig að segja Íslendingum að þeir þurfi að leggja meira af mörkum þegar mín þjóð gerir minnst allra þjóða í samanburði við hvert framlag hverrar þjóðar ætti að vera“, sagði Al Gore, handhafi friðarverðlauna Nóbels og fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, á Bessastöðum í gærkvöldi.

Gore snæddi með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, ásamt fulltrúum úr íslensku vísinda- og fræðasamfélagi og fleiri gestum. Segir hann Ísland gegna lykilhlutverki á heimsvísu þegar kemur að baráttunni gegn hlýnun jarðar.

Ólafur sagði það heiður fyrir þjóðina að Gore hefði séð sér kleift að sækja landið heim og hann væri einn valdamesti leiðtogi heims þrátt fyrir að hann gegndi ekki opinberu embætti. Gore heldur í dag fyrirlestur í Háskólabíói um hlýnun loftslags en hann hlaut friðarverðlaun Nóbels í fyrra fyrir framlag sitt til umhverfismálaumræðunnar í heiminum.

- shá / sjá síðu 6



**Á FLUGSTÖÐINNI** Hingað til hefur fólk þurft að hringja áður en það flýgur.

Evrópusambandið ályktar:

# Farsímar leyfðir í flugvélum

**BRUSSEL, AP** Innan skamms verður heimilt að tala í farsíma í flugi innan landa Evrópusambandsins. Samkeppnisyfirvöld sambandsins mælast til þess við farsímafyrirtæki að þau stilli gjaldheimtu fyrir slík símtöl í hóf.

Hingað til hefur verið óheimilt að nota farsíma í flugi vegna öryggissjónarmiða, en nú telja sérfræðingar að búið sé að finna viðunandi lausnir á því.

Nokkur flugfélög hafa þegar leyft farsíma í tilraunaskyni og fleiri hyggja á hana. Forsvarsmenn nokkurra flugfélaga, svo sem Lufthansa, hyggjast ekki taka þjónustuna upp; meirihluti farþega sé því mótfallinn. - kp

Faldi líkin í blómapottum:

# Móðir dæmd fyrir barnadráp

**FRANKFURT, AP Sabine Hilschenz, 42 ára gömul þýsk kona, var í gær dæmd í fimmtán ára fangelsi fyrir morð á átta nýfæddum börnum sínum sem fædd voru á árunum 1992 til 1998.**

**Hilschenz var dæmd fyrir manndráp í undirrétti árið 2006 fyrir morðin en líkin faldi hún í blómapottum og í fiskabúri í garði foreldra sinna. Dómur æðra dómstigs taldi að ekki hefði verið tekið tillit til allra þátta og vísaði málinu aftur í hérað. Hilschenz neitaði að bera vitni en í fyrra skiptið sem málið var tekið fyrir sagðist hún hafa átt við áfengisvanda að stríða á þeim árum sem börnin fæddust og hún myndi ekki hvernig þau hefðu dáið. - ovd**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki








**SPURNING DAGSINS**



*Eymar, ert þú reddarinn á hvíta hestinum?*

„Já, heldur betur.“

Eymar Gunnarsson og Silja Þorbjörnsdóttir reka saman fyrirtækið Reddarann, sem tekur að sér hvers kyns viðvik gegn gjaldi.

Kviðdómur skilar dánardómstjóra í máli Díönu prinsessu úrskurði sínum:

# Sökin bílstjóra og ljósmyndara

**BRETLAND, AP** Kviðdómur í rannsókn dánardómstjóra í Lundúnum á andláti Díönu prinsessu og unnusta hennar, Dodi Fayed, í París í ágúst 1997 kvað í gær upp úrskurð sinn. Niðurstaðan var að ábyrgðin á því hvernig fór hefði legið hjá bílstjóranum Henri Paul, sem einnig lét lífið er Mercedes-Benz-bifreiðin skall á mikilli ferð á steypustöpli í undirgöngum við Signu, og „papparassa“-ljósmyndurunum sem eltu bílinn frá Ritz-hótelinu.

Dánardómstjórinn, Scott Baker, hafði gefið kviðdómnum þau fyrirmæli að engar vísbendingar væru um að nokkuð væri hæft í kenningu föður Dodis, Mohameds Al Fayed, um morðsamsæri að undirlagi Filippusar drottningarmannsins, sem breskir leyniþjónustumenn hefðu hrint í framkvæmd.



**EKKI SAMSÆRI** Dánardómstjórinn sagði engar vísbendingar styðja samsæriskenningar Mohameds Al Fayed. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er ólíklegt að nýjar lögsóknir fylgi í kjölfar rannsóknarinnar. Á sínum tíma voru alls níu ljósmyndarar sem tóku þátt í eftirförinni dregnir fyrir rétt í Frakklandi, ákærðir fyrir manndráp af gáleysi. Þeim málum var öllum vísað frá árið 2002. Þrír þeirra voru síðar dæmdir fyrir innrás í einkalíf parsins og gert að greiða táknræna sekt upp á eina evru hver.

Réttarhald dánardómstólsins stóð í hálft ár og kostaði minnst þrjár milljónir punda, andvirði um 450 milljóna króna. **- aa**

Krónan styrkist enn:

# Tvö fyrirtæki daðra við núllið

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf Kaupþings og Alfesca höfðu lækkað um 2,2 prósent frá ársbyrjun þegar markaðir lokuðu í gær. Útlit er fyrir að annað hvort félagið verði fyrst til að komast í eða yfir núllgildi frá áramótum eftir því sem verðlækkun bréfa í Kauphöllinni gengur til baka.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 1,7 prósent í gær og krónan hélt áfram að styrkjast. Hún styrktist um 2,4 prósent, en gengisvísitala endaði í 145 stigum. Vegvísir Landsbankans bendir á að í mars hafi verið metvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri, 1.233 milljarðar króna. **- óká**

Líkamsárás í 10-11:

# Öryggisvörðurinn á batavegi

**LÍKAMSÁRÁS** Öryggisvörðurinn sem varð fyrir fólskulegri árás í verslun 10-11 á sunnudagsmorgun er á batavegi. Blæddi inn á heila mannsins og var útlitið slæmt á tímabili, en nú er fastlega búist við því að maðurinn nái sér að fullu.

Samkvæmt Sigurði Reynaldssyni, framkvæmdastjóra 10-11, voru fjórir öryggisverðir við störf í versluninni þegar árásin átti sér stað og allir höfðu þeir talstöðvar og öryggishnapp. Maðurinn var sleginn í höfuðið aftan frá og segir Sigurður erfitt að koma í veg fyrir slíkt, en fyrirtækið muni þó fara yfir hvað megi læra af þessu atviki. **- kg**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

### Ný Galíleo-áætlun samþykkt

Samgönguráðherrar Evrópusambandsins samþykktu í gær nýja áætlun um að koma upp hinu svonefnda Galíleo-staðsetningar- og fjarskiptagervihnattakerfi, sem langar tafir hafa orðið á vegna ágreinings um það hver eigi að bera kostnaðinn. Niðurstaðan nú er sú að verkefnið verði alfarið fjármagnað af skattfé.

**SKÓLAMÁL**

### Gengið frá samningsformi

Gengið hefur verið frá ráðningarsamningsformi fyrir þá kennara og starfsmenn Iðnskólans í Reykjavík sem vilja halda áfram í starfi hjá sameinuðum skóla Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Samningsformið hefur verið kynnt fyrir starfsmönnum skólans. Sameinaður skóli tekur til starfa í sumar.

**REYKJAVÍK**

### Vilja byggja á flugvellinum

Þyrluþjónustan annars vegar og Norðurflug hins vegar hafa hvort fyrir sig óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að byggja flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Þyrluþjónustan vill einnig heimild fyrir þjónustubyggingu.

# Vilja að lögreglan skoði SPRON-mál

**Samtök fjárfesta hafa beint því til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra að sala stjórnarmanna SPRON á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum verði skoðuð. Beiðnin um athugun lögreglu byggir á tilmælum frá Fjármálaeftirlitinu.**

**VIÐSKIPTI** Stjórn Samtaka fjárfesta hefur farið þess á leit við embætti ríkislögreglustjóra að það taki sölu þriggja stjórnarmanna SPRON á stofnfjárbréfum til athugunar og rannsóknar ef tilefni þykir til.

Þetta gerðu samtökin með bréfi til efnahagsbrotadeildar í gær. „Þetta er ekki kæra, það skal tekið fram. En við teljum, í ljósi ummæla FME í bréfi til okkar, að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra eigi að taka þetta mál til athugunar og meta hvort þörf sé á frekari rannsókn,“ sagði Vilhjálmur Bjarnason við Fréttablaðið í gær. Bréfið hafði ekki borist til Helga Magnúsar Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöld.



**VILHJÁLMUR BJARNASON**

Í bréfi sínu vísa samtökin til sölu stjórnarmannanna Hildar Petersen, Gunnars Þórs Gíslasonar og Ásgeirs Baldurs á stofnfjárbréfum skömmu eftir að stjórnin ákvað að skrá sparisjóðinn á markað. Ákvörðunin var tekin 17. júlí en SPRON var skráð á markað 23. október í fyrra. Salan á stofnfjárbréfunum, fyrir 196 milljónir króna að nafnvirði, fór fram nokkrum dögum eftir stjórnarfundinn 17. júlí. Ekki var upplýst um sölu stofnfjárbréfanna en raunvirði þeirra var tveir til þrír milljarðar á þeim tíma.

Í bréfi Samtaka fjárfesta til efnahagsbrotadeildar, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er vitnað til svars FME við fyrirspurnum frá samtökunum er vörðuðu sölu stjórnarmanna á stofnfjárbréfunum. Þar stendur eftirfarandi: „Fjármálaeftirlitið vill sérstaklega benda á að í þeim tilvikum þegar innherjareglur verðbréfaviðskiptalaga eiga ekki við þá er ekki um lagalegt tómarúm að ræða í slíkum viðskiptum. Í viðskiptum með óskráða fjármálagerninga njóta samningsaðilar réttarverndar almennra reglna samningaréttar, s.s. ákvæða um upplýsingaskyldu seljanda og ákvæða um misneytingu og svik. Þá vernda almenn hegningarlög fjárfesta gegn fjársvikum.“

Í tilefni af þessum orðum FME töldu Samtök fjárfesta rétt að koma málinu til embættis ríkislögreglustjóra.



**SPRON** Stjórn SPRON hefur í tvígang sent frá sér yfirlýsingu vegna sölu á stofnfjárbréfunum í fyrra. Telur stjórnin að hún hafi ekki getað greint frá sölunni.

Stjórn SPRON hefur í tvígang sent frá sér yfirlýsingu vegna fyrrnefndar sölu á stofnfjárbréfunum, þar sem ítrekað er að hún hafi ekki talið sig geta greint frá því sölunni. Vitnar hún sérstaklega til bréfasamskipta við FME á árunum 2003 og 2004 en SPRON taldi að þar hefði FME beinlínis ekki heimilað upplýsingagjöf um viðlíka tilvik og fyrrnefnd sala stjórnarmanna var. Einnig hefur stjórnin upplýst að regluvörður SPRON heimilaði það verklag sem var viðhaft.

Þetta hefur verið borið til baka af FME en ítrekað jafnframt, að lög um verðbréfaviðskipti leggi ekki skyldu á innherja að upplýsa um viðskipti með óskráð verðbréf.

**magnush@frettabladid.is**



**BROTIÐ LJÓS** Framljós eins trukksins sprakk með hvelli í mótmælunum í gær, en ekki er ljóst hvernig það vildi til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geir H. Haarde um mótmæli:

# Semur ekki við menn sem fara með ofbeldi

**MÓTMÆLI Geir H. Haarde forsætisráðherra vill ekki semja við menn sem fara fram með ofbeldi og lögbrotum. Þetta sagði hann í samtali við Ríkisútvarpið í hádeginu í gær.**

**Atvinnubílstjórar lokuðu þá Tryggvagötu, en Geir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sátu fund í Listasafni Íslands um ímynd Íslands.**

**Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, segir að þeir muni ekki láta af mótmælum. „Menn verða að hlusta á þjóðina. Við eigum úrræði sem við viljum ekki nota nema í lengstu lög, að skilja 100 trukka eftir á götunni og fara bara. Hér eru engin tæki sem gætu losað þá bíla.“ - kp**

**KOSOVO**

### Ný stjórnarskrá undirrituð

Ráðamenn í Kosovo undirrituðu í gær nýja stjórnarskrá, en samþykkt hennar er ætlað að vera áfangi að því að stofnanir hins nýyfirlýsta sjálfstæða ríkis taki yfir ábyrgð á stjórnsýslunni af bráðabirgðastjórn Sameinuðu þjóðanna. Í stjórnarskránni er skýrt kveðið á um vernd minnihlutahópa.






Utanríkisráðherra rökstyður þörf fyrir virka utanríkisstefnu Íslands á Alþingi í dag:

# Svarar gagnrýni á utanríkisstefnuna

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mun í ræðu á Alþingi í dag gera grein fyrir stefnu Íslands í utanríkismálum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hyggst hún svara gagnrýni sem fram hefur komið á verk utanríkisráðuneytisins og stefnu stjórnvalda. Nær sú gagnrýni til dæmis til veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu, þátttökunnar í uppbyggingarstarfinu í Afganistan og framboðsins til sætis í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna auk fleiri þátta.

Stjórnvöld hafa gert sér far um að reka það sem kallað er virk utanríkisstefna en í því felst að taka þátt í margháttuðu alþjóðastarfi, taka afstöðu til viðkvæmra deilumála á alþjóðavettvangi og leggja af mörkum til hjálpar-, þróunar- og uppbyggingarstarfs.

Ingibjörg Sólrún mun ræða nauðsyn þess að Ísland eigi sér slíka virka utanríkisstefnu og starfi í takt við hana. Hún mun meðal annars gera grein fyrir mikilvægi þess fyrir ímynd Íslands í útlöndum.

Skýrslu ráðherra um utanríkis- og alþjóðamál var dreift á Alþingi í síðustu viku og verða umræður um hana, og ræðu Ingibjargar Sólrúnar, á þinginu í dag. **- bþs**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** flytur reglubundna ræðu utanríkisráðherra á Alþingi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND, TYRKLAND OFL.

Smáralind
Kópavogi
Næg bílastæði

**Sýningin fer fram**
**í Vetrargarðinum í Smáralind.**

lau. og sun. 12. - 13. apríl
11:00 - 18:00
Aðgangur ókeypis

## GENGIÐ 7.4.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,13 | 72,47 |
| Sterlingspund | 143,28 | 143,98 |
| Evra | 113,26 | 113,9 |
| Dönsk króna | 15,183 | 15,271 |
| Norsk króna | 14,197 | 14,281 |
| Sænsk króna | 12,095 | 12,165 |
| Japanskt jen | 0,703 | 0,7072 |
| SDR | 117,85 | 118,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

145,9293

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Brennuvargur á ferð í Hafnarfirði aðfaranótt mánudags:

# Hestum bjargað úr bruna

**ELDSVOÐI** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom að brennandi hesthúsi við Sörlaskeið í Hafnarfirði í nótt. Skömmu áður hafði verið kveikt í bíl rétt hjá hesthúsinu og var slökkviliðið að koma úr því útkalli þegar vart varð við reykinn frá hesthúsinu. Slökkviliðinu tókst að bjarga öllum átta hestunum úr húsinu og er ljóst að skammur viðbragðstími hefur skipt sköpum fyrir hrossin. Samkvæmt lögreglunni leikur lítill vafi á að um íkveikju hafi verið að ræða, en einnig var kveikt í eldfimu efni í vegarkanti þar skammt frá.

Húsið var nýtt og vel útbúið og er það talið hafa bjargað miklu. Eldvarnarhólf og gipsklæðning vörnuðu því að hrossunum yrði meint af, en eldurinn kom upp í eldhúshluta hússins. Friðrik Valgeirsson, sem er umsjónarmaður hesthússins, segir að húsið hafi verið spánnýtt. „Við skrúfuðum síðustu skrúfuna fyrir þremur dögum og þetta er því mikið áfall. Sem betur fer varð hrossunum ekki meint af, það er fyrir mestu.“

Hrossin nutu súrefnismeðferðar í gær og var vonast til að þau kæmust inn í hús fyrir kvöldið.

Lögregla telur fulla ástæðu til að ætla að sami aðili eða aðilar hafi verið að verki í öllum íkveikjunum. - kp



**SKEMMDIRNAR SKOÐAÐAR** Friðrik virðir brunaskemmdirnar fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Harðnandi átök í Simbabve:

# Eigna sér jarðir hvítra bænda

**HARARE, AP** Herskáir fylgjendur stjórnarflokks Roberts Mugabe, forseta Simbabve, yfirtóku í gær að minsta kosti 23 jarðir í eigu hvítra bænda.

Kom landtakan í kjölfar yfirlýsingar Mugabes þar sem hann hvatti íbúa Simbabve til að standa vörð um land sem tekið hefur verið af hvítum bændum. Á þeim svæðum sem jarðirnar voru yfirteknar hefur lögregla hingað til fjarlægt landtökumenn á nokkrum klukkustundum. Að þessu sinni hafa landtökumenn ekki verið fjarlægðir og er greinilegt að landtökunni er stjórnað af hátt settum aðilum. - ovd



**NÝR Á ÞINGI** Samúel Örn tók sæti á Alþingi í fjarveru Sivjar Friðleifsdóttur.

Varaþingmenn taka sæti:

# Samúel Örn og Guðný á þingi

**ALÞINGI** Samúel Örn Erlingsson, íþróttafréttamaður til margra ára, tók sæti á Alþingi í gær í fjarveru Sivjar Friðleifsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokksins.

Samúel er fyrsti varamaður flokksins í Suðvesturkjördæmi.

Guðný Hrund Karlsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri á Raufarhöfn, tók líka sæti á þingi í gær. Hún er varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi og gegnir þingstörfum næstu tvær vikur í fjarveru Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra. - bþs

# Ítrekað slökkt á ólympíukyndlinum

**Alls fjórum sinnum var brugðið á það ráð að flytja ólympíueldinn um borð í rútu er hlaupið var með hann í gegnum París í gær. Mótmæli gegn mannréttindabrotum Kínastjórnar í Tíbet og víðar settu hlaupið allt úr skorðum.**

**PARÍS, AP** Fjórum sinnum var slökkt á ólympíukyndlinum er hlaupið var með hann í gegnum París í gær. Stöðugir árekstrar við hópa fólks sem mótmæltu mannréttindabrotum kínverskra stjórnvalda, einkum og sér í lagi í Tíbet, gerðu hið áformaða 28 kílómetra hlaup í gegnum frönsku höfuðborgina að óreiðukenndu hindrunarhlaupi.

„Það er ótækt að leikarnir fari fram í heimsins stærsta fangelsi,“ hrópaði Sylvain Garel, framámaður í franska Græningjaflokknum, þar sem lagt var upp í hlaupið um borgina, á annarri hæð Eiffel-turnsins. Hann var umsvifalaust leiddur burtu af lögreglu.

Um 3.000 lögreglumenn fylgdu ólympíukyndlinum eftir, á hjólaskautum og mótorhjólum, og áttu að tryggja að hlaupararnir kæmust óhindrað leiðar sinnar. Svo fór þó að vegna ítrekaðra truflana mótmælenda var fjórum sinnum brugðið á það ráð að slökkva á kyndlinum og flytja ólympíueldinn þess í stað um borð í rútu framhjá sumum stöðum, þar sem hætta var talin á að afskipti mótmælenda kynnu að stöðva hlaupið eða slökkva eldinn.

Síðdegis greindi lögreglan frá því að hún hefði handtekið minnst tíu manns, en hún myndi ekki hafa heildaryfirsýn yfir fjölda handtekinna fyrr en að deginum loknum.

Víða um borgina höfðu hópar fólks tekið sér stöðu með tíbetska fána, kröfuborða og vígorð á vörum. „Skammarloginn“ var ólympíukyndillinn meðal annars nefndur á mótmælaspjöldunum.

Að minnsta kosti einn íþróttamannanna sem tóku þátt í að hlaupa með kyndilinn lýsti stuðningi við málstað mótmælenda. „Ég held að það sé mjög gott að fólk skuli hafa flykkst svona út á götu í þessum tilgangi,“ sagði Marie-Jose Perec, fyrrverandi ólympíumeistari, í sjónvarpsviðtali.

Kínverskir námsmenn og aðrir stuðningsmenn málstaðar Kínastjórnar efndu til mótmæla gegn mótmælunum, veifuðu kínverska fánanum og sögðu: „Ólympíuleikarnir snúast um íþróttir. Snúum þeim ekki upp í stjórnmál!“

Franska lögreglan hafði vonast til að takast að hindra að hlaupið í París yrði eins óreiðukennt og það var í Lundúnum daginn áður, en varð sem fyrr segir ekki að ósk sinni. Kínverjum til gremju er við því að búast að slík vandkvæði haldi áfram á hinni alls 85.000 kílómetra löngu ferð með ólympíueldinn þvert og endilangt um heimskringluna sem áformað er að ljúki á nýja ólympíuleikvanginum í Peking 8. ágúst.

audunn@frettabladid.is




**PASSAÐ UPP Á ELDINN** Mótmælendum tókst fjórum sinnum að slökkva í ólympíukyndlindum í París í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**ÍTARLEG LEIT** Sænska lögreglan kannar nú ferðir þekktra afbrotamanna í Stjärnsund í Svíþjóð og nágrenni.

Hvarf sporlaust í Svíþjóð:

# Leitað að tíu ára stúlku

**SVÍÞJÓÐ Hundruð manna leita enn að tíu ára stúlku sem hvarf sporlaust í bænum Stjärnsund í Svíþjóð síðdegis á laugardag. Engla Juncosa-Höglund hafði verið að spila fótbolta með vinum sínum og fengið leyfi til að hjóla heim í fyrsta skipti á ævinni. Hún hvarf á leiðinni, skammt frá heimilinu, að sögn Aftonbladet.**

**Leitin að Englu hefur vakið gríðarlega athygli og hefur verið lýst eftir henni í öllum stærstu fjölmiðlum Svíþjóðar. Nágrannarnir hafa tekið sér frí frá vinnu til að geta tekið þátt í leitinni. Lögreglan kannar nú ferðir þekktra barnaníðinga og annarra afbrotamanna á svæðinu.** - ghs

**REYKJAVÍK**

### Vilja hanna Vatnsmýrina

Fasteignafélagið Landic Property vill að Reykjavíkurborg veiti félaginu, sem stórum hagsmunaaðila, aðild að starfshópi um skipulag Vatnsmýrarinnar.

**ÁRÉTTING**

### Söfnuður tengist ekki kirkju

Í Fréttablaðinu í gær birtist frétt um sértrúarsöfnuð í Texas og var nafn safnaðarins þýtt sem Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Vert er að benda á að söfnuðurinn tengist ekki á nokkurn hátt samnefndri kirkju sem starfrækt er meðal annars á Íslandi og á einkarétt á nafninu.

**FERÐAÞJÓNUSTA**

### Farþegum fjölgar

Á síðasta áratug hefur farþegum sem hingað koma með skemmtiferðaskipum fjölgað úr rúmlega 21 þúsund manns í rúmlega 53 þúsund. Gert er ráð fyrir frekari fjölgun á þessu ári. Þetta kemur fram í hagtölum sem teknar voru saman fyrir aðalfund Samtaka ferðaþjónustunnar.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

**NORÐLÆGAR ÁTTIR**

Í dag og næstu daga eru horfur á norðlægum áttum. Þetta þýðir að búast má við vægu frosti með norðurströnd landsins og éljum. Á morgun hvessir verulega á norðvestanverðu landinu og má búast við 15-23 m/s, hvassast á annesjum.



**Á MORGUN**
15-23 m/s á Vestfjörðum og allra syðst.

**FIMMTUDAGUR**
Víðast 10-18 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 9° |
| Ósló | 7° |
| Stokkhólmur | 5° |
| Gautaborg | 10° |
| London | 11° |
| París | 11° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Berlín | 8° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 19° |
| Basel | 13° |
| Eindhoven | 11° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 12° |
| Orlando | 27° |
| San Francisco | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Tilboð fyrir e-korthafa
Toronto 2. maí–8. júní
Verð frá: 21.990 kr.*
Frankfurt 1. maí–8. júní
Verð frá: 15.190 kr.*
París 1. maí–8. júní
Verð frá: 15.190 kr.*
Berlín 1. maí–8. júní
Verð frá: 15.190 kr.*
Manchester 1. maí–9. júní
Verð frá: 15.190 kr.*
Sölutímabilið er 8.–11. apríl
*Aðra leið með sköttum
Bókaðu núna á ekortin.is
Það eru ferðalög í kortunum!
ICELANDAIR
Nú býðst e-korthöfum að skella sér út í heim með Icelandair á frábæru tilboðsverði! Einungis er hægt að bóka á ekortin.is og er lokadagur sölutímabilsins föstudagurinn 11. apríl.
KAUPÞING
Netbankinn
spron
KORT
ekortin.is
VILDARKORT
ekortin.is

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú tekið lán í erlendri mynt?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,5% |
| Nei | 62,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Vilt þú að íslenskir ráðherrar leigi þotur til ferðalaga?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Ögmundur Jónasson kallar leiguflug ráðherra misskiptingu og flottræfilshátt:

# Farið vel með peninga og tíma

**ALÞINGI** „Skilaboðin eru þau að það eigi að fara vel með opinbera fjármuni og vel með tíma ráðamanna þjóðarinnar," svaraði Geir H. Haarde forsætisráðherra spurningu Ögmundar Jónassonar, þingflokksformanns VG, á Alþingi í gær um hvaða skilaboð ráðherrar væru að senda út í þjóðfélagið með því að ferðast með leiguflugvélum.

Forsætis- og utanríkisráðherrar ferðuðust með leiguflugvél á leiðtogafund Nató í síðustu viku og í gær héldu forsætis- og viðskiptaráðherrar á fund norrænna ráðherra í Norður-Svíþjóð í leiguvél.

Ögmundur gagnrýndi flugvélaleiguna harðlega og kallaði hana flottræfilshátt. „Þau hafa réttlætt flottræfilsháttinn með því að þau hafi verið að spara tíma. Það vill hins vegar til að þetta myndi eiga við um okkur öll, landsmenn alla," sagði Ögmundur.

Geir sagðist hafa setið í ríkisstjórn í áratug en sárasjaldan hafa séð sig knúinn til að leigja flugvélar til að komast leiðar sinnar. Sagði hann málflutning Ögmundar og flokkssystkina dæmalausa lágkúru.

Ögmundur sagði fordæmi ríkisstjórnarinnar ekki gott enda leiguflug tákn um bruðl.

**- bþs**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** þingflokksformaður VG FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fríverslunarsamningar nást:

# Kína og Nýja-Sjáland semja

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Kínverjar og Nýsjálendingar hafa náð fríverslunarsamningi, en þetta er fyrsti fríverslunarsamningur vestræns ríkis við Kína.

Samkvæmt samningnum falla hinn 1. október niður allir tollar undir fimm prósent á viðskipti milli landanna. Með tímanum falla fleiri tollaflokkar niður og 2019 verður nær allur útflutningur Nýja-Sjálands til Kína tollfrjáls.

Viðskipti landanna nema nú 6,1 milljarði Bandaríkjadala, eða sem nemur ríflega 440 milljörðum króna. Viðræður standa nú yfir um fríverslunarsamning milli Íslands og Kína.

**- kp**



**TF-LÍF** Gengisfall krónunnar hefur áhrif á rekstur á þyrlum Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áhrif gengisfalls krónunnar:

# Kostnaður við þyrlu eykst

**EFNAHAGSMÁL** Umframkostnaður vegna leigu og reksturs á þyrlum Landhelgisgæslunnar gæti vegna gengisfalls krónunnar numið meira en 200 milljónum króna.

Rekstrarfé Landhelgisgæslunnar er um 2.300 milljónir. Þórhallur Hákonarson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Gæslunnar, segir að um fjórðungur af útgjöldum Gæslunnar sé í erlendum gjaldmiðlum. „Við áætlanagerðina er notast við ákveðið viðmiðunargengi sem gefið er út af fjármálaráðuneytinu," segir Þórhallur. Hann segir einstökum stofnunum óheimilt að gera framvirka samninga. Þá hafi hærra eldsneytisverð ekki síður áhrif en hækkandi olíuverð tengist líka gengislækkun krónunnar. Um fimmtán milljónir vanti til að mæta hærra eldsneytisverði. „Það er verið að vinna að lausn þessara mála í góðu samstarfi við dómsmálaráðuneytið."

**- ovd**

# Telur Ísland gegna lykilhlutverki í loftslagsmálum

**Ísland gegnir lykilhlutverki í loftslagsmálum, að mati Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. Hann telur nýjan forseta landsins munu breyta stefnu bandarískra stjórnvalda í umhverfismálum.**

**UMHVERFISMÁL** Al Gore, handhafi friðarverðlauna Nóbels og fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, telur Ísland og Ólaf Ragnar Grímsson forseta hafa gegnt mikilvægu forystuhlutverki í loftslagsmálum á heimsvísu. Hann telur að allar þjóðir heims þurfi að leggja meira af mörkum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda en sérstaklega þurfi Bandaríkin að gera átak í ljósi þess að losun er hvergi meiri í heiminum en þar. Hann telur að stefna bandarískra stjórnvalda verði umhverfisvænni þegar nýr forseti tekur til valda í janúar, óháð því hver það verður.

Al Gore sat kvöldverðarboð með Ólafi Ragnari Grímssyni í gærkvöldi ásamt fulltrúum úr íslensku vísinda- og fræðasamfélagi og öðrum gestum. Við komuna á Bessastaði í gær ræddi hann stuttlega við fjölmiðla og sagði Ísland í fararbroddi í loftslagsmálum vegna nýtingar þjóðarinnar á endurnýtanlegum orkugjöfum. Hann sagði Ísland gegna mikilvægu hlutverki í að leysa þennan mikla vanda með nýtingu jarðvarma og með þróunarverkefnum á sviði umhverfis- og orkumála. „Staða Íslands er sérstök. Framlag Íslands er ekki síst falið í nýrri tækni til orkunýtingar og forystumenn þjóðarinnar hafa lagt mikið af mörkum við að vekja athygli á vandanum og af hverju nauðsynlegt er að bregðast við honum." Hann sagði að allar þjóðir heims, óháð stærð þeirra, þyrftu að gera meira en nú er til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Tók hann sérstaklega til þess að þar þyrftu Bandaríkjamenn að leggja meira af mörkum sem stærsta iðnveldi heims.



**FRÁ BESSASTÖÐUM** Al Gore sat kvöldverðarboð forsetans þar sem hann ræddi við fulltrúa úr íslensku vísinda- og fræðasamfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gore sagði að vísindasamfélagið hefði sýnt fram á hversu alvarlegt vandamál væri við að glíma. „Neikvæðar afleiðingar hlýnunar til lengri tíma séð eru margfalt meiri en jákvæðar breytingar til skamms tíma og það er nauðsynlegt að greina af nákvæmni hverjar afleiðingarnar geta orðið fyrir heiminn allan ef þjóðir heims taka ekki skref í þá átt að leysa vandann sem loftslagsbreytingar koma til með að hafa."

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði við þetta tilefni að koma Gores væri heiður fyrir sig og þjóðina í heild. Ísland væri í hringiðu umræðunnar um hlýnun loftslags vegna fyrirsjáanlegrar bráðnunar jökla landsins, stækkunar örfoka svæða og hugsanlegra breytinga á straumakerfi sjávar.

svavar@frettabladid.is




Samfylkingarfólk vill aflétta leynd um kostnað:

# Vilja upplýsingar um kostnað við flug

**STJÓRNMÁL** Mörður Árnason, ritstjóri heimasíðu Samfylkingarinnar, segir leynd yfir kostnaði við flug ráðamanna í einkaþotum óviðeigandi. Í leiðara á síðunni segir hann að um sé að ræða ferð á vegum almennings og á kostnað almennings. Þess vegna eigi almenningur heimtingu á að vita um kostnaðinn við ferðina, sem og aðrar sem farnar séu í hans nafni.



**MÖRÐUR ÁRNASON**



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Mörður segir í samtali við Fréttablaðið að hann sé ekki að taka afstöðu með eða á móti flugi ráðamanna með einkaþotum; til þess hafi hann einfaldlega ekki nægar upplýsingar. „Menn mega ekki vera hræddir við að leita að hagkvæmri og þægilegri fararleið, en það er alveg klárt að ríkið á að gefa upp allan kostnað af ferðalögum. Fulltrúar þess geta ekki gert heiðursmannasamkomulag um leynd yfir ráðstöfun á fé almennings."



**Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Leiguflugvélin sem fór með ráðherra og fleiri til Búkarest.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir kostnaðarleyndina orka tvímælis. Þessar upplýsingar eigi að vera uppi á borðum, annað veki bara tortryggni. „Ég skil vel skrif Marðar og viðbrögð fólks. Það er miklu betra að gefa þessar upplýsingar upp og svo geta menn rætt málið á þeim grundvelli."

Steinunn segir Samfylkinguna ekki munu taka málið sérstaklega upp við samstarfsflokkinn. „Fjölmiðlar hljóta að krefjast þessara upplýsinga eftir upplýsingalögum. Það þarf ekki okkur til þess."

**- kp**

Ritstuldur er fátíður í HÍ:

# Fólk hagar sér almennt vel

**MENNTUN Dæmi um ritstuld eru afar fátíð í Háskóla Íslands, hvort heldur er varðar nemendur eða kennara. Í þeim sárafáu tilfellum sem slíkt hefur komið upp hefur viðeigandi verið gefið tækifæri til að bæta ráð sitt án þess að gripið hafi verið til brottrekstrar.**

**Þórður Kristinsson, kennslustjóri við HÍ, segir að fara verði eftir landslögum í þessum efnum: „Lögin segja til um að við ítrekuð brot geti jafnvel komið til brottreksturs, en mér vitandi hefur aldrei verið gripið til þess ráðs vegna slíkra brota. Fólki er treyst til að fara eftir settum reglum, og almennt hagar fólk sér mjög vel."**

**- kg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur við Hvolsvöll

Lögreglan á Hvolsvelli hefur haft afskipti af þó nokkrum ökumönnum vegna hraðaksturs í umdæmi hennar. Um síðustu helgi var einn ökumaður tekinn fyrir að aka á 140 kílómetra hraða á klukkustund og annar á um 130 þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund.

### Annir á höfuðborgarsvæðinu

Miklar annir voru hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins aðfaranótt mánudags. Það var kallað út í þrígang vegna sinubruna, fjórir eldsvoðar urðu og tvö útköll vegna vatnsleka.



# Komdu og upplifðu veröld hvíldar



Fermingartilboð
**Chiro Standard**
120 x 200 cm
82.900 kr.
*Dýna, leðurklæddur botn og lappir*



Rúmumgjörð
**Super Z TM-Line**
180 x 200 cm
152.800 kr.
*Gafl og rammi í svörtum ask*



Stillanlegt rúm
**Gravity Zero PT**
2 x 90 x 200 cm
693.910 kr.
*Aukahlutir á mynd: náttborð og heilsukoddar*



Svefnsófatilboð
**Senseo - svefnsófi**
Dýna: 140 x 200 cm
179.900 kr.
*Mikið úrval*

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra BAK**

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir forseti Simbabve?*

2 *Hvað heitir eigandi Galleris Borgar sem hinn 20. apríl næstkomandi mun aftur gangast fyrir málverkauppboði?*

3 *Hvaða lið í Iceland Express-deild karla í körfubolta lagði Keflavík á sunnudagskvöld í úrslitakeppninni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Húsaleigubætur hækka um hátt í 50 prósent og er það fyrsta hækkunin í átta ár:

# Húsaleigubæturnar hækka

**STJÓRNMÁL** Húsaleigubætur hækka samkvæmt reglugerð sem Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, undirritaði í gær. Er hækkunin afturvirk og tók hún gildi 1. apríl síðastliðinn. Er þetta í fyrsta sinn sem húsaleigubætur hækka frá árinu 2000.

Grunnbætur húsaleigubóta munu hækka úr 8.000 í 13.500 krónur eða um 69 prósent. Þá munu bætur vegna fyrsta barns hækka úr 7.000 í 14.000 krónur og bætur vegna annars barns hækka úr 6.000 í 8.500 krónur. Eftir breytinguna geta hámarkshúsaleigubætur orðið 46.000 krónur í stað 31.000 króna áður. Hækkunin nemur því allt að 48 prósentum.

Í samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga er kveðið á um þátttöku ríkisins í greiðslu sérstakra húsaleigubóta. Er þetta í fyrsta sinn sem ríkið kemur að greiðslu slíkra bóta. Í tilkynningu frá ráðuneytinu eru sveitarfélög hvött til að taka upp sérstakar húsaleigubætur og rýmka skilyrði fyrir slíkum bótum svo þær nái til fleiri heimila. Er árlegur viðbótarkostnaður vegna þessara aðgerða samtals um 720 milljónir króna. Ríkissjóður mun greiða sextíu prósent af kostnaðnum en sveitarfélögin fjörutíu prósent. - ovd



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Undirritaði í gær reglugerð sem hækkar húsaleigubætur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvalaskoðun vex ár frá ári:

# Fimmfalt fleiri í hvalaskoðun

**FERÐAÞJÓNUSTA Erlendum ferðamönnum sem koma hingað til lands til að fara í hvalaskoðun hefur fjölgað mikið á undanförnum áratug. Samkvæmt hagtölum um ferðaþjónustuna, sem teknar voru saman fyrir aðalfund Samtaka ferðaþjónustunnar, fóru 20.540 farþegar í hvalaskoðun hér á landi árið 1997.**

**Í fyrra fóru hins vegar 104.300 farþegar í hvalaskoðun og hefur farþegafjöldinn því rúmlega fimmfaldast á tíu árum.**

**Gert er ráð fyrir því að farþegum í hvalaskoðun geti fjölgað á næstu árum.** - mh



**STYRKUR AFHENTUR** Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, og Guðrún Agnarsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Pósturinn:

## Styrkti krabbameinsátak

**HEILBRIGÐISMÁL** Pósturinn hefur styrkt Krabbameinsfélag Íslands um 2,4 milljónir króna í átakinu Karlmenn og krabbamein sem staðið hefur undanfarið.

„Það er Krabbameinsfélaginu dýrmætt að eiga samstarfsaðila eins og Póstinn. Fyrirtækið hefur áður liðsinnt félaginu myndarlega eins og nú við að dreifa mikilvægum skilaboðum til landsmanna. Þannig hefur það í verki sýnt samfélagslega ábyrgð. Það er gott að eiga góða að,“ segir Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands. - ghs

## REYKJAVÍK

### Vill steypa á Hólmsheiði

Einingaverksmiðjan Borg, sem bæjaryfirvöld í Kópavogi telja að reki steypustöð í óleyfi, hefur formlega óskað eftir lóð á Hólmsheiði í landi Reykjavíkur fyrir starfsemi sína.

# Móðir segir son sinn ekki flæktan í Pólstjörnumálið

**Móðir 25 ára Íslendings sem bíður dóms í Færeyjum segir að hann hafi, í nafni æskuvináttu og trausts, verið að gera Guðbjarna Traustasyni greiða. Hún segist bara vona að kviðdómurinn verði mannlegur.**

**DÓMSMÁL** „Sonur minn er ekki flæktur í þetta mál, svo mikið veit ég,“ segir Íris Inga Svavarsdóttir, móðir Íslendingsins sem er nú kominn fyrir rétt í Færeyjum eftir að hafa setið í einangrun í um það bil hálft ár. Hann er ákærður fyrir þátttöku og aðild að Pólstjörnumálinu svokallaða og er enn í einangrun.

„Hann ætlar bara að þrauka, það er ekkert annað að gera,“ sagði Íris Inga, þegar Fréttablaðið ræddi við hana í gær. Hún hefur fengið að hitta son sinn og ræða við hann. Spurð hvort sonur hennar virðist hafa beðið skaða af hinni löngu einangrunarvist sagði hún það eiga eftir að koma í ljós síðar.

„Mér finnst ekki ólíklegt að þetta eigi eftir að hafa eftirköst. Það er engin hemja að hafa mann svo lengi í einangrun,“ sagði hún. „Það er ekki eðlilegt að fara svona með fólk. En það sér fyrir endann á þessu núna.“

Hún segir að reynt hafi verið að hafa áhrif á að sonur hennar þyrfti ekki að sitja svo lengi í einangrun sem raun varð á.

„En það gat enginn gert neitt, nema að standa við bakið á honum. Þetta hefur allt farið fyrir dómara í Danmörku og þeir hafa síðasta orðið.“

Íris Inga segir að lögreglan í Færeyjum hafi gert allt sem í hennar valdi stóð til þess að létta manninum einangrunarvistina.

„En það eina sem hann hefur getað gert er að sitja og lesa, horfa á myndbönd og hlusta á tónlist. Svo fékk hann að hafa gítarinn sinn hjá sér og það hefur stytt honum stundirnar að spila á hann.

Hann hefur verið að reyna að borða betur undanfarið, en hann er orðinn ansi rýr. Vitanlega er hann kvíðinn þótt hann láti það ekki mikið í ljós. Það er engin furða því saksóknarinn ætlar sér greinilega að koma honum á bak við lás og slá í mörg ár. Ég skil ekki hvað er eiginlega í gangi. Þetta er alveg skelfilegt. Maður vonar bara að kviðdómurinn sé mannlegur og geri ráð fyrir að fólk geti gert mistök af því það lætur vinskapinn og traustið ráða.“

Spurð um kunningsskap Guðbjarna Traustasonar við soninn segir Íris Inga að þeir séu búnir að vera vinir síðan í barnaskóla.

„Þarna var hann bara að gera vinum sínum greiða, eins og hann hefði gert hvenær sem Baddi hefði hringt í hann og beðið hann um að redda sér húsnæði, eins og í þetta skiptið. Hann vissi ekkert hvað þeir voru að aðhafast þegar þeir komu til Færeyja. Hvað varðar pakkann sem varð eftir þar þá skilst mér að Baddi hafi hálfþvingað hann til að taka hann að sér.“

jss@frettabladid.is



**EINANGRUNARKLEFINN** Í svona klefa hefur Íslendingurinn mátt sitja í einangrun í um það bil hálft ár. Myndin er úr fangelsinu í Þórshöfn, þar sem ungi maðurinn situr enn. MYND/DIMMALÆTTING




# SJÓNVÖRP TILBOÐ




## Dantax

**Dantax 40LCDV7**
40" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 2.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




enox.

**Enox LTV7315HD**
15" LCD SJÓNVARP me› 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 34.990




UNITED

**United LTV20L42**
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Digital Comb Filter, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 39.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990




MIRAI

**Mirai DTL522P201**
22" LCD BREIÐTJALD með 1680x1050 punkta upplausn, ChroMAX, Progressive Scan, HD Ready,700:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




UNITED

**United LTW27W63**
27" LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP me› 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam Stereó hljó›kerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr.109.990




JVC

**JVC LT26A61SV**
26" HD LCD BREIÐTJALD me› Progressive Scan, 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w Nicam stereó hljó›kerfi, textavarpi, 2 Scart (me› RGB), SVHS, CVBS, Component og PC tengi (DVI), heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 119.990




DynaPiX — 3D Cinema Sound

**JVC LT32A80ZU**
32" LCD BREI‹TJALD með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 24w Nicam Stereó hljóðkerfi með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr.129.990




JVC — DynaPiX — 3D Cinema Sound

**JVC LT42A80ZU**
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., DynaPix HD, 100 Hz Clear Motion Drive, HD Ready, 1.500:1 skerpu, 20w RMS MaxxAudio Nicam Stereó hljóðk., 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 189.990




GRUNDIG

**Grundig LXW1178735REF**
46" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT — ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Aðalfundur Straums

Aðalfundur Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. verður haldinn þriðjudaginn **15. apríl 2008** kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, sal A+B.

## Dagskrá:

**1**. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
**2**. Ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðanda bankans lagður fram til staðfestingar.
**3**. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
**4**. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir næsta starfsár og til endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
**5**. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
**6**. Stjórnarkjör.
**7**. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
**8**. Tillögur um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:
(A) að 2. málsl. 3. gr. verði breytt þannig að í stað orðsins „fjárfestingabönkum" komi orðið „bönkum",
(B) að ný grein 15. a bætist við, svohljóðandi: „Hver hluthafi á rétt á að taka til máls á hluthafafundi. Hafi stjórn ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn að hluta til rafrænt skulu hluthafar sem þannig taka þátt í fundi leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl. tengt fundinum eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.",
(C) að á eftir 2. mgr. 18. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi: „Félagsstjórn getur ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum. Skylt er þó að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafunda, bréflega eða rafrænt."
(D) að orðið „virkum" í 3. málsl. 1. mgr. 19. gr. verði fellt út.
**9**. Tillaga um endurnýjaða heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.
**10**. Önnur mál.

Dagskrá aðalfundarins, fundargögn, þ.m.t. ársreikningur bankans og endanlegar tillögur, munu liggja fyrir á skrifstofu bankans að Borgartúni 25, 6. hæð, til athugunar fyrir hluthafa frá og með deginum í dag, 8. apríl 2008.

**Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 16.00 í dag, þriðjudaginn 8. apríl 2008.** Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu bankans að Borgartúni 25 fyrir þann tíma. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Það er skilyrði þess að hluthafar geti beitt réttindum sínum á fundinum að nafn þeirra hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins á aðalfundardegi eða þeir færi með öðrum hætti fullnægjandi sönnur á hlutafjáreign sína.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á aðalfundardegi. Hluthafar geta greitt atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins rafrænt. Hluthafar sem hyggjast þannig greiða atkvæði þurfa að hafa aðgang að interneti í gegnum ADSL eða sambærilega tengingu.

**Nauðsynlegt er að tilkynna um rafræna þátttöku eigi síðar en kl. 16:00, mánudaginn 14. apríl 2008.** Nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í fundinum og tilkynningu vegna hennar má nálgast á heimasíðu félagsins, **www.straumur.net**

Fundurinn fer fram á ensku.

Stjórn Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf.

Borgartún 25 » 105 Reykjavík » Ísland » Sími: 585 6600 » Fax: 585 6601

Straumur


Afleiðingar hlýnunar:

# Malaríusmit skæðari

**FILIPPSEYJAR, AP** Afleiðingar loftslagsbreytinga kunna að steypa milljónum Asíubúa í fátækt, valda sjúkdómafaröldrum og hungursneyð. Við þessu varaði Shigeru Omi, yfirmaður Asíudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, í ræðu í tilefni af alþjóða heilbrigðisdeginum í Maníla á Filippseyjum í gær.

Omi sagði malaríu, niðurgang, vannæringu og flóð valda um 150.000 dauðsföllum árlega, þar af um helmingi í Asíu. Aukin útbreiðsla moskítóflugna, sem bera malaríusmit, er að hans sögn greinilegt merki um að hlýnun loftslags sé farin að hafa beinar afleiðingar á heilsufar manna.

- aa




**SHIGERU OMI** Segir hlýnun loftslags bitna á fátækasta fólkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STYRKJA ÞARF ÍMYNDINA** Svafa Grönfeldt, Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kynntu nefnd og skýrslu um ímynd Íslands í gær. Í máli Geirs kom fram að nefndarmennirnir sex hefðu ekki þegið greiðslur fyrir störf sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fyrirtæki kjósa að tengjast ekki Íslandi

**Ímynd Íslands er of veik og viðkvæm til að fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum telji hættandi á að tengja sig landinu. Nefnd um ímynd Íslands leggur til úrbætur að kynningar- og ímyndarstarfi.**

**STJÓRNMÁL** Núverandi fyrirkomulag alþjóðlegrar kynningar Íslands er óskýrt og óskilvirkt. Nefnd forsætisráðherra um ímynd landsins leggur til að komið verði á fót sérstökum vettvangi sem setji skýran ramma utan um ímyndar- og kynningarmál. Þar kæmu aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu, fjármálastarfsemi, menningarlífi og þekkingariðnaði til samstarfs við hið opinbera. Slíkt myndi auðvelda mótun og styrkingu ímyndar.

Í skýrslu nefndarinnar, sem kynnt var í gær, segir að fjölmargar rannsóknir hafi sýnt fram á mikilvægi ímyndar fyrir efnahag, afkomu og samkeppnishæfni þjóða. Ímynd geti verið byggð á staðreyndum, getgátum eða jafnvel ranghugmyndum. Ímynd Íslands megi skilgreina sem samsafn viðhorfa, tilfinninga og upplifana sem Íslendingar sjálfir og aðrir hafi um land og þjóð.

Að sögn Svöfu Grönfeldt, rektors Háskólans í Reykjavík og formanns nefndarinnar, leiddi vinna hennar meðal annars í ljós að íslensk fyrirtæki kjósi að tengjast ekki Íslandi. Þau hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að gera það ekki vegna veikrar og viðkvæmrar ímyndar landsins. Úr þessu þurfi að bæta.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sat í nefndinni. Hann veltir upp einni skýringu á ástæðum þess að íslensk fyrirtæki tengi sig ekki Íslandi. „Ef fyrirtæki hafa spyrt sig með ákveðnum hætti við okkar ágæta land þá eru þau komin undir duttlungum fjölmiðlaumfjöllunar um landið hverju sinni. Það er ekki alltaf heppilegt og hefur alls ekki verið heppilegt upp á síðkastið þegar umfjöllunin hefur verið neikvæð."

Eins og nú háttar til hvíla kynningar- og ímyndarmál á herðum margra. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir mikilvægt að samræma betur kraftana enda hafi þeim verið dreift um of. Allt slíkt starf verði þó að vera raunsætt. „Við verðum að miðla sterkri mynd af Íslandi, sem hefur innistæðu. Það er ekki hægt að búa til nýja ímynd, það verður að vera grundvöllur fyrir henni í landinu."

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að ákveðið hafi verið að fela vinnuhópi á vegum forsætis-, utanríkis-, menntamála- og iðnaðarráðuneyta að fjalla áfram um málið.

**bjorn@frettabladid.is**

## KRAFTUR, FRELSI, FRIÐUR

Nefndin leggur til að ímyndaruppbygging Íslands miði að því að skapa jákvæða og sterka ímynd af fólki, atvinnulífi, menningu og náttúru.

- Nefndin leggur til að kjarninn í ímynd Íslands sé kraftur, frelsi og friður.
- Nefndin leggur til að vettvangur ímyndarmála annist eftirfarandi verkefni:
- Fylgist með ímynd Íslands og þróun hennar.
- Miðli upplýsingum til uppbyggingar á sterkri og jákvæðri ímynd Íslands.
- Samræmi aðgerðir sem snerti ímyndarmál.
- Bregðist við neikvæðri umfjöllun sem snerti íslenska hagsmuni.
- Veiti opinberum aðilum og atvinnulífi þjónustu við framkvæmd ímyndar- og kynningarverkefna tengdra Íslandi.





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# Hörkutól

– með rykgrímu, hjálm og vinnuvettlinga

Samsung M110 farsíminn er nýjasta verkfærið í verkfærakassann. Honum er pakkað inn í sterkbyggða umgjörð sem er bæði ryk- og rakavarin (IP54) og hann er fullur af notadrjúgum aukabúnaði. Samsung M110 – er sannkallað hörkutól.

VGA myndavél
Vasaljós
Ryk- og rakavarinn (IP54)
Stereó FM-útvarp
Bluetooth
Innbyggður hátalari

SAMSUNG

Heildsöludreifing og þjónusta:
Skútuvogi 12c
TÆKNIVÖRUR

M110 fæst hjá eftirtöldum aðilum:
Síminn vodafone
auk viðukenndra söluaðila um land allt

Ferðaþjónustan vex:

## Velta tvöfaldast

**FERÐAÞJÓNUSTA Heildarvelta í hótel- og veitingahúsarekstri hefur aukist mikið á undanförnum sjö árum. Árið 2001 var heildarveltan tæplega 26 milljarðar króna en í fyrra var hún rúmlega 51 milljarður. Þetta kom fram á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar.**

**Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir vöxtinn í greininni hafa verið gríðarlegan undanfarin misseri. „Það sjá það allir að það hefur átt sér stað bylting á þessum sex árum í hótel- og veitingahúsarekstri. Fjöldi innlendra og erlendra ferðamanna hefur aukist mikið á þessum tíma,“ sagði Erna.** - mh

Byrjað að grafa fyrir verksmiðju í Vestmannaeyjum:

# Vatnsútflutningur frá Vestmannaeyjum

**IÐNAÐUR** Framkvæmdir vegna nýrrar verksmiðju Icelandic Global Water í Vestmannaeyjum hófust á sunnudaginn. Í verksmiðjunni verður vatni pakkað á umbúðir til útflutnings. Í fyrsta áfanga verður reist 500 fermetra hús og er fyrirhugað að það verði tilbúið í júní. Síðar verður annað 2.000 fermetra húsnæði reist við verksmiðjuna.

Húsið er smíðað erlendis og verður flutt til lands. Rík áhersla er lögð á að starfsemi verði hafin í júní. „Í júní eru fjörutíu ár liðin síðan fyrsta vatnsleiðslan kom yfir til Eyja, en þá lagði dallurinn að landi með hana. Við viljum minnast þeirra tímamóta með því að vera komnir í rekstur á afmælinu,“ segir Guðjón G. Engilbertsson, forsvarsmaður fyrirtækisins.



GUÐJÓN G. ENGILBERTSSON

Vatnið kemur frá Syðri-Mörk undir Eyjafjöllum.

Guðjón segir að verið sé að ganga frá samningum þannig að útflutningur geti hafist í sumar. Hann segir eftirspurnina eiga eftir að verða gríðarmikla. „Ég veit ekki hvort nægur markaður er í dag, eða á morgun, en hann á eftir að verða gríðarlegur. Menn eru farnir að öskra eftir vatni víða um heim, þannig að það verður ekki vandamál.“

Reiknað er með að fyrsta kastið verði fjórir til fimm starfsmenn við verksmiðjuna, en þeim muni fjölga. - kp



**BYRJAÐ AÐ MOKA** Framkvæmdir hófust á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**HERNES TOGAÐ ÚR ÞORLÁKSHÖFN** Sveitarstjórn Ölfuss hefur rætt við þjóðminjavörð og menntamálaráðherra um flutning bátasafns í Þorlákshöfn.

Sveitarstjórn Ölfuss:

## Vilja bátasafn í Þorlákshöfn

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar sveitarfélagsins Ölfuss hafa rætt við þjóðminjavörð og menntamálaráðherra um flutning bátasafns í Þorlákshöfn.

„Alls staðar hefur þeirri hugmynd að flytja bátasafn þjóðarinnar til Þorlákshafnar verið vel tekið en verkefnið hefur strandað á baklandinu. Ekkert hefur heyrst frá stjórnvöldum vegna þess. Sveitarfélagið Ölfus hefur margoft lýst yfir að þar er vilji fyrir að láta fé í verkefnið ef fjármagn kemur á móti frá ríkisvaldinu,“ segir í fundargerð bæjarráðs Ölfuss. - gar







# Talið er að tvö hundruð hafi látist eftir rafbyssuskot

**Verið er að kanna hvort lögreglan eigi að bera rafbyssur. Talið að 230 manns hafi látist eftir skot úr rafbyssu. Yrði okkur til háðungar, segir fyrrverandi nefndarmaður í eftirlitsnefnd á vegum Evrópuráðsins.**

**LÖGREGLA** Embætti ríkislögreglustjóra hefur nú til skoðunar hvort lögreglumenn eigi að bera rafbyssur við störf sín.

„Það yrði okkur einungis til háðungar ef við færum að beita þessum rafbyssum,“ segir séra Jón Bjarman, fyrrverandi fangelsis- og sjúkrahúsprestur. Hann sat frá árinu 1992 til 2000 í eftirlitsnefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (Committee for the Prevention of Torture).

„Meðan ég var í nefndinni sá ég nokkur dæmi þess að þær hefðu verið notaðar af lögreglumönnum. Ég veit að Evrópuráðið hafði gagnrýnt notkun þeirra, enda eru þetta pyndingatæki – það fer ekkert á milli mála.“

Pétur Hauksson geðlæknir, sem nú á sæti í nefndinni, segir alltaf hættu á að þessi vopn séu misnotuð. „Ég hef enga ástæðu til að ætla að svo verði ekki hér,“ bætir hann við. „Svo er það hitt að þeir sem lögreglan á í höggi við myndu bregðast við þessu jafnvel með því að vopnbúast betur sjálfir.“

Hann segir enn fremur að gjalda beri varhuga við markaðssetningu framleiðenda byssanna.

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, formaður Íslandsdeildar Amnesty International, segir að samtökin hafi þungar áhyggjur af því ef lögreglan fari að nota rafbyssur hér á landi. Í skýrslu Amnesty International segir að frá árinu 2001 til loka ársins 2007 hafi að minnsta kosti 230 manns beðið bana eftir að rafbyssunni var beitt á þá.

„Þar að auki hafa Amnesty International og fleiri gagnrýnt Nýja-Sjáland fyrir að taka þessar byssur í notkun. Það gæti því vel farið svo að Ísland kæmi til umfjöllunar í ársskýrslu Amnesty ef við færum að nota þessar byssur, en það hefur aldrei áður komið fyrir,“ segir Jóhanna.

Steinar Adolfsson, formaður Landssambands lögreglumanna, segir skiptar skoðanir um rafbyssurnar meðal lögreglumanna. „En ég tel nú að meirihlutinn sé frekar jákvæður gagnvart því að bæta þeim við valdbeitingartæki okkar,“ segir Steinar. „Það sem fyrir okkur vakir er að auka öryggi lögreglunnar. Rannsóknir hafa sýnt að þar sem þessi tæki eru notuð slasast lögreglumenn síður.“

Hann segir enn fremur að framleiðendur byssanna kannist ekki við það sem Amnesty International haldi fram, að 230 manns hafi látist af völdum þeirra.

„Sérfræðingar hjá ríkislögreglustjóra eru nú að afla nauðsynlegra gagna, meðal annars um þá hættu sem getur stafað af tækinu auk læknisfræðilegra rannsókna sem gerðar hafa verið,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra þegar hann fékk fyrirspurn um málið á Alþingi fyrir stuttu.

jse@frettabladid.is



**JÓNAS INGI PÉTURSSON** Rafbyssurnar hefðu áhættu í för með sér svo skoða þarf vel alla fleti málsins áður en ákvörðun er tekin um að nota þær, segir framkvæmdastjóri rekstrar hjá embætti ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Sérsveitin lýkur forathugun

Sérsveit lögreglunnar hefur lokið forathugun á því hvort hagkvæmt sé fyrir lögreglu og sérsveitarmenn að bæta rafbyssum í hóp valdbeitingartækja sinna. Að sögn Jónasar Inga Péturssonar framkvæmdastjóra rekstrar hjá embætti ríkislögreglustjóra taka nefndarmenn í tækja- og búnaðarnefnd rískislögreglustjóra skýrsluna fyrir og skila síðan áliti sínu. „Spurningin sem við leggjum til grundvallar er sú hvort notkun þessa tækis muni auka öryggi borgaranna og lögreglumanna í starfi,“ segir hann.

Ef niðurstaðan leiðir í ljós að byssurnar henti lögreglu og sérsveit fer málið til nánari skoðunar og verður þá leitað eftir samstarfi við aðrar stofnanir. Ef niðurstaðan er jákvæð eftir þá skoðun fer málið til dómsmálaráðherra sem tekur endanlega ákvörðun.

„Á Bretlandi, þar sem lögreglan nýtir sér þetta vopn, tók þetta ferli um það bil tvö ár,“ útskýrir hann.

„Við erum fullkomlega meðvitaðir um það að öll valdbeitingartæki lögreglu hafa í för með sér áhættu. Það er einmitt þess vegna sem við förum mjög gaumgæfilega yfir hlutina þegar við erum að skoða svona búnað.“

Spurður hvort beiting þessara vopna yrði ekki aðeins til þess að þeir sem komast í kast við lögin færu að beita enn frekari hörku segir Jónas Ingi: „Lögreglan býr við síbreytilegt umhverfi og verður að ígrunda vel hvernig bregðast skal við aðstæðum hverju sinni.“

- jse



**KYNDILBERI** Stephane Diagana, heimsmeistari í 400 metra hlaupi frá árinu 1997 og formaður samtaka fransks frjálsíþróttafólks, með Ólympíukyndilinn á lofti við Eiffelturninn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hollensk mynd um Kóraninn:

## Hefur rétt til að gagnrýna Íslam

**HOLLAND, AP** Hollenskur dómstóll hefur komist að þeirri niðurstöðu að engar forsendur séu til að banna dreifingu andíslamskrar stuttmyndar á netinu.

Í stuttmyndinni „Fitna“ eftir hinn hægrisinnaða þingmann Geert Wilders er leitast við að sýna fram á sterk tengsl milli hryðjuverkaárása múslima víðs vegar um heim og innihalds Kóransins.

Fulltrúar hollenskra múslima hafa brugðist ókvæða við efnistökum myndarinnar. Fóru þeir fram á lögbann á dreifingu hennar á netinu á þeim forsendum að hún væri móðgandi í garð múslima, en dómari í Haag úrskurðaði á mánudag að almennt málfrelsi tryggði Wilders rétt til að gagnrýna Kóraninn og íslam.

- kg





MacBook Air.

Örþunn, fislétt og kann líka Windows.

MacBook Air er komin til landsins.
Komdu og sjáðu með eigin augum í Apple-versluninni á Laugavegi 182.

MacBook Air 1,6 GHz
13,3" hágljáa skjár | Þráðlaust netkort (802.11n)
Intel Core 2 Duo | Bluetooth / iSight
80 GB | 0,4–1,94 cm þunn / 1,36 kg
2 GB | 5 klst. rafhlöðuending
1280 x 800 dílar
219.990

MacBook Air 1,8 GHz
13,3" hágljáa skjár | Þráðlaust netkort (802.11n)
Intel Core 2 Duo | Bluetooth / iSight
80 GB | 0,4–1,94 cm þunn / 1,36 kg
2 GB | 5 klst. rafhlöðuending
1280 x 800 dílar
249.990

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 | Laugavegi 182 | Kringlunni
www.apple.is | 105 Reykjavík | 103 Reykjavík

Apple IMC




# SKRÁNING FYRIR HAUSTÖNN 2008 HAFIN!

Ekki bíða með að skrá þig - Fyrstir koma fyrstir fá

## TVÆR ANNIR

### *Sölu-, markaðs og rekstrarnám 396 stundir*

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta er lögð áhersla á rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eru með eigin rekstur.

### *Skrifstofu- og rekstrarnám 462 stundir*

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á þremur námskeiðum sem öll styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

### *Skrifstofunám og hönnun 414 stundir*

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsinga-stofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

### *Sölunám og hönnun 420 stundir*

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja söluferlið.

## EIN ÖNN

### *Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir*

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

* Alþjóðlegt prófskírteini (ECDL) í tölvufögunum.

### *Sölu- og markaðsnám 264 stundir*

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðs-fræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### *Fjármála- og rekstrarnám 132 stundir*

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Lögð er áhersla á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

NÝTIST SEM UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM

**INNRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

## „ORÐRÉTT“

### Velkomin á Apaplánetuna

**„Útkoman fram að þessu er slík að api í pílukasti kæmist að eðlilegri niðurstöðu en núverandi borgarstjórn.“**

JÓN TRAUSTI REYNISSON, RITSTJÓRI DV.

**DV 7. apríl**

### Auglýst eftir stöðugleika

**„Best væri að fyrst færu fram kosningar en ef ekki næst samstaða um það þarf ríkisstjórnin að segja af sér.“**

GUÐNI ÁGÚSTSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS.

**Morgunblaðið 7. apríl**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓSKAR TORFASON FRAMKVÆMDASTJÓRI

## *Heldur afmæli ef fiskirí leyfir*



„Héðan af Drangsnesi er allt fínt að frétta,“ segir Óskar Torfason, framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Drangs. „Það hefur verið óvenju snjólétt hjá okkur í vetur, mun minna en við eigum að venjast. Fyrir austan og sunnan okkur hefur verið töluvert af snjó, en ekki hér. Ég held bara að það hafi aldrei verið ófært suðurúr til Hólmavíkur í vetur, þótt tíðarfarið hefði nú mátt vera betra.“

Aflabrögð hafa verið með besta móti á Drangsnesi og ekki yfir neinu að kvarta á þeim bænum. „Það hefur gengið ágætlega að fiska eftir áramót og verkefnastaðan hjá okkur er góð. Nú er grásleppan fram undan og fyrstu tunnurnar komu á land um síðustu helgi og það er alltaf viðburður hjá okkur. Við söltum hrogn fyrir báta víðs vegar hér að svo það er nóg að gera hjá okkur. Þá barst góður afli á land úr Grímsey ST 2 sem er snurvoðarbátur. Það er því bjart fram undan hjá okkur og ekki síst á meðan gengið er svona.“

Óskar er ekki bara upptekinn í vinnunni heldur er nóg að gera í einkalífinu líka. „Við fjölskyldan förum að huga að fríi þegar líður á sumarið og svo verð ég fimmtugur upp úr hvítasunnunni. Meiningin er að halda upp á það um hvítasunnuna, ef heilsan og guð lofar. Já og ef það verður ekki of mikið fiskirí þannig að maður hafi engan tíma.“

## FACEBOOK:
### VARÐ TIL Á HEIMAVIST

Samskiptasíðan Facebook komst í gagnið 4. febrúar árið 2004. Stofnandi síðunnar, Mark Zuckerberg, var þá 19 ára gamall og útbjó hann fyrirbrigðið inni á herbergi sínu í Harvard. Hann hafði hugsað síðuna til að auðvelda fyrrverandi og núverandi nemendum í Harvard samskipti í framtíðinni. Hugmyndin vatt þó fljótt upp á sig. Notendur Facebook nú eru um 66 milljónir talsins og stofnandi síðunnar er yngsti milljarðamæringur heimsins. Hann er nú númer 785 á lista Forbes yfir ríkasta fólk veraldar en áætlað er að fyrirtækið sé um 15 milljarða dala virði.

**tilveran**
*nær og fjær*

## SJÓNARHÓLL
**LEIGUFLUG RÁÐHERRANNA**

## *Bitamunur en ekki fjár*



**SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON** Blaðamaður

„Smámál kalla á sterk viðbrögð,“ segir Sigurður Bogi Sævarsson, blaðamaður hjá Athygli. „Umræða um einkaþotuflug ráðherranna er smáborgaralegt fjas. Tími ráðamanna er mikilvægur og hvað varðar flugið til Búkarest þá var munurinn á kostnaði í einkaflugi og áætlunarflugi bitamunur en ekki fjár. Það er ástæðulaust að fjargviðrast yfir þessu. Við verðum líka að taka tillit til tímasparnaðar sem fylgir einkaflugi. Hvað varðar flugið til Svíþjóðar þá hélt ég þó að ferðir til Norðurlandanna væru það tíðar og auðvelt að brúa ýmsa leggi í gegnum Kaupmannahöfn eða Stokkhólm að einkaflug í Norðurlandaferðum væri óþarfi. En ekkert er nýtt undir sólinni. Einkaferðir með ráðamenn úr öllum flokkum, til dæmis með varðskipum og flugvél Flugmálastjórnar, tíðkuðust lengi og þóttu sjálfsagðar. Ætli slíkt sé aflagt?“

# Unglingsstúlkur fróðari um ofbeldi

**Kynbundinn munur er á þekkingu barna og unglinga á heimilisofbeldi. Rannsóknin Þekking barna á ofbeldi á heimilum sem unnin er af átta konum, nemum og kennurum við Kennaraháskóla Íslands sýnir að þekking þeirra er mikil.**



**NÁKVÆMARI Í SVÖRUM UM HEIMILISOFBELDI** Guðrún telur að stúlkur sæki frekar í þekkingu um heimilisofbeldi en drengir. NORDICPHOTOS/GETTY

Í rannsókn sem hófst árið 2006 og stendur enn yfir um þekkingu barna á ofbeldi inni á heimilum kemur fram að stúlkur virðast fróðari um ofbeldið en drengir. Guðrún Kristinsdóttir, prófessor í uppeldisgreinum við KHÍ, segir að samkvæmt spurningalistum sem lagðir voru fyrir börn og unglinga frá fjórða til tíunda bekkjar grunnskólanna að þekking þeirra á heimilisofbeldi sé umtalsverð. 1.125 börn og unglingar tóku þátt og var svarhlutfallið rúm 68 prósent. „Leynd heimilisofbeldis tengist einkum aðstæðum þar sem verið er að beita ofbeldinu. Þetta er þó að komast mun meira upp á yfirborðið í samfélaginu,“ segir Guðrún.

Tveir spurningalistar voru lagðir fyrir tvo mismunandi aldurshópa, annar fyrir nemendur í fjórða til sjötta bekk og hinn fyrir nemendur í sjöunda til tíunda bekk. Um 70 prósent yngri svarendanna höfðu heyrt um orðið heimilisofbeldi en 94 prósent þeirra eldri. „Þegar þau voru spurð hvað þau héldu að fælist í orðinu heimilisofbeldi voru svörin aðallega líkamlegt ofbeldi. Unglingsstúlkurnar nefndu gerandann mun oftar og þær voru nákvæmastar í svörum sínum,“ segir Guðrún. Þátttakendurnir mátu ofbeldið líkt óháð kyni geranda. „Við höldum að stúlkur séu að sækja í þekkinguna, það getur verið vegna þess að þær vita að konur eru meira beittar ofbeldi en karlar, vegna ótta eða óöryggisleysis, eða að þær vilja ekki lenda í þessu sjálfar. Á hinn bóginn má líta á þekkingarleit þeirra sem styrk. Ástæðurnar koma ekki fram í spurningalistunum en við sjáum það skýrt að kynin tjá sig ólíkt um þekkinguna.“



**GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR**

Íslensku spurningalistarnir voru gerðir eftir breskri fyrirmynd en aðlaga þurfti orðalag einstakra spurninga og huga að félagslegu samhengi. „Dæmi um spurningu úr bresku spurningarlistunum er til dæmis hvort viðkomandi sé svartur, blandaður eða hvítur og okkur þótti það ekki eiga við enda spurðum við frá hvaða landi foreldrarnir væru í staðinn,“ segir Guðrún. Tæpur fjórðungur svarenda sagðist þekkja einhvern sem hefði orðið fyrir heimilisofbeldi. „Foreldrar þurfa að svara spurningum þegar þær koma, horfa á sjónvarpsefni með krökkunum og það þarf að auka samræður inni á heimilunum. Krakkarnir eru aðallega að heyra um heimilisofbeldi í blöðum, sjónvarpi og í skólanum.“ **- áb**


## Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Himinn og haf / SÍA

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


Forseti Íslands hlýtur Nehru-verðlaunin, æðstu viðurkenningu Indverja:

# Í fótspor King og Mandela

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hlýtur Nehru-verðlaunin, æðstu viðurkenningu sem Indverjar veita, fyrir árið 2007. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi á Bessastöðum í gær.

Nehru-verðlaunin eru árlega veitt einstaklingum fyrir mikilsvert framlag til alþjóðlegrar samvinnu og vináttu milli þjóða. Meðal þeirra sem hlotið hafa verðlaunin eru Martin Luther King, Nelson Mandela og Móðir Teresa. Í fyrra var verðlaunahafinn Luiz Inácio Lula da Silva, forseti Brasilíu.

Ólafur Ragnar sagðist djúpt snortinn og þakklátur er hann ávarpaði blaðamenn á Bessastöðum: „Það er mikill og óvæntur heiður að verða viðtakandi þessarar æðstu viðurkenningar Indverja, sem kennd er við einn fremsta leiðtoga sjálfstæðisbaráttu Indlands á síðustu öld. Ég mun reyna að sýna fram á að ég sé verðlaunanna verður og þeirrar miklu ábyrgðar sem þeim fylgja.“

Í yfirlýsingu sem birt var í Delí í gærmorgun er vísað til náinnar samvinnu Ólafs Ragnars við indversk stjórnvöld í aldarfjórðung, allt frá því hann heimsótti landið fyrst árið 1983, auk þess sem vikið er að forystustörfum Ólafs Ragnars á alþjóðavettvangi.



**TILKYNNT UM VERÐLAUNAHAFA NEHRU-VERÐLAUNANNA 2007** Ólafur Ragnar Grímsson og Mahesh Sachdev, sendiherra Indlands á Íslandi, í gær þegar Ólafi var tilkynnt að hann hlyti Nehru-verðlaunin í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verðlaunum fylgir fjárupphæð sem nemur ríflega níu milljónum íslenskra króna. Ekki hefur verið ákveðin dagsetning fyrir afhendinguna. **- kg**

# Innbyggð WC



**Óbreytt verð! Engar hækkanir!**

## 36.900,-

*Innifalið í verði:*

- Innbyggingar WC kassi
  - hár eða lár
- WC skál með harðri setu
- Sturtuspjald
- Affallsrör, beint og bogið
- Barki fyrir vatnsinntak
- WC kassi fulltengdur
- Festingar uppi og niðri
- Viðurkenndir af BS - TÜV - NF

Val á sturtuspjaldi, skál og setu



KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR
MARGAR STÆRÐIR

# Handklæðaofnar



### HVÍTIR OFNAR Í BOGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hvítur boginn | 700x450 mm | 8.400,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 760x550 mm | 9.700,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 800x500 mm | 11.800,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 970x450 mm | 12.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1120x550 mm | 14.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1320x500 mm | 15.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1450x450 mm | 16.500,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1450x500 mm | 16.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x450 mm | 17.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x500 mm | 18.500,- | stgr. |

### KRÓMAÐIR OFNAR Í BOGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Króm boginn | 700x450 mm | 14.700,- | stgr. |
| Króm boginn | 700x500 mm | 15.400,- | stgr. |
| Króm boginn | 760x550 mm | 10.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 970x450 mm | 21.800,- | stgr. |
| Króm boginn | 1120x550 mm | 23.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1200x550 mm | 25.400,- | stgr. |
| Króm boginn | 1320x500 mm | 32.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1450x500 mm | 34.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1760x500 mm | 43.900,- | stgr. |

*Verð sem kemur á óvart!*

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Al Gore og loftslagsumræðan:

## Gagn og ógagn „alarmisma“

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Verið hrædd! Heimurinn er að bráðna! Hundruð milljóna manna munu lenda á vergangi vegna loftslagsbreytinga!

Það er út á svona upphrópanir sem Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hefur skapað sér nýjan grundvöll heimsfrægðar. Þær hafa meira að segja fært honum friðarverðlaun Nóbels. Sú ákvörðun norsku Nóbels-nefndarinnar var einmitt rökstudd þannig að með því að vekja ráðamenn heimsbyggðarinnar í nútímanum til vitundar um loftslagsbreytingarnar væri skapaður þrýstingur á þá að gera það sem í þeirra valdi stæði til að fyrirbyggja það að til þess kæmi að hundruð milljóna manna lentu á vergangi í framtíðinni, því slík þróun myndi augljóslega leiða til ófriðar og hörmunga.

Frá því Gore gerði víðfræga kvikmynd sína „Óþægilegur sannleikur“ fyrir tveimur árum hefur hann ferðast um heimsbyggðina og flutt fólki boðskap sinn í máli og myndum. Í gær flutti hann Færeyingum pistilinn. Og í dag er röðin komin að Íslendingum.

*Það er fyrst með alarmisma sem athygli fjöldans næst.*

Meðverðlaunahafar Gores, þær þúsundir vísindamanna frá öllum heimshornum sem tekið hafa þátt í starfi Vísindaráðgjafarnefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, IPCC, nálgast þetta viðfangsefni með ólíkum hætti en hann. Þeir vilja ekki fullyrða meira en staðreyndir gefa tilefni til, og hvað telst vera staðreynd koma þeir sér fyrst saman um. Þeir ástunda ekki upphrópanir um að við mannkyninu blasi ógn og skelfing vegna eigin óhófsneyzlu á gæðum jarðar. Með öðrum orðum ástunda þeir ekki „alarmisma“. Enda eru nógu margir aðrir til að taka það hlutverk að sér. Og það er reyndar gott að einhver geri það, því það er fyrst með „alarmisma“ sem athygli fjöldans næst. Varlega orðaðar málamiðlunarformúleringar vísindamannanna eru miklu síður til þess fallnar.

Boðskapur Al Gore er ótvíræður alarmismi. Sem dæmi má nefna að í „Óþægilegum sannleika“ fullyrðir Gore að hlýnun loftslags sé svo hröð að Grænlands- og heimskautaísinn sé óðum að bráðna og það geti á þessari öld leitt til allt að sex metra (tuttugu feta) hækkunar sjávarmáls. Það muni sökkva heilu milljónaborgunum í öllum heimsálfum. Í skýrslu IPCC er hins vegar ekki neinar þær upplýsingar að finna sem réttlæta slíka heimsendaspá. Þar segir öllu heldur, að sjávarmál kunni að hækka á þessari öld um 18-59 sentímetra. Gore gerir líka mikið úr þeim möguleika að Golfstraumurinn stöðvist þótt fræðimenn telji hann afskaplega ósennilegan.

Alarmismi grundvallaður á ýkjum og oftúlkunum er gagnrýniverður. Hann kann jafnvel að hafa þveröfug áhrif. En að sama skapi er varhugavert að gera lítið úr loftslagsvandanum, eins og ýmsir af hörðustu gagnrýnendum Gores hafa tilhneigingu til að gera. Það er hollt að hugsandi fólk um allan heim rökræði fordómalaust um þetta viðfangsefni. Að gera það að trúaratriði pólitískrar rétthugsunar gagnast hins vegar engum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Náttúrulegur kraftur

Skýrsla nefndar forsætisráðherra um ímynd Íslands, styrk hennar, stöðu og stefnu var kynnt í Hafnarhúsinu í gærmorgun, að viðstöddum forsætis- og utanríkisráðherra. Í skýrslunni kemur fram að lykilatriðin í ímynd Íslands séu náttúrulegur kraftur, frelsi og friður. Það birtist í náttúru landsins, fólki, atvinnulífi og menningu. Eflaust er það þessi náttúrulegi kraftur sem knýr vörubílstjóra áfram þessi dægrin, en að fundinum loknum höfðu þeir lagt fyrir ráðherrabílana í Tryggvagötu og gerðu sig ekki líklega til að hleypa þeim burt.



### Ingibjörg sektuð

Þótt bílstjórarnir létu reyndar ófriðlega féllu mótmæli þeirra að ímynd Íslands að því leyti að þeir höfðu fullt frelsi til athafna; að minnsta kosti gerði lögreglan sig ekki líklega til að færa þá í járn þótt þeir „færu um með ofbeldi og lögbrotum,“ eins og forsætisráðherra komst að orði í viðtali við blaðamenn. Gallvaskur stöðumælavörður lét aftur á móti ekki sitt eftir liggja og sektaði bílstjórana fyrir að leggja ólöglega. Hann fór heldur ekki í manngreinarálit og setti sektarmiða í framrúðu bíls utanríkisráðherra, sem var lagt ólöglega fyrir framan Hafnarhúsið.



### Fóru fótgangandi

Nú voru góð ráð dýr því bæði Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir höfðu öðrum hnöppum að hneppa. Þau sáu sér því þann kost vænstan að yfirgefa Hafnarhúsið gangandi og skilja bílana eftir þar til vörubílstjórarnir væru á bak og burt. Viðstaddur var fréttamaður breska ríkisútvarpsins, BBC, og mun hann sjálfsagt miðla því sem hann sá til Breta. Kannski verða ráðherrar á hlaupum undan fúlum vörubílstjórum hluti af alþjóðlegri ímynd Íslands áður en langt um líður.

bergsteinn@frettabladid.is

# Að deila kjörum



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** | Kreppa

Svissneskur listnemi sem var hér um áramót fyrir hartnær tuttugu árum átti ekki orð yfir flugeldana sem skotið var á loft. Ég laug því að henni að hér væri hefð að kaupa flugelda fyrir allan peninginn sem maður ætti eftir við áramót og hefja hvert ár á núlli. Henni fannst það frábær hugmynd. Ég var svo ung og vitlaus að ég gerði mér ekki grein fyrir því að flestir byrjuðu hvert ár í mínus og hefðu verið alsælir með að geta byrjað það á núlli.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og ég hef bæði elst og þroskast. Eitt á ég þó alltaf erfitt með og það er að safna skuldum. Ég tamdi mér ung að lifa ekki um efni fram því það skiptir meira máli hvað fer út úr seðlaveskinu en það sem kemur inn í það.

**Frekar slátur en villibráð**

Ég veit í hjarta mínu að ég er mun betri í kreppu en góðæri. Kaloríusnautt kreppufæði er sérgrein mín. Þegar ég sé allt úrvalið af villibráð í kælum stórmarkaðanna fer um mig hrollur. Má ég þá biðja um slátur, sem ég tek sjálf, eða pastasalat með góðum vinum. Ég er hvorki nógu mikill nautnaseggur né eyðslukló til að njóta mín í góðærinu. Kreppan á betur við mig. Þá fæ ég engar athugasemdir þó ég gangi áttunda árið í röð í kápunni minni eða eigi bara tvenn stígvél, önnur svört, hin brún. Þá verður aftur dyggð að spara og ég nýt mín til fulls. Þá verður aftur hægt að bjóða heim gestum án þess að þurfa að hafa þríréttað og sérvalin vín með öllum réttum. Og listgreinin að gera góð kaup verður hafin aftur til vegs og virðingar.

Ég er á fullu að búa mig undir kreppuna. Með nokkrum endurbótum á íbúðinni og páskaferð til Kína mun mér takast að saxa verulega á sparnaðinn sem myndaðist í góðærinu. Ég held að ég hafi þó ekki nægan tíma til að safna miklum skuldum, en ég reyni. Ég skal axla mína ábyrgð á skuldum heimilanna.

*Ég tamdi mér ung að lifa ekki um efni fram því það skiptir meira máli hvað fer út úr seðlaveskinu en það sem kemur inn í það.*

**Jarðsamband á flugi**

Nú er komið nýtt viðmið yfir það að deila kjörum með einhverjum. Það er að vera á sama tíma í Leifsstöð eða annarri alþjóðlegri flugstöð. Standa saman í röð, bíða eftir flugvél og sækja töskurnar á sama færibandið. Samkvæmt málflutningi þingmanns Vinstri grænna táknar það að ráðherrar taki einkaþotu fram yfir ferðamáta meirihluta þjóðarinnar að þeir vilji ekki deila kjörum með henni.

Ég sá einn helsta auðmann þjóðarinnar um daginn á Heathrow, hann drakk kaffi á sama kaffihúsi og ég. Ég gerði mér alls ekki grein fyrir að með því deildum við kjörum. Þegar ég lendi við hlið hans á göngubretti í Laugum gerum við líklega slíkt hið sama. Hann nær jarðsambandi við að berja mig augum og ég sannfærist um að á Íslandi ríki jöfnuður. Þjóðin, samkvæmt Vinstri grænum, ferðast með Icelandair eða Iceland Express og ráðherrar eiga að gera slíkt hið sama. Þótt þeir fari í sérróð, sitji í Saga Lounge meðan við rápum um Leifsstöð og sitji á Saga Class meðan við reynum að koma löppunum fyrir í þröngum sætaröðunum í almenningsfarrýminu þurfa þeir að hanga við sama færibandið og bíða eftir töskunum og gætu þá þurft að blanda geði við kjósendur sína, þjóðina.

Hvað með þann hluta þjóðarinnar sem aldrei fer til útlanda? Telst hann ekki með? Hvar eiga ráðherrar að deila kjörum með honum? Í biðröðinni í Tryggingastofnun eða Bónus? Nægja kannski vinnustaðaheimsóknir á fjögurra ára fresti? Með allri virðingu fyrir ráðherrum okkar og þingmönnum þá held ég að það sé langt síðan þeir deildu kjörum með þjóðinni. Mér finnst skipta meira máli hvernig þeir greiða atkvæði þegar kosið er um breytingar á lögum um almannatryggingar en hvernig þeir ferðast um heiminn. En ég er líka svo ómórölsk að ég myndi þiggja far með einkaþotu ef mér byðist það því mér leiðist svo að hanga á flugvöllum.

Það er einn kostur við kreppuna að maður hefur síður efni á því að ferðast og losnar við þá kvöl. Eða er ekki dagskipunin sú að sjá hið jákvæða við málið? Ég viðurkenni lesandi góður að þó að ég taki ávallt undir í Allt eins og blómstrið eina: Kom þú sæll, þá þú vilt, þá er eins með hann og kreppuna. Ég vona að hann komi alls ekki strax og helst ekki til mín og minna.

# Hver er loddarinn?

**UMRÆÐAN**

Loftslagsmál



ÁRNI FINNSSON

Undanfarin misseri hefur hinn kunni fjölmiðlamaður, Egill Helgason, tekið undir með öfgahægrimönnum á Íslandi og í Bandaríkjunum um að vísindalegar niðurstöður um loftslagsbreytingar séu fyrst og fremst dómsdagsspár og svartagallsraus.

Þegar tilkynnt var að Al Gore og loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC) fengju friðarverðlaun Nóbels brá Egill á það ráð að kalla til Hannes Hólmstein Gissurarson til að setja sjónvarpsáhorfendur inn í þessa umræðu og má nærri geta að þar voru Gore ekki vandaðar kveðjurnar. Nú þegar Gore er væntanlegur til landsins, kallar Egill svo á Glúm Jón Björnsson sem hefur lengi verið í fararbroddi afneitunarsinna til að sannfæra sjálfan sig um að Gore væri bara „alarmisti“ í loftslagsmálum. Egill hefur mikla andúð á meintum alarmistum nema þegar hann sjálfur fjallar um íslamista – þá dregur hann ekki af sér.

Glúmur Jón gat þó varla nefnt nokkuð um málflutning Al Gore sem ekki væri sannleikanum samkvæmt en tókst þó að finna eitt atriði sem ekki er að finna í nýjustu skýrslu IPCC, sem deildi Nóbelsverðlaununum með Gore. Ástæðan er einföld, í mynd Gore, „Óþægilegur sannleikur“, eru teknar með nýjustu vísindarannsóknir sem ekki hafa enn verið teknar fyrir af hálfu IPCC.

Hið ánægjulega er þó að Glúmur Jón er farinn að leggja trúnað á IPCC, sem kvað upp úr með það í fyrra að ótvírætt sé að loftslagsbreytingar eigi sér nú stað og að yfirgnæfandi (yfir 90%) líkur séu á að þær séu af mannavöldum.

Nýlega gaf The Union of Concerned Scientists út skýrslu um hvernig Exxon Mobil hefði tekist að hafa áhrif á umræðuna vestra um loftslagsbreytingar með keyptum vísindum, „Tobacco Science“ er þetta kallað því það minnir á vísindi sem tóbaksfyrirtæki keyptu til að afneita tengslum reykinga og ýmissa sjúkdóma. Skýrsluna má lesa á vefsíðu þessara samtaka, http://www.ucsusa.org/news/press_release/ExxonMobil-GlobalWarming-tobacco.html. Það eru einungis áhangendur þessara fræða sem Egill kallar til þegar hann vill ræða loftslagsbreytingar. Hver er þá loddarinn?

*Höfundur er formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.*

**Háskólinn** í Reykjavík hefur opnað fyrir umsóknir í grunnnám í íþróttafræðum. Um er að ræða þriggja ára BS-nám og fer námið fram í Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ. Áhugasamir geta aflað sér frekari upplýsinga um námið á www.hr.is.



**Heilsuhúsið** á Selfossi heldur 15. apríl næstkomandi námskeið um hvernig eigi að útbúa einfaldan mat fyrir börn frá sex mánaða aldri. Einnig er farið yfir á hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær. Umsjónarkona námskeiðsins er Ebba Guðný Guðmundsdóttir.



**Hugar-far** að betri stað í lífinu? er yfirskrift á fyrirlestri sem heilsufræðingurinn Matti Ósvald heldur í Manni lifandi í Borgartúni 24 klukkan 17.30 15. apríl. Er hann ætlaður fólki sem vill gera gagngerar breytingar á lífi sínu. Hægt er að skrá sig á námskeiðið með því að senda tölvupóst á madurlifandi@madurlifandi.is.




HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu

LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR

ALLTAF BESTA VERÐIÐ
BORÐSTOFU-HÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200

FRAMLEIÐUM
Sófasett, hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
ATH . verðið kemur á óvart
Verðdæmi: Sófar 3+1+1 = 99.900 kr
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Ragnhildur Sif Reynisdóttir ætlar sér í magadansinn með sumrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Magadansinn heillar

***Ragnhildur Sif Reynisdóttir gullsmiður er í mastersnámi í skartgripahönnun en gefur sér þó tíma til að sinna heilsunni.***

Ragnhildur Sif hefur stundað heilsurækt og dans árum saman en hún stundar nú nám í skartgripahönnun í Englandi og flýgur á milli. Hún gefur sér tíma til að fara í ræktina og í kraftgöngu en magadansinn þurfti að víkja í bili.

„Ég er bara svo önnum kafin núna en ég byrjaði í magadansi fyrir mörgum árum. Svo þegar ég byrjaði í náminu þurfti ég að velja og hafna og tók magadansinn út af dagskránni tímabundið," segir Ragnhildur Sif. Hún vonast þó til að komast í dansinn aftur með sumrinu því hann eigi vel við sig.

„Ég er algjört dansfífl og verð að dansa. Magadansinn hefur alveg heillað mig og ég mæli hiklaust með honum til að fá liðleika í mjaðmirnar. Kærastinn minn, sem er sjúkraþjálfari, segir æfingarnar í dansinum frábærar fyrir líkamann. Hann lærði meira að segja nokkur spor sjálfur sem hann tekur öðru hvoru því þetta er svo gott fyrir mjóbakið."

Ragnhildur Sif segist dugleg við að prófa eitthvað nýtt og eru samkvæmisdansar, salsa, jóga og hugleiðsla á afrekaskránni. Hún stundar nú kraftgöngu með systur sinni tvisvar í viku auk þess að fara í ræktina og eróbikk.

„Það eru fimm ár síðan ég byrjaði í kraftgöngunni og við systir mín göngum með stafi í klukkutíma í senn. Á sumrin er mjög gaman að fara í göngur um landið en við fórum í fyrra frá Hveragerði yfir til Þingvalla og ætlum að reyna að fara árlega í svona göngur. Svo þegar ég er í stuði hérna heima þá stunda ég jóga og hef gert það síðan ég var sautján ára."

Ragnhildur hætti að borða rautt kjöt þegar hún var unglingur og þolir illa mjólkurvörur svo hún þarf að hugsa vel um mataræðið. Hún borðar fisk, kjúkling og mikið af grænmeti og er dugleg að drekka vatn en slakar þó á reglunum um helgar.

„Það hefur alltaf skipt mig miklu máli að vanda mataræðið. Dagana sem ég fer á æfingu fæ ég mér oft orkudrykki í hádeginu en það getur verið gott þegar maður er önnum kafinn að grípa í svona drykki. Þannig fæ ég góða orku og fullt af vítamínum. Svo eru nammidagar um helgar, þá slappar maður af og borðar pitsur og nammi og hefur þetta aðeins öðruvísi en hina dagana."

*heida@frettabladid.is*


APRÍL
Kafbátur mánaðarins
Krabbabátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í apríl 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY
17 Subway staðir um allt land






**Golf** er holl hreyfing sem allir geta stundað. Nú er tíminn til að dusta rykið af kylfunum og slá nokkra bolta. Athugið að snyrtilegur klæðnaður er æskilegur.

# Heimaleikfimi er heilsubót

***Halldóra Björnsdóttir hefur séð um morgunleikfimina á Rás 1 í rúm tuttugu ár.***

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Halldóra Björnsdóttir segir morgunleikfimina einstaklega gefandi hugsjónastarf.

„ Jónína Ben bauð mér verkefnið fyrir rúmum tuttugu árum. Ég fékk sólarhrings frest, fór. síðan í prufu og er hér enn," segir Halldóra Björnsdóttir, sem hefur umsjón með morgunleikfiminni á Rás 1 virka daga klukkan 9.45.

Halldóra er menntaður íþróttafræðingur frá háskólanum í Alberta í Kanada. Þar sérhæfði hún sig í íþrótta- og líkamsþjálfun fatlaðra. Þegar heim var komið tók hún síðan kennsluréttindi frá Háskóla Íslands og masterspróf í uppeldis- og menntunarfræði á sviði forvarna. Auk þess að sinna morgunleikfimi er Halldóra framkvæmdastjóri Beinverndar og í hálfu starfi hjá rannsóknarstofu í öldrunarfræðum.

„Markhópur leikfiminnar er fólk sem er heima á þessum tíma. Bæði eldra fólk, öryrkjar og jafnvel foreldrar í orlofi," útskýrir Halldóra, sem segir mikilvægt að ná til fólks sem hreyfi sig lítið. „Eldri kynslóðin fer lítið á líkamsræktarstöðvar og þess vegna er gott að vera með venju í hversdagsleikanum; til dæmis að nota stiga í stað lyftu og ganga í stað þess að keyra ef hægt er," segir Halldóra, sem segir að útvarpsleikfimin geti einnig verið fín viðbót við aðra heilsurækt. „Ég hef fengið ótal kveðjur frá dyggum þátttakendum. Meira að segja frá 4. bekk í Varmalandsskóla í Borgarfirði sem gerir alltaf morgunleikfimina. Kennarinn segir þetta skemmtilega venju og krökkunum finnst þetta tilbreyting frá skólaleikfiminni sem er allt öðruvísi. Þeim finnst reyndar sumar æfingarnar skrítnar," segir Halldóra brosandi og er ekki frá því að gaman væri að hafa eigin krakkaleikfimi í útvarpinu.

Halldóra segist einnig vita til þess að morgunleikfimin sé notuð sem hléæfingar á ýmsum stöðum. „Ég veit til þess að morgunleikfimin er notuð á sambýlum, elliheimilum og ýmsum vinnustöðum. Fyrir fólk í kyrrsetuvinnu er sérstaklega mikilvægt að standa upp einu sinni á klukkustund; hreyfa sig aðeins og til dæmis teygja bæði kálfa og ökkla," segir Halldóra, sem vildi gjarnan að leikfimin væri aðeins lengri og oftar.

Hreyfingarnar eru að sögn Halldóru samblanda af sígildum hreyfingum sem losa um og styrkja. Síðan blandar hún inn nýstárlegum aðferðum og hefur í áranna rás breytt örlítið um stíl. „Innblásturinn kemur héðan og þaðan. Ég hef farið á fjölda námskeiða og er líka menntaður jógakennari. Síðan ligg ég yfir blöðum og bókum og tek á móti ábendingum," segir Halldóra og heldur áfram: „Í fyrstu var ég þó nokkuð með gólfæfingar. Það hentaði illa fyrir eldra fólk og vinnustaði. Síðan hugsaði ég þetta upp á nýtt og í dag er markmiðið að hægt sé að gera æfingarnar standandi eða sitjandi á stól án nokkurra tækja," segir Halldóra, sem ætlar að halda ótrauð áfram í morgunleikfiminni á Rás 1.

*rh@frettabladid.is*


BK KJÚKLINGUR
alvöru grillaður kjúklingur
hollt er gott
Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585
Opið alla daga 11:00 - 22:00

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

10. apríl kl 17:30 - 19:00
Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

12. apríl kl 11:00 - 14:00
Hláturjóga með jákvæðu ívafi
Ásta Valdimarsdóttir jógakennari

15. apríl kl 17:30 - 19:00
Viltu Hugar-far að betri stað í lífinu?
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

16. apríl kl: 19:00 - 21:00
Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 22.980,-
eða 7.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Efamol
Vertu skarpari!
Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.
Efalex
Vönduð blanda fiski- og kvöldvorrósarolíu sem eflir og styrkir:
• Hugsun
• Einbeitingu
• Sjón
• Hormónajafnvægi
Einstakt gegn lesblindu og ofvirkni.
Hentar fólki á öllum aldri.
Fæst í fljótandi formi og hylkjum í lyfja- og heilsuverslunum.
Efalex er einstök samsetning úr hreinni kvöldvorrósarolíu og fiskiolíu sem innihalda þrjár mikilvægar fitusýrur, DHA, AA og GLA ásamt tveimur öflugum andoxunarefnum, E-vítamíni og tímían olíu sem vinna saman að viðhaldi lífsnauðsynlegra fitusýra í líkamanum. Nægt magn þessarra olía í líkamanum stuðla að skarpari hugsun og betri einbeitingu sem eykur færni okkar til þess að læra.
heilsa –hafðu það gott

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið






**Þráðlaus þægindi frá Danfoss**

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og
framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss

Danfoss 75
1933 • 2008

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

**Danfoss hf**
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is


# byggingariðnaður


ÞRIÐJUDAGUR 8. APRÍL 2008







„Vel í sveit settur“

*„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur. Við þurfum reglulega að endurnýja bílaflota okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsingu síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsingu er ég einfaldlega best settur.“*

**Jóhann Unnar Guðmundsson framkvæmdastjóri,
Vöndull ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Sundlaug Kópavogs verður búin þremur nýjum rennibrautum sem sundgestir geta haft gaman af í maí.



Verið er að vinna að uppbyggingu 25 og 10 metra innilauga á sundlaugarsvæðinu í Kópavogi.



Skemmtileg leikaðstaða er á nýja útisvæðinu við Kópavogslaugina. Heitu pottarnir eru tengdir vaðlaug og iðulaug svo hægt er að slappa af en fylgjast með litlum skottum að leik. Rennibrautirnar eru mishraðar og vaðlaugin tekur við þeim sem renna sér í minnstu brautinni.

# Öryggi, leikgleði og gott aðgengi

**Byggingarframkvæmdir standa yfir á tveimur nýjum sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu og verið er að gera stórfelldar endurbætur á þeirri þriðju.**

Útlitið er gott fyrir sundlaugagesti í Reykjavík og nágrenni þar sem byggingarframkvæmdir standa yfir á tveimur nýjum sundlaugum auk þess sem verið er að gera endurbætur á þeirri þriðju.

Í Kópavogi er verið að gera endurbætur á rótgróinni og vinsælli sundlaug, Sundlaug Kópavogs við Borgarholtsbraut, sem fastagestir bíða spenntir eftir að verði opnuð á ný. „Framkvæmdir hófust fyrir tveimur árum. Við byrjuðum þá á að rífa niður gömlu sundlaugina sem reist var 1967 og þar var sett ný 50 metra sundlaug en einnig kemur 25 metra innilaug," segir Pétur Birgisson, forstöðumaður Sundlaugar Kópavogs, sem hefur yfirumsjón með framkvæmdunum, en Gunnar Borgarsson hjá ASK arkitektastofu er arkitekt og verkstjórn í höndum ÁF húsa.

Að sögn Péturs er hvarvetna vandað vel til verka og aðgengi fatlaðra haft í forgrunni. „Við leggjum mikla áherslu á öryggisatriði og verðum með myndavélar ásamt sérstökum skynjurum sem vakta hreyfingu og bæta þannig alla gæslu. Þá eru óupptaldar þrjár nýjar rennibrautir, tíu metra innilaug, heitir pottar, iðulaug, leiklaug og eimbað, útiklefar og búningsaðstaða."

Pétur segir framkvæmdir ganga vel og ættu fastagestir sundlaugarinnar að geta gert sér glaðan dag hinn 11. maí næstkomandi þegar hún verður opnuð aftur.

Í nágrannabænum Hafnarfirði er verið að reisa nýja sundmiðstöð, Ásvallalaug á Ásvöllum. Sigurður Haraldsson, hjá Fasteignafélagi Hafnarfjarðar, telur aðstöðuna búbót fyrir bæinn og þá sérstaklega Sundfélag Hafnarfjarðar og Íþróttafélagið Fjörð þar sem fatlaðir eiga greiðan aðgang að öllu svæðinu.

Í fyrsta áfanga framkvæmda er lögð áhersla á inniaðstöð en að sögn Sigurðar Harðarsonar hjá arkitektastofunni Batterí, sem vinnur að framkvæmdinni, fyrir verktakafyrirtækið Feðga ehf., verður



Verið er að reisa nýja sundlaug í Hafnarfirði, sem hlotið hefur heitið Ásvallalaug.



Í fyrsta áfanga Ásvallalaugar er lögð megináhersla á inniaðstöðu. Þar verður stór rennibraut sem fer salibunu út og aftur inn. Barnavaðlaug og leikaðstaða verða einnig inni svo hægt verður að leika sér hvernig sem viðrar.

aðstaðan með því betra sem þekkist hérlendis, þar sem bæði verður hægt að leika og læra innanhúss.

„Lögð er áhersla á æfinga- og keppnisaðstöðu með áhorfendapöllum fyrir 150 manns og sérstakt rými er þar fyrir fjölmiðla. Sundfélagið og Fjörður fá séraðstöðu í nýju byggingunni með skrifstofum, félagsaðstöðu og heilsurækt sem tengist sundlaugum. Áhersla hefur verið lögð á aðgengis- og öryggismál. Til dæmis eru allir heitir pottar aðgengilegir fyrir hreyfihamlaða og er sérstök lyfta fyrir fimmtíu metra laugina ásamt sérútibúinni búningsaðstöðu fyrir fjölfatlaða," segir Sigurður og bætir við að miklar kröfur séu gerðar varðandi hálkuvörn gólfflísa. Áætlað er að Ásvallalaug verði opnuð seinni hluta sumars.

Þá fá íbúar Álftaness bráðlega sína fyrstu sundlaug, sem er hluti af Íþróttamiðstöð Álftaness. Verður hún búin keppnislaug, vaðlaug, öldulaug, heitum pottum, rennibraut og sundlaugargarði.

Arkitekt að svæðinu er Bjarni Snæ-



Lögð er áhersla á æfinga- og keppnisaðstöðu með áhorfendapöllum og sérstöku rými fyrir fjölmiðla í Ásvallalaug.

björnsson, hjá Teiknistofunni ehf., VST annast verkfræðihönnun og verktaki er ÍAV. Fasteign ehf. er eigandi Íþróttamiðstöðvarinnar og sveitarfélagið Álftanes er leigjandi.

Að sögn Bjarna Einarssonar hjá Álftanesbæ er um þessar mundir verið að steypa kjallaraveggi. Vindur verkinu vel áfram og stendur til að opna laugina um næstu áramót.

*- vaj*




Byggingadeild Sindra aðstoðar verktaka, arkitekta og hönnuði við val á sértækum byggingalausnum. Álklæðningar, flóttastigar og iðnaðarhurðir eru meðal þeirra vöruflokka sem finna má hjá byggingadeildinni ásamt fjölmörgum öðrum lausnum.
Komið og skoðið sýningarsal byggingadeildarinnar að Bæjarhrauni 12 í Hafnarfirði

## Hafðu samband við sölusérfræðinga Sindra.

Guðmundur Jónsson
Deildarstjóri Byggingadeild
Beinn sími 575 0121

Sigurður Gíslason
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0125

Halldór Jónason
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0122


**Klæðningar**


**Undirbyggingarkerfi**


**Iðnaðarhurðir**


**Stigar**


**Handrið**


**Svalir**


**Öryggislokanir**


**Hleðslulyftur**


**Girðingar**


**Hliðslár**


**Vöruhúsakerfi**


**Stálristar**

# SINDRI

## BYGGINGADEILD

www.sindri.is sindri@sindri.is Bæjarhraun 12 Hafnarfirði Sími: 575 0000




Valdemar Johnsen hjá Verði tryggingum hf. segir að íslenskir vátryggingarskilmálar taki mið af íslenskum aðstæðum. Húsnæði á Íslandi eigi að halda vatni og vindum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lagnir og niðurföll eru á ábyrgð húseigenda

**Valdemar Johnsen hjá Verði tryggingum hf. segir að almennt viðhald húseigna sé vænlegasta leiðin til að lágmarka tjónaáhættu. Skyldur eru lagðar á húseigendur að gæta þess að lögnum og niðurföllum sé þokkalega vel við haldið. Ef vatnslagnakerfi innanhúss gefa sig skyndilega og óvænt eru tryggingafélögin bótaskyld.**

Valdemar Johnsen, forstöðumaður vátryggingasviðs hjá Verði tryggingum hf., bendir á að í skilmálum húseigandatryggingar sé sú skylda lögð á húseiganda að halda húseign sinni þannig við að hún haldi vatni. Væri þetta ekki regla í vátryggingaskilmálum húseigandatryggingar þýddi það að tryggingafélögin í landinu bæru í raun ábyrgð á viðhaldi húsa að hans sögn.

„Utanaðkomandi leki inn í hús er ekki bótaskyldur en á því er þó yfirleitt ein þröng undantekning. Ef gerir skyndilegt og óvænt úrhelli eða asahláku og frárennslislagnir íbúðahverfis stíflast með þeim afleiðingum að yfirborðsvatn lekur inn í hús, þá er slíkt hugsanlega bótaskylt. Þetta á þó ekki við ef stakt hús lendir í þessu, heldur er verið að ná til flóða í heilum hverfum þar sem enginn ræður neitt við neitt.“

Að sögn Valdemars á húsnæði á Íslandi að vera þannig gert að það haldi vatni og vindum. Íslenskir vátryggingarskilmálar taki þannig mið af íslenskum aðstæðum.

„Á Norðurlöndunum eru skilmálar sambærilegir og í þeim eru ákvæði er taka mið af aðstæðum þar. Þar hafa menn áhyggjur af jarðvegssigi undir húsum. Þekkt er að undirstöður húsa gefi sig vegna veiks jarðvegs undir þeim. Þarlendar vátryggingar eru oft bótaskyldar fyrir þessu. Fok á trjám er annað vandamál á Norðurlöndum þar sem þau falla iðulega á hús og valda skemmdum. Hér á landi taka húseigandatryggingar til slíks tjóns ef vindhraði nær að minnsta kosti 28,5 metrum á sekúndu.“

Valdemar segir húseigandatryggingar ekki bæta tjón vegna utanaðkomandi vatns eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum.

„Orðalag skilmála húseigandatrygginga á Íslandi er eilítið mismunandi en allar eiga þær sameiginlegt að taka til tjóns vegna þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr lagnakerfi hússins, til dæmis vegna þess að vatnsrör í vegg gefur sig eða að tengi við uppþvottavél bilar. Þá er einnig almennt bótaskylt í húseigandatryggingu ef innanhúss leiðslukerfi frostspringur vegna þess að hitakerfi hefur bilað óvænt og skyndilega enda hafi verið eðlilega frá hlutum gengið, til dæmis í sumarhúsum.“

Ef vatnstjón verður er mikilvægt að reyna að koma strax í veg fyrir áframhaldandi vatnsrennsli að sögn Valdemars. „Fólki er einnig bent á að hafa samband við tryggingarfélagið sitt og fá aðstoð við það að koma í veg fyrir frekara tjón.“

Valdemar hnykkir á því í lokin að vatnstjón sé bætt þegar um er að ræða vatn sem skyndilega og óvænt lekur úr lögnum hússins og á upptök sín innan útveggja. *-vg*

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is




Sælgætið er löngu flutt úr Mónuhúsinu. Nú er hins vegar boðið upp á bolta, hjólsagir og önnur verkfæri sem borgar sig síður að bryðja.

# Fagmannleg þjónusta

Byggingarvöruverslunin Mónuhúsið hýsti áður sælgætisverksmiðjuna Mónu. Í dag er þar byggingarvöruverslun sem var opnuð fyrir tæpum tveimur mánuðum. „Við leggjum mikla áherslu á persónulega og fagmannlega þjónustu,“ segir Steingrímur Ármannsson, sem á og rekur verslunina ásamt konu sinni, Ástu S. Loftsdóttur, og foreldrum, þeim Ármanni Hallbertssyni og Guðrúnu Steingrímsdóttur.

Fyrirrennari Mónubúðar var járnabindingafyrirtæki sem seldi meðal annars fjarlægðarplast. „Helstu viðskiptavinir eru byggingaverktakar en að sjálfsögðu eru allir hjartanlega velkomnir í Mónuhúsið,“ segir Steingrímur. Hann segist óhræddur við samkeppni við stærri verslanir. „Okkar áherslur eru aðrar. Þar má nefna þýska verkfæralínu frá BIT sem hefur ekki fengist hérlendis. Sérstaðan þar er þriggja ára ábyrgð og fólk fær lánað verkfæri ef eitthvað bregst, á meðan beðið er eftir viðgerð eða nýjum. Síðan vil ég líka nefna tvenns konar efni sem eru ný. Kítti sem meðfram gluggum fer beint á vota fleti. Einnig einangrunarefni sem kemur í veg fyrir útleiðslu í klóm, tenglum og á rafmagnssnertiflötum,“ segir Steingrímur.

Vöruúrvalið er mikið og á eftir að aukast. Þar nefnir Steingrímur auk BIT-línunnar Rude-járnabakka og Spritzplast-fjarlægðarklossa fyrir járnabindingu. Einnig nefnir hann flúrlampa og perur frá hafnfirska fyrirtækinu Flúrlömpum. Annars er í versluninni að finna allt frá málböndum og hnífum upp í vönduð rafhlöðuverkfæri, skrúfvélar, höggborvélar, hjólsagir og járnabindingatæki. Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 8-18.

Mónuhúsið er við Stakkahraun 1, sími 544-2020. *-rh*

# Visthús KLH® ehf

**Lífræn steypa**
*magnað byggingarefni*

# Byggjum allar gerðir mannvirkja með KLH

*Vistvænum gegnheilum og sérsniðnum krosslímtréplötum frá Austurríki*



Dæmi um fjölbýli - Leicaster 7 hæðir

## Hvað er hægt að byggja hátt með KLH ?

Hæsta KLH bygging í Evrópu 2008 verður 8 hæða skrifstofu-og íbúðarmannvirki í London. Segir meira en 1000 orð um stýfingu, styrk, álagsþol, brunamótstöðu og einangrunargildi KLH svo fátt sé nefnt.





Hönnun: Zeppelin arkitektar & Verkfræðiþjónustan

## Parhús - kostnaðarmat í vinnslu

Teikningar frá íslenskum arkitektum og verkfræðingum eru sendar til Austurríkis ásamt með íslenskum byggingarstöðlum. Afgreiðslutími 6-8 vikur fyrir íbúðarhús



## Hvað er hægt að byggja breytt með KLH ?

Breiðasta KLH hönnunin 2007 var 100m breið fjölnota höll. Visthús KLH ehf hefur unnið kostnaðarmat á 56 x120m fjölnota höll fyrir Tekton.

## Mál KLH plötu

Hámarks umfang: 16,5 x 2,95 x 0,5 m
Reisum 48,6 m² útvegg, millivegg, gólf eða þak í einu lagi. Búið er að skera út fyrir gluggum, hurðum eða öðrum opum samkvæmt teikningu
Tvískiptur lagnastokkur er í öllum veggjum ( sjá mynd að neðan).
Þök eru einnig úr gegnheilum



## Endurnýjun og viðhald með KLH

Dæmi: Eldri mannvirki, fornminjar og götumynd eldri borgarbyggðar. Aðlaga má KLH að öllu öðru byggingarefni.



Hönnun: Kollgáta arkitektar & Verkfræðiþjónustan





Lagnastokkar í veggjum



## Dæmi um húsagerðir með KLH ?

## Upp á einum degi með KLH

**Verðdæmi 93,5 m² : 4.250.000 kr** Allt KLH efni upp komið, útveggir, milliveggir og þak.
Viðmið EUR 116 og bestun í flutningi.

### Stuttur afgreiðslutími

Burðarvirki einbýlis á byggingastað á 6-8 vikum.
Fjármagnskostnaður **mjög hagfelldur.**

### Stuttur byggingatími

Fjármagns-og byggingakostnaður **mjög hagfelldur.**
Tími vettvangsröskunar sérlega stuttur

### Mikil framleiðslugeta

Þú getum byggt nútímaleg, vegleg og vistvæn mannvirki af öllum gerðum hratt og á hagfelldan hátt. **Kynntu þér þetta betur.**

## Þjónusta Visthús KLH ehf

Visthús KLH ehf sérhæfir sig í sölu á sérsniðnu KLH byggingarefni eftir teikningum frá íslenskum hönnuðum. Við bjóðum allt burðarvirki, útveggi, millieggi, gólf, milligólf og þak, sérsniðið á byggingarstað á ótrúlega stuttum tíma. Teikningar frá íslenskum arkitektum og verkfræðingum eru sendar til Austurríkis ásamt með íslenskum byggingarstöðlum og við getum afhent sérsniðið KLH byggingarefni á 6-8 vikum frá samþykkt teikninga.

Íslenskir arkitektar verkfræðingar verktakar og iðnaðarmenn eru í öndvegi.

Visthús KLH ehf
S.533 3314 & 896 7080
visthus@visthus.is
www.visthus.is
Skeifan 19 108 Rvk

Visthús KLH

VOTTUN ETA - 06/0138 CE EOTA DIBt CSTB PEFC /06-34-110 VOTTUN



Færanlegu kennslustofunum er hægt að raða saman eftir hentugleika. Hver eining er um áttatíu fermetrar að flatarmáli og millibyggingarnar 25 fermetrar. Fimm stofur mynda samstæða byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Færanlegar kennslustofur góð lausn

**Nýtt hverfi er að rísa í landi Helgafells í Mosfellsbæ og þar er verið að koma fyrir svokölluðum færanlegum kennslustofum til bráðabirgða. Að sögn Birgis Haukssonar hjá Byggingarfélaginu Timburmönnum munu stofurnar breyta miklu fyrir nýja íbúa í hverfinu.**

„Í nýja Helgafellshverfinu í Mosfellsbæ eru í byggingu fimm kennslustofur ásamt millibyggingum sem áætlað er að verði tilbúnar í júní á þessu ári,“ segir Birgir en Timburmenn sérhæfa sig í framleiðslu sumarhúsa, útihurða og glugga, fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði, og mati á viðhaldsþörf fyrir eldra húsnæði.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fyrirtækið annast slíkar framkvæmdir þar sem Birgir hefur ásamt föður sínum, Hauki Ólafssyni, komið að byggingu um tuttugu skólabyggingna af þessu tagi.

Að hans sögn eru skólastofurnar hannaðar með það fyrir augum að auðvelt sé að færa þær á milli hverfa þegar þörf krefur. Um er að ræða einingar sem hægt er að raða saman eftir hentugleika og er hver eining um áttatíu fermetrar að flatarmáli og millibyggingarnar 25 fermetrar.

„Byggingarnar eru tengdar saman þannig að þessar fimm stofur verða að einni samstæðri byggingu,“ útskýrir hann og bætir við að stofurnar séu fyrst og fremst bráðabirgðalausn fyrir bæjarfélög meðan þau undirbúa byggingu nýs húsnæðis undir skólastarfsemi.

„Stofurnar hafa einnig verið notaðar sem viðbót við eldri skólabyggingar. Þannig er hægt að koma til móts við skólana þegar fjölgar í nemendahópnum. Kennslustofurnar nýtast líka jafnt fyrir leik- og grunnskólastarfið í hverju hverfi fyrir sig.“

Birgir nefnir að við byggingu kennslustofanna hafi mikið verið lagt upp úr góðri hljóðeinangrun en þær hafi verið hannaðar og þróaðar í nánu samstarfi við fagfólk innan skólanna. Húsin hafi einnig verið byggð með það fyrir augum að viðhald á þeim sé með minnsta móti.



Birgir Hauksson hjá Byggingarfélaginu Timburmönnum hefur ásamt föður sínum, Hauki Ólafssyni, komið að byggingu um tuttugu skólabygginga.

„Bæjarfélag getur ekki séð fyrir hve hröð þörfin verður á meðan hverfi er enn að rísa,“ bendir Birgir á. „Í 8.000 manna bæjarfélagi líkt og Mosfellsbæ, þar sem byggð er lágreist og dreifð, hefur sú lausn sem felst í færanlegum kennslustofum reynst hagkvæm og þægileg. Þær hafa gert bæjarfélagi eins og Mosfellsbæ kleift að uppfylla þarfir íbúa í skóla- og leikskólastarfi jöfnum höndum. Íbúarnir hafa því ekki þurft að sækja slíka þjónustu út fyrir sitt nýja hverfi.“

- vg



# HÚSGAGNA LAGERSALA

## Engar Verðhækkanir!

Allar vörur á gamla **genginu**

LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

BORÐSTOFU-HÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200

## FRAMLEIÐUM

Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.

**ATH** . verðið kemur á óvart

**Verðdæmi:** Sófar 3+1+1 = **99.900 kr**

**Erum í Dugguvogi 2.**
**Sími 557-9510**

**Opnunartími**
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

SÓLSTOFUR · SVALALOKANIR · GLUGGAR · HURÐIR · GLER · SPEGLAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU

565 0000



LENGDU SUMARIÐ ...

Glerborg PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

GLERBORG PGV

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 ı Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 ı Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804




Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148, jig@mi.is

**Þarftu að láta mála ?**
Getum bætt við okkur verkefnum. Gerum föst verðtilboð. Hafið samband. Íslenskir fagmenn S. 862 2413

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Húsaviðhald







892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)




**Íslenskir fagmenn**
**Bjóðum alla þjónustu á viðhaldi fasteigna, utanhúss sem innan. Gerum föst verðtilboð þér að kostnaðarlausu.**
**Upplýsingar í síma 869 3934.**




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Flöt þök**
þakpappalagnir og Dúkþök. Nýlagnir - viðgerðir- viðhald. Hamraborg ehf Þakpappaþjónusta. S. 896 4947- hamraborg@simnet.is

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Húsasmíðameistari.**
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

## Stífluþjónusta




## Tölvur

Tölvuviðgerðir íhlutir Cisco og Microsoft vottun. S. 821 6839, Stefán.

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar







**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Spákona spáir í spil og ræður drauma. Einnig möguleiki á símaspá. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

**Símaspáin.**
Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908 6414 (199 mín.) 553 5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

## Múrarar

Get bætt við verkefnum í hleðslu á vikur milliveggjum og einangrun útveggja. S. 898 3902

## Rafvirkjun

**RafList**
**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna, og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**
**www.raflist.is**




## Trésmíði




## Önnur þjónusta

**E.P. Service.**
I Offer fulll investigations and detections, especially in strange cases. Telefone 860 8439.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strimla á frábæru verði sem hefur ekki þekkst áður. Upplysingar i sima 421 8999 eða k-matt@simnet.is . Opnunartimi er a milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.




Hágæða Hanak innréttingar til sölu. Fást á mjög góðu verði. Málningarvinna frítt með. S. 697 4008.

## Gefins

Steingráar 8 vikna kisur fást gefins. Uppl. í s. 895 5554 Hlíf.

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Rafstöð**
Óska eftir að kaupa rafstöð notaða eða nýja, 20-30 kw. Uppl. í s. 863 5699

Óskum eftir að kaupa barnagínur, gufuvél fyrir fatnað og verslunarhillur og rekka. Nánari upplýsingar í síma 862-2984 eða á heildsala@simnet.is

## Hljóðfæri




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m2, mótatimbur 1x6 og 2x4, 135 kr og 195 kr/m, H-20 I-bitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

## Verslun







# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn. Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is




5-7 kíló á 9 dögum. Komdu þér af stað með hreinsiprógrami frá Aloe Vera. S. 6978928

## TIL SÖLU







**HEKLA**



**MMC Canter 3C13**
Heildarþyngd 3.5 tonn, árgerð 2006.
Fastur pallur með lausum skjólborðum og segli. LAGER BÍLL.
VERÐ 3.1 millj. +vsk.



**MMC CANTER 7C14**
Heildarþyngd 7.5 tonn, árgerð 2006.
5 tonna krókheysi og tvö fleti.
LAGER BÍLL.
VERÐ 5.5 millj. +vsk.



**CATERPILLAR D5H LGP**
Árgerð 1991 ekinn 17500 tíma.
Nýr undirvagn, vél í góðu viðhaldi.
VERÐ 4.9 millj. +vsk



**CATERPILLAR DP30N**
Árgerð 2004 ekinn 4300 tíma
Þrefaltmastur og snúningur.
VERÐ 1.6 millj. +vsk.



**CATERPILLAR EP25K**
Árgerð 2002 ekinn 5.900 tíma.
2.5 tonna rafmagnslyftari, þrefaltmastur.
VERÐ 990.000 +vsk.



**CLARK Mega AC 25**
Árgerð 2002 ekinn 4200 tíma.
2.5 tonna rafmagnslyftari.
VERÐ 590.000 +vsk.



**COMBILIFT C4000**
Árgerð 2003 ekinn 5100 tíma.
4000 kg fjölnota lyftari.
VERÐ 1.950.000 +vsk.

**HEKLA**
Klettagörðum 8-10
www.hekla.is/velasvid

Sölumaður 825-5736

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

allt
atvinna
Alla sunnudaga

## TIL SÖLU

**SÓFALIST - LAGERSALA -**
**VERSLUNIN FLYTUR**
Áklæði - Rúmteppi - ábreiður - dúkar - diskamottur og margt fleira.
Komið og gerið góð kaup.



Garðatorgi, Garðabæ s. 553 0444, www.sofalist.is

GULL
BYLGJAN
909

Glæsilegt sumartilboð á
Dong Fang Salon:

French manicure og pedicure:
Verð 2.900.-

DONG FANG SALON

## ATVINNA

**Hárgreiðslufólk!**

Ert þú skemmtilegur og góður hársnyrtir? Ef svo er, hefur þú áhuga á að koma í stólaleigu og vinna með okkur? Við erum að leita að jákvæðum einstaklingi með frumkvæði og faglegan metnað.
Ef þú hefur áhuga endilega hafðu samband í síma 544 4455 eða sendu tölvupóst á jonogeva@simnet.is SPACE

## NÁMSKEIÐ

**Gestalt samtalsmeðferð**

Hvar / hver ert þú ?
Sjálfsstyrking !
Þekkir þú kvíða ? Þarftu að tala um erfiða hluti ?
Félagsfælni ? Nýtt val ?
**Skoðaðu www.talasaman.is**
**Sími 844 0599 / 848 0905**

## FASTEIGNIR

**FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI**
MIÐSTÖÐ ATVINNUHÚSNÆÐIS

**Óskar Mikaelsson,**
próf í fasteigna-, fyrirt.- og skipasölu, ráðgjafi atvinnuhúsnæðis

**Björgvin Ó. Óskarsson**
Löggiltur leigumiðlari og eignaskiptalýsandi
**Valgeir Kristinsson,**
Hrl., Lögg. faseignasali

**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is**

### Tunguháls 530 fm.



Til leigu iðnaðarhúsnæði með mikilli lofthæð og 2x stórum innkeyrsluhurðum, um endabil er að ræða. Möguleiki er að skipta húsnæðinu í smærri einingar og fjölga innkeyrsluhurðum. Lóð Malbikuð. Frábær staðsetning og eftirsótt svæði.

### VIÐ ERUM MEÐ:

Kaupanda að iðnaðarlóð undir 800-1500 fm hús - Höfuðborgarsvæðið.
Leigjanda að 500 - 700 fm með góðri lofthæð og innkeyrslu - Höfuðborgarsvæðið.
Kaupanda 1000 fm iðnaðarhúsnæði með góðri lofthæð og rúmgóðri lóð - Höfuðborgarsvæðið.
Leigjanda 800-1000 fm undir iðnaðarstarfsemi til leigu - Höfuðborgarsvæðið.

### ÁHUGAVERÐ TÆKIFÆRI/MAKASKIPTI:

Jörð, um 170 ha. í nálægð við Borgarnes, í skiptum fyrir gott atvinnuhúsnæði.
Útleigueign á Höfðanum samanlagt um 1000 fm.
Samþ. bygg.réttur f. allt að 2400 fm fjölbýlishús á Akranesi í rótgrónu íbúðarhverfi.
Einbýlishúsalóðir -frábærlega staðsettar í Kópavogi um 10 talsins á rúmum 1 ha. við vatnið
Makaskipti - ódýrari eign óskast uppí samtals 3.330 fm verslunar-, skrifts.húsn. - Kópavogi.
Byggingarréttur/framkvæmdir miðsvæðis í Reykjavík.
Byggingarréttur/framkvæmdir - rúmlega 2300 fm undir atvinnustarfsemi á frábærum stað í Hafnarfirði.

Frum

### Lónsbraut, Hfj, innkeyrslubil.



Til sölu vel staðsett í nýlegu húsnæði við Lónsbraut, húsnæði sem er 145 fm að birtri stærð auk ca. 70 fm. milligólfs, þar sem eru fallega innréttaðar skrifstofur og starfsm.aðstaða. Lofthæð er um 5,9 mtr. Stórar innkeyrsluhurð. Lóð malbikuð.

### Frakkastígur - miðbærinn.



Til sölu glæsilega staðsett einbýli/tvíbýli, hæð og ris, með 2 sérinngöngum. Húsnæðið er 129,1 fm, klætt holsteinshús, og stendur á 163 fm eignarlóð. Möguleiki að skipta eigninni. Hugsanlegur byggingarréttur. Gólfefni eru ýmist upprunaleg lökkuð gólfborð eða teppi. Eldhús með uppgerðri eldri innréttingu. Gler/gluggar að hluta standsett. Sólpallur í garðinum. Verð aðeins 49,0 millj.Húsnæðið er hentugt undir stækkun og/eða breytingar.

### Dvergshöfði, 100 - 250 fm skrifsth.



Til leigu 250 fm skrifstofuhúsnæði á höfðanum. Stúkað í nokkrar góðar skrifstofur flestar með glugga til vestrurs/norður. Gólf eru að mestu leiti flísalögð. Kaffistofa, wc, 2 sérinngangar. Hægt að skipta húsnæðinu niður og fá leigt 100 fm, 150 fm eða 250 fm.

### Auðbrekka - húsnæði + tæki.



Til sölu 3.hæð hússins um 288,1 fm auk sameignar. Húsnæðið er svo til einn geimur og hefur verið nýtt undir trésmíðaverkstæði um langt skeið. Gluggar í suður og norður og gott útssýni. Húsnæðið þarfnast standsetningar og verðið miðað við það. Endurnýja þarf glugga og gler. Frábært tækifæri fyrir verktaka sem þurfa á verkstæði að halda, tækjakostur fyrir innréttingasmíði. Innifalið í verðinu er vélbúnaður á staðnum.

### Smiðjuvegur, Kóp., 140 fm.



Til sölu atvinnuhúsnæði og rekstur saman við Smiðjuveg, Kópavogi. Húsnðið 103,7 fm að grunnfleti ásamt um 40 fm milligólf (ósamþ). Reksturinn er vel þekktur og húsnæðið á eftirsóttu svæði. Hringdu til okkar í síma 517 3500 og pantaðu skoðun núna. Frábært tækifæri á frábærum stað.

### Grandatröð, Hfj, 271 fm. Innkeyrslubil.



Í einkasölu nýtt og glæsilegt atvinnuhúsnæði að grunnfl. 201 fm auk 70 fm milligólfs þar sem er skrifst., kaffist. og eldhús, wc og rannsóknarst. Húsið er stálgrindarhús með liggjandi stórbáráttri aluzink klæðningu. Vegghæð um 5,5 mtr og hurðarhæð (innkeyrslu ) er tæpir 5 mtr og er innkeyrslurýmið 15,8 mtr djúpt. Stór mænisgluggi er eftir endilöngu þaki og gefur mikla ofanbirtu. Frágangur húss góður. Malbikað plan fyrir framan húsið. Mjög góð aðkoma að húsinu.

### Trönuhraun, 216 fm innkeyrslubil.



Glæsilegt nýlegt miðjubil á 2 hæðum samtals 216 fm þar er 96 fm milligólf. Húsið er steypt með stálklæðningu að utan. Tveir stórir kvistir sem snúa út að götunni, sér inngangur er í skrifstofusal með perlugólfi, innkeyrsla. Inn af skrifstofuplássinu flísalagt bað með sturtuklefa og lögn fyrir þvottavél. Á milligólfi er kaffisalur m/ eldh.innr., skrifstofusalur, ca 30 fm með glervegg og gler rennihurð sem aðskilur. Þá er 30 fm herb. Innkeyrslubilið er fremst með 6 mtr lofthæð. Parket er á allri efri hæðinni og loft klædd með hvítuðum panel. Lóðin er afgirt og malbikuð.

**Fasteignir & Fyrirtæki - Fyrirtækjasala Íslands, veitir þér sérfræðiþjónustu í sölu og útleigu á atvinnuhúsnæði og umsýslu fyrirtækja. Áratuga reynsla!**



# Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

vísir.is

„...ég sá það á vísi"

# Leiguíbúð við Torrevieja á Spáni



**Aqua Marina** er fallegt hverfi sem jafnan er talið eitt best staðsetta hverfi **Costa Blanca** strandarinnar. Í hverfinu er stutt í alla þjónustu, svo sem fjölda veitingastaða, vínveitingahúsa, bankastofnana, golfvalla og matvörumarkaða sem eru opnir allan sólarhringinn, heilsugæslu, apótek og margt fleira enda er Aqua Marina oft nefnt. Tilvalið fyrir stærri fyrirtæki og félagasamtök.

**Kynni til leigu 3ja herbergja hótelíbúð með svefnplássi fyrir 4-6 manns.**

Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og litlum svefnsófa í stofu. Íbúðin er mjög vel búin í alla staði. Loftkælingar í öllum rýmum sem bæði hita og kæla, þvottavél, sjónvarp, dvd-spilari, gervihnattmóttakari, öll búsáhöld, sængurföt og handklæði. Bílastæði í kjallara fylgir. Lyfta er í húsinu. Gestamóttaka er við innganginn sem er opin með gæslu allan sólarhringinn. Einnig er á inngangshæðinni veitingastaður, bar og sundlaug í lokuðum bakgarði. Sanngjart leiguverð.

Mögulegt að leigja íbúðina til lengri eða skemmri tíma, fyrir einstaklinga, fjölskyldur, fyrirtæki og/eða félagasamtök.

**Nánari upplýsingar veitir Bogi í síma: 699-3444**



## NÝ TÆKIFÆRI MEÐ RE/MAX

Ert þú efni í framúrskarandi sölufulltrúa ?
Rétti tíminn – er núna !

RE/MAX hefur náð sterkri fótfestu á Íslandi enda enginn sem selur fleiri fasteignir í heiminum.

Hverjir eru þínir möguleikar með RE/MAX ?
Hvað er rétt og hvað er rangt varðandi RE/MAX ?
Starf á fasteignasölu getur opnað möguleika fyrir löggildingarnámi fasteignasala.

Á 60 MÍNÚTUM með RE/MAX færðu innsýn í starfsemi RE/MAX hérlendis og um allan heim.
Fyrirlestur, spurningar og svör. Reyndir sölufulltrúar og stjórnendur segja frá.

**Sendu póst á 60minutur@remax.is með upplýsingum um nám, núverandi og fyrri störf.**
**Við höfum svo samband og látum þig vita hvar og hvenær kynningarfundur, 60 MÍNÚTUR með RE/MAX, verður haldinn.**

RE/MAX

# Þarftu að leigja?

Rentus LEIGUMIÐLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

## TILKYNNINGAR

# Aðalfundur

**Styrktarfélags heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.**

Verður haldinn mánudaginn 14. apríl að Stekkjargötu 9, innri-Njarðvík kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf

*Stjórnin.*

## Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

# Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í
**Stofnun og rekstri smáfyrirtækja**
hefst ***12. apríl*** n.k.

Nánari upplýsingar og skráning hjá ***Nýsköpunarmiðstöð Íslands*** í síma ***522 9000*** og á vefsíðu okkar ***www.nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

## ÚTBOÐ

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eigna-sviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar :**

***Miklabraut - Strætóreinar. Skeiðarvogur - Kringlan.***

VEGAGERÐIN

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, frá og með þriðjudeginum 8. apríl 2008, í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 23. apríl 2008, kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12118
Nánari upplýsingar um verkin er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## ATVINNA

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

# Félagsleg heimaþjónusta

**Foldabær óskar eftir að ráða starfsmenn vegna sumarleyfa og til starfa nú þegar.**
Foldabær er lítill og heimilislegur vinnustaður þar sem góður starfsandi ríkir.
Í Foldabæ búa 8 aldraðir einstaklingar sem þurfa eftirlit og aðstoð allan sólarhringinn.
Um er að ræða vaktavinnu.

**Hæfniskröfur:**
- Æskileg reynsla af umönnun aldraðra.
- Frumkvæði í starfi.
- Þolinmæði og jákvætt viðhorf.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Lilja Einarsdóttir í síma: 5679470, netfang: margret.lilja.einarsdottir@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað á Droplaugarstaði, Snorrabraut 58, 105 Reykjavík eða á ofangreint netfang **fyrir 14. apríl nk.**
Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.393 **+1,70%**

**Fjöldi viðskipta:** 592
**Velta:** 8.540 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **SPRON** | +9,00% | **FLAGA** | -7,60% |
| **EXISTA** | +6,22% | **ATLANTIC PETROL.** | -2,91% |
| **FL GROUP** | +2,51% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -0,81% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,50 +0,54% ... Bakkavör 45,15 +1,92% ... Eimskipafélagið 24,50 -0,81% ... Exista 12,64 +6,22% ... FL Group 6,95 +2,51% ... Glitnir 18,10 +1,40% ... Icelandair 24,45 -0,20% ... Kaupþing 861,00 +1,41% ... Landsbankinn 30,55 +1,16% ... Marel 91,90 +0,55% ... SPRON 5,45 +9,0% ... Straumur-Burðarás 12,65 +1,61% ... Teymi 4,42 +2,32% ... Össur 92,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Glitnir losar 100 milljarða króna

Stjórnendur Glitnis hafa ákveðið að draga úr fasteignalánastarfsemi bankans í Lúxemborg. Með ákvörðuninni er gert ráð fyrir að Glitnir geti losað um einn milljarð evra í lausafé sem samsvari rúmlega 100 milljörðum íslenskra króna, segir Már Másson, forstöðumaður kynningarmála.

„Hluti fasteignalánasafnsins verður einfaldlega greiddur til baka og hluti seldur. Þetta mun gerast jafnt og þétt og verður að vera að fullu gengið í gegn á næstu tólf mánuðum,“ segir Már. Þetta sýni ákveðinn sveigjanleika í starfseminni. Leggja eigi í framhaldinu meiri áherslu á eignastýringu fyrir viðskiptavini á Norðurlöndum og á alþjóðavísu.

Breytingarnar í Lúxemborg koma í kjölfar ákvörðunar um að loka skrifstofu bankans í Kaupmannahöfn í febrúar síðastliðnum. Már segir að um sextíu manns vinni nú í starfsstöð Glitnis í Lúxemborg en gert sé ráð fyrir að fækka í starfsliðinu um tuttugu manns.

Þá verður nýr framkvæmdastjóri ráðinn, Ari Daníelsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri fjármögnunar Glitnis. **- bg**



**STEFNUMÓTANDI ÁKVÖRÐUN** Lárus Welding, forstjóri Glitnis, og hans meðstjórnendur hafa ákveðið að losa um verulegan hluta af fasteignalánasafni bankans í Lúxemborg og styrkja þannig lausafjárstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**VIÐSKIPTIN HRINGD INN** Stjórn Skipta hefur óskað eftir afskráningu úr Kauphöll Íslands eftir tæplega þriggja vikna veru þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Skipti uppfylla ekki lágmarkið

Stjórn Skipta ákvað á fundi sínum í gær að óska eftir því að hlutabréf félagsins yrðu afskráð úr Kauphöllinni.

Skipti voru skráð á markað fyrir tæpum þremur vikum að undangengnu útboði. Viðskipti höfðu staðið yfir í tæpan hálftíma þegar þau voru stöðvuð og gerði Exista, sem sat á 43 prósentum hlutafjár í Skiptum, yfirtökutilboð í alla útistandandi hluti þess. Í gær höfðu 94 prósent hluthafa Skipta tekið tilboði Existu og því ekki lengur skilyrði fyrir lágmarksdreifingu á eignarhaldi félagsins, líkt og segir í tilkynningu. **- jab**

## Uppgjöra félaga Baugs beðið

Baugur hefur ekki skilað inn afkomutölum fyrir rekstur 22 fyrirtækja undir hatti þess í Bretlandi. Upplýsingunum átti að skila í hús í byrjun árs, að sögn breska vefmiðilsins Thisismoney.

Þar kemur fram að flestir reikningarnir komu frá fyrirtækjum sem tengist Mosaic Fashion. Félagið var skráð í Kauphöll Íslands fyrir þremur árum. Það var svo afskráð í fyrra eftir að Tessera Holding ehf., félag tengt Baugi, Kaupþingi og Gnúpi, keypti nær allt hlutafé félagsins um mitt síðasta ár.

Áður þurfti að skila uppgjörum félaga innan tíu mánaða frá lokum rekstrarársins. Því var breytt í gær og er lokafrestur nú mánuði skemur.

Vefmiðillinn ýjar að því að Baugur hafi látið það dragast að birta uppgjörin í skugga niðursveiflu á fjármálamörkuðum sem sett hafi skarð í afkomu dótturfélaga. Talsmaður Baugs segir í samtali við miðilinn hins vegar svo ekki vera. Ástæðurnar séu tæknilegs eðlis og muni uppgjörin skila sér innan mánaðar. **- jab**







**KOFI ANNAN, FYRRVERANDI AÐALRITARI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA, ER 70 ÁRA Í DAG.**

*„Við höfum getuna og það sem þarf til að eiga við vandamál heimsins. Það eina sem vantar er hinn pólitíski vilji.“*

*Kofi Annan gegndi starfi aðalritara Sameinuðu þjóðanna frá 1997 til 2007.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. APRÍL 1820

## *Venus frá Mílos fannst*



Höggmyndin Afródíta frá Mílos, betur þekkt sem Venus frá Mílos, fannst þennan dag árið 1820.

Venus frá Milos er forngrísk stytta og ein frægasta höggmynd heims. Hún er talin vera af Afródítu, gyðju ástar og fegurðar. Styttan, sem er gerð úr marmara, er 203 sentímetrar á hæð. Handleggirnir af henni hafa aldrei fundist.

Það var grískur bóndi að nafni Yorgos Kentroas sem fann styttuna í rústum hinnar fornu borgar Mílos.

Kentroas var í könnunarleiðangri um eyjuna ásamt frönskum liðþjálfa, Olivier Voutier að nafni. Voutier komst á snoðir um fornleifarnar og hóf þar uppgröft.

Höggmyndin af Venus frá Mílos er nú geymd á Louvre-safninu í París.

## MERKISATBURÐIR

**1571** Guðbrandur Þorláksson er vígður Hólabiskup, þá 29 ára. Hann sat í embætti í 56 ár.

**1703** Manntal er tekið á Íslandi um þetta leyti árs. Þetta var fyrsta manntal heims sem náði til heillar þjóðar.

**1899** Martha Place er fyrsta konan sem er tekin af lífi í rafmagnsstól. Aftakan fór fram í Bandaríkjunum en Martha hafði orðið stjúpdóttur sinni að bana.

**1957** 49 punda lax er veiddur í þorsknet við Grímsey. Þetta var þá talinn stærsti lax sem hafði veiðst við Ísland.

**1989** Bónus opnar fyrstu verslun sína við Skútuvog í Reykjavík.

---



*Eiginkona mín og móðir mín,*

**Hanna Frímannsdóttir,**

Bárugötu 5, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum miðvikudaginn 2. apríl. Hönnu verður sungin sálumessa í Kristskirkju Landakoti föstudaginn 11. apríl og hefst hún kl. 13.00.

---



*Maðurinn minn,*

**Grímur Kristinn Jóhannesson,**

fyrrverandi bóndi á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd, Aðalstræti 76, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 9. apríl kl. 13.30. Þeir sem vilja minnast hans láti líknarstofnanir njóta þess

**Guðbjörg Júlía Kortsdóttir.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hólmar Finnbogason,**

Frostafold 44, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 6. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Karitas Magný Guðmundsdóttir**
**Íris Hildigunn Hólmarsdóttir** **Gerald Leonard**
**Rut Hólmarsdóttir** **Morten Wenneberg**
**Halla Björk Hólmarsdóttir** **Ríkharður Örn Ríkharðsson**
**Jóna Brynja Hólmarsdóttir**
**Heimir Örn Hólmarsson** **Þórunn Karolína Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Jóna Guðbjartsdóttir**

áður til heimilis að Grenimel 26, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 29. mars síðastliðinn. Að hennar eigin ósk var hún jarðsungin í kyrrþey frá Fossvogskapellu mánudaginn 7. apríl.

**Guðsteinn Bjarnason** **Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir**
**Hermann Elías Bjarnason**
**Steinunn Rós Guðsteinsdóttir** **Kolbrún Soffía Arnfinnsdóttir.**

---

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GÍSLI HRAFN ATLASON,** ráðskona karlahóps. Hefur lengi haft brennandi áhuga á jafnréttismálum. Hann hefur verið í Femínistafélaginu frá upphafi og lagði á sínum tíma til að karlahópurinn yrði stofnaður.

**FEMÍNISTAFÉLAG ÍSLANDS:** FIMM ÁR FRÁ STOFNUN

# Búið að ryðja brautina

Femínistafélag Íslands var stofnað hinn 14. mars árið 2003. Framhaldsstofnfundur var haldinn tveimur vikum síðar en þá var kosið í ráð og hópar urðu til.

Á þessum tíma voru kosningar í aðsigi og var víða óánægja með stöðu jafnréttismála í þjóðfélaginu. Póstlisti, sem átti að vera umræðuvettvangur fyrir femínista, fór af stað en skráning á listann fór fram úr björtustu vonum og í kjölfarið var ákveðið að stofna félag. Markmið félagsins er að efla gagnrýna og femíníska umræðu á öllum sviðum þjóðlífsins og berjast gegn hvers konar birtingarmyndum kynjamisréttis.

Starfið byggist á vinnu sjálfboðaliða sem vilja leggja sitt af mörkum til jafnréttismála. Einn sjálfboðaliðanna er Gísli Hrafn Atlason en hann hefur verið í ráðinu frá upphafi og lagði til að karlahópur félagsins yrði stofnaður.

„Þessi fimm ár hafa verið fljót að líða með þeim óhemju mörgu viðburðum sem við höfum staðið fyrir. Það hefur mikið breyst á þessum tíma og má segja að við séum búin að ryðja brautina. Ég þarf ekki lengur að afsaka hvert einasta orð sem ég segi og ekki að útskýra tilvist mína,“ segir Gísli.

Hann segir umræðuna í samfélaginu hafa breyst. „Fólk leitar í auknum mæli til okkar, setur spurningarmerki við ýmislegt sem snýr að femínisma og jafnrétti kynjanna og tekur baráttuna upp af sjálfsdáðum sem er auðvitað takmarkið,“ segir Gísli Hrafn. „Markmiðið er að félagið verði á endanum óþarft og að við útrýmum sjálfum okkur,“ bætir hann við.

Í tilefni af afmælinu hefur félagið staðið fyrir ýmsum uppákomum og er fleira á döfinni. Í síðasta mánuði var haldið karlakvöld undir yfirskriftinni Er í lagi að hata femínista? en þar var fjallað um hatrið sem stundum hefur beinst að femínistum og hvað sé til ráða. Þá stóð félagið fyrir míníútumyndakeppni þar sem fólk sendi inn stuttmyndir um sína sýn á jafnrétti eða femínisma og síðan var haldinn stefnumótunarfundur þar sem litið var til framtíðar. Fram undan er síðan aðalfundur þar sem breytingar verða á ráðinu sem mun síðan móta starf næsta vetrar ásamt félagsmönnum.

„Síðan verðum við með fasta liði eins og venjulega og má nefna uppákomur á verkalýðsdaginn og nítjánda júní. Við munum svo halda áfram með fræðslu fyrir hina ýmsu hópa en við höfum til dæmis farið inn í félagsmiðstöðvar, unglingavinnuna og skóla.“

Karlahópur Femínistafélagsins hefur lagt sérstaka áherslu á baráttuna gegn ofbeldi. „Karlar eru oftar gerendur ofbeldis og því er svo mikilvægt að karlmenn séu sýnilegir í baráttunni gegn því,“ segir Gísli.

Gísli segist vona að félagið verði áfram lifandi og öflug grasrótarhreyfing með félögum sem víðast að úr samfélaginu. „Eins er mikilvægt að félagið endurnýi sig stöðugt því annars er hætt við því að það verði stofnanakennt. Við höfum tekið á móti körlum og konum sem eitthvað stórt sem smátt brennur á og myndað hópa í kringum málefni sem eru ofarlega á baugi. Þeir eru því breytilegir enda leggjum við ríka áherslu á að félagsmenn móti starfið hressilega,“ segir Gísli Hrafn.

vera@frettabladid.is

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og tengdadóttir,*

**Soffía Thorarensen**

frá Akureyri, Álfkonuhvarfi 61, Kópavogi

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 10. apríl kl. 13.00.

**Kjartan Tómasson**
**Elísabet Kjartansdóttir** **Jón Örn Pálsson**
**Ármann Kjartansson** **Klara Eirika Finnbogadóttir**
**Lára Guðleif Kjartansdóttir** **Gunnar Magnússon**
**Elísabet Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---



*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar*

**Bjargar Jónsdóttur,**

Lækjarsmára 6, Kópavogi, áður búsett á Akureyri,

sem lést 14. mars síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir alúð og umönnun.

**Sigríður Dóra Jóhannsdóttir** **Ólafur H. Torfason**
**Egill Jóhannsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Örn Jóhannsson** **Ane Mette Sørensen,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**NAFNIÐ MITT:** ALFA ELFARSDÓTTIR

# *Mér er aldrei gleymt*

Alfa Elfarsdóttir segir nafnið sitt jafnan hafa vakið athygli, allt frá því hún var barn. „Þegar ég segi nafnið mitt í síma þá hvá margir og halda að þeir séu að heyra vitlaust. Svo byrja þeir að giska: „Elsa? Alma? Elfa?“ „Nei,“ svara ég og reyni að tala skýrt. „Alfa.“

En veit hún hvernig það kom til að hún var skírð Alfa? „Mamma heyrði nafnið hjá konu frænda míns og varð strax hrifin af því. Mér hefur stundum þótt erfitt að bera það en á móti kemur að mér er aldrei gleymt. „Oft er sagt við mig: „Heyrðu já, þú heitir Alfa. Ég man alltaf nafnið þitt.“


Alfa er að hugsa um að taka sér eftirnafnið Beta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alfa segir Ölfurnar hafa verið átta hér á Íslandi þar til nýlega að sú níunda bættist við. „Ég var að fá nöfnu. Hún er dóttir vinkonu minnar sem er úr Hólminum eins og ég.“

Eins og flestir vita er Alfa fyrsti stafur gríska stafrófsins enda getur Valli ljósmyndari ekki stillt sig um að spyrja: „Áttu ekki systur sem heitir Beta? „Nei,“ svarar Alfa hlæjandi. „En ég hef grínast með það að ég ætti að fá mér eftirnafnið Beta. Það hljómar vel: Alfa Beta Elfarsdóttir.“ Svo kemur í ljós að hún hefur farið til grísku eyjarinnar Kýpur. „Heimamenn héldu að ég væri að grínast þegar ég sagði nafnið mitt og út úr svipnum mátti lesa: „Ha, nei, þú heitir ekki A!“

- gun

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Jónsson**

fyrrv. gjaldkeri Sambands íslenskra samvinnufélaga, Furugrund 30, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag, þriðjudag, 8. apríl kl. 15.00.

**Jón Reynir Einarsson** **Margrét Ólafsdóttir**
**Jóhann Þór Einarsson** **Bára Magnúsdóttir**
**Sigurður Einarsson** **Sabine Einarsson**
**Sigríður Einarsdóttir** **Ágúst S. Ágústsson**
**Brandur Einarsson**
**Einar Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður og vinur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Örn Gunnarsson,**

myndlistarmaður, Kambi, Holtum,

lést 28. mars á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Neskirkju í Reykjavík, föstudaginn 11. apríl kl. 13.00. Jarðsett verður í Hagakirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta SÁÁ njóta þess.

**Þórdís Ingólfsdóttir,**
**Sigríður Gunnarsdóttir** **Rúnar V. Þórmundsson**
**Vilhjálmur Jón Gunnarsson**
**Gunnar Guðsteinn Gunnarsson** **Hafdís Sigurjónsdóttir**
**Rósalind María Gunnarsdóttir**
**María Björk Gunnarsdóttir** **Rasmus Winstrup Johansen**
**Snæbjörg Guðmunda Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Valdimar Ólafsson,**

yfirflugumferðarstjóri, Lundahólum 3,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 2. apríl. Jarðarförin fer fram í Fella- og Hólakirkju föstudaginn 11. apríl klukkan 13.00.

**Helga Árnadóttir**
**Alexander Einar Valdimarsson**
**Ragnheiður Valdimarsdóttir** **Páll Arnór Pálsson**
**Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir** **Eggert Þór Bernharðsson**
**Lilja Valdimarsdóttir**
**Trausti Valdimarsson** **Herdís Guðjónsdóttir**
**Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir** **Kristófer Svavarsson**
**Ásdís Valdimarsdóttir** **Michael Stirling**
**Árni Björn Valdimarsson**
**Ólafur Kr. Valdimarsson** **Guðrún Ósk Hjaltadóttir**
**Vífill Valdimarsson**
**Sindri Valdimarsson** **Lára Guðrún Magnúsdóttir**
**Kristín Þ. Valdimarsdóttir** **Veigur Sveinsson**
**Gestur og Ingileif Steinunn Ólafsbörn**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Eiríksdóttir,**

Dvalarheimilinu Grund, áður til heimilis að Lynghaga 6,

lést miðvikudaginn 2. apríl.
Útförin mun fara fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Helga Hallbjörnsdóttir** **Eyjólfur Magnússon Scheving**
**Dóra Hallbjörnsdóttir** **Hálfdán Jónsson**
**Sigríður Hallbjörnsdóttir** **Kristjón Kristjónsson**
**Erla Hallbjörnsdóttir** **Ásgeir Guðmundsson**
**Lilja Hallbjörnsdóttir** **Atli Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar G. Guðmundsson**

frá Rafnkelsstöðum, Garði, Kirkjuvegi 5, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 1. apríl. Gunnar verður jarðsunginn frá Útskálakirkju fimmtudaginn 10. apríl kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þar er einstakur hópur starfsfólks.

**Unnur Sigurðardóttir** **Hreiðar Gíslason**
**Thelma María og Aron Ingi.**

---



*Einlægt þakklæti sendum við öllum fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vinarþel við fráfall*

**Tómasar Tómassonar,**

fyrrverandi sparisjóðsstjóra, Keflavík.

Starfsfólki á Heilbrigðistofnun Suðurnesja þökkum við sérstaklega fyrir ástúðlega umönnun og ljúft viðmót. Guð blessi ykkur öll.

**Halldís Bergþórsdóttir og fjölskylda.**

---



*Móðir okkar,*

**Ástríður Hafliðadóttir,**

er látin. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Jóna Ágústsdóttir**
**Hafdís Ágústsdóttir**
**Guðmundur Karl Ágústsson**
**Ástrún Björk Ágústsdóttir.**

---

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón Sigurðsson,**

Kleppsvegi 64, áður til heimilis að Stóragerði 12,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 27. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 10. apríl kl. 15.00.

**Logi Guðjónsson**
**Björn Guðjónsson** **Guðbjörg Gunnarsdóttir**
**Gylfi Már, Oddný Þóra og Guðjón Örn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eiríkur Júlíus Sigurðsson,**

vélstjóri, Smáratúni 12, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 10. apríl kl. 14.00.

**Anna Vernharðsdóttir**
**Leifur Eiríksson** **Hildur Ingvarsdóttir**
**Guðbjörg Hrefna Blanar** **Richard Blanar**
**Örn Sævar Eiríksson** **Guðlaug Hulda Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Marteinsdóttir,**

Hafraholti 30, Ísafirði,

varð bráðkvödd laugardaginn 5. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Svanbjörn Tryggvason**
**Brynjar Svanbjörnsson** **Bára Berg Sævarsdóttir**
**Marteinn Svanbjörnsson** **Elín Hólm**
**Tryggvi Svanbjörnsson**
**Aron Svanbjörnsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Egilsson,**

fyrrv. verslunarmaður, Hraunvangi 3, áður til heimilis að Ölduslóð 10, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 6. apríl á St. Jósefsspítala.
Útför auglýst síðar.

**Egill Jónsson** **Kristjana Magnúsdóttir**
**Ásbjörn Jónsson** **Unnur S. Einarsdóttir**
**Viðar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**








## STUÐ MILLI STRÍÐA „Henni féll oft verk úr hendi“

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** STÝRIR EKKI SÍMAFUNDUM VIÐ KÚALA LÚMPÚR



Ég hef aldrei skilið fólk sem lifir fyrir vinnuna sína. Mér finnst það sorglegt ef fólk þarf að leggja nótt við nýtan dag í vinnu til þess eins að hafa ofan í sig og á. Mér finnst það hins vegar líka afar sorglegt ef fólk þarf það alls ekki, en gerir það samt, á kostnað sambanda við vini, vandamenn og nánustu fjölskyldu.

Ég ímynda mér að þetta fólk, sem gefur allt sitt í vinnuna, myndi visna á nokkrum mínútum ef það gæti einhverra hluta vegna ekki unnið. Ég efast ekki um að það sé flestum þungbært að þurfa að hverfa af vinnumarkaði. Sérstaklega þar sem það virðist einhvern veginn vera þannig í dag að enginn sé maður með mönnum nema hann vinni lágmark sextíu tíma á viku og geti stoltur sagt frá því að hann hafi ekki sofið nema í tvo tíma og samt haft orku til að stýra símafundi við Kúala Lúmpúr. Ég mótmæli því hins vegar að vinnan þurfi að vera eini spegillinn sem maður lítur í, og mig grunar að því sé þannig farið með þá sem hreykja sér af fáránlega löngum vinnutíma eða árangri í vinnu, sem reynist svo oft dýrkeyptur.

Ég heyrði um daginn af manni sem vinnur í törnum. Hann er kvæntur fjögurra barna faðir, sem vinnur eins mikið og hann verður að gera til að geta fætt fjölskyldu sína og klætt. Inni á milli tekur hann svo tarnir og safnar í sjóð. Svo tekur hann sér margra vikna frí frá vinnu. Það besta við þetta er að hann lítur ekki á þessar vikur sem frí. Hann lítur á þær sem lífið.

Vinnusemi og iðni hafa löngum verið álitin miklir kostir hér á landi, þar sem eftirmælin „henni féll aldrei verk úr hendi“ þóttu afar virðuleg á árum áður. Ég segi hins vegar eins og sniðug kona sem ég þekki vel. Á mínum legsteini má gjarnan standa „Henni féll oft verk úr hendi“. Það þýðir að ég hafi tekið mér tíma í að vera til.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





www.sagatrail.is

# SÖGUSLÓÐIR 2008
## Getið í eyðurnar

## Þjóðmenningarhúsinu, 10. apríl kl. 13-17

SAMTÖK UM SÖGUTENGDA FERÐAÞJÓNUSTU – ICELAND SAGA TRAIL ASSOCIATION

**Málþing Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu (SSF)** í samvinnu við Iðnaðarráðuneytið og hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Fjallað verður um söfn og sögusýningar á Íslandi og túlkun þeirra á sögu lands og þjóðar frá ýmsum sjónarhornum, auk þess sem danskir sérfræðingar miðla af reynslu sinni.

### DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 13.00 | **Samtök í sóknarhug.** Rögnvaldur Guðmundsson, formaður SSF. |
| 13.10 | **Ávarp. Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri.** |
| 13.20 | **Saga og miðlun.** Eggert Þór Bernharðsson, sagnfræðingur. |
| 13.30 | **With or without written evidence, how do we and our guests get closer to everyday life aspects and know-how from the past ?** Laurent Mazet-Harhoff, fornleifafræðingur, Lejre Forsøgscenter í Danmörku. |
| 13.50 | **Teaching with roles: some examples of daily dialogues i.e. about "unwritten" everyday life aspects with guests visiting our Viking market place.** Jutta Eberhards, leikstjórnandi, Lejre Forsøgscenter í Danmörku. |
| 14.10 | **Hlé.** |
| 14.20 | **„Ísland, best í heimi.“** Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur, lektor við HÍ og stjórnandi Skriðuklaustursrannsókna. |
| 14.40 | **„Vinsamlegast snertið munina!“** Helmut Lugmayr, leiðsögumaður og ferðaskipuleggjandi. |
| 15.00 | **Drýpur saga af hverju strái?** Már Jónsson, sagnfræðingur. |
| 15.20 | **Kaffi.** |
| 15.50 | **Gamalt og nýtt, satt og logið.** Brynhildur Guðjónsdóttir, leikari og höfundur. |
| 16.10 | **Má gera söguna sýnilega?** Björn G. Björnsson, sýningahönnuður. |
| 16.30 | **Óljósar sögur.** Þór Vigfússon, sagnamaður og fyrrverandi skólameistari. |
| 16.50 | **Samantekt:** Skúli Björn Gunnarsson. **Fundarstjóri:** Ásborg Arnþórsdóttir. |

**Málþingsgjald: 3.000 kr - kaffiveitingar innifaldar.**
**Gjald fyrir nemendur og félaga í SSF: 1.000 kr**

**Skráning:** Kristín Sóley Björnsdóttir ksb@akmus.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS — IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

# Ungir tónsnillingar stíga fram

Ný tónleikaröð sem hlotið hefur heitið Tónsnillingar morgundagsins fer af stað í Salnum í Kópavogi í kvöld kl. 20. Á bak við tónleikaröðina stendur Félag til stuðnings ungu tónlistarfólki, en tilgangur þess er að skapa unga fólkinu aukin tækifæri til listsköpunar og einnig að kynna þann mannauð er í því býr. Svo mikið er víst að af nógu er að taka, enda býr þjóðin svo vel að eiga fjöldann allan af hæfileikaríku ungu tónlistarfólki sem eflaust tekur tækifærinu til þess að koma fram í Salnum fagnandi.

Á þessum fyrstu tónleikum í tónleikaröðinni koma fram þau Bragi Bergþórsson tenórsöngvari og Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari ásamt píanóleikaranum Kristni Erni Kristinssyni, en hann er jafnframt listrænn stjórnandi raðarinnar. Þau Bragi og Elfa hafa bæði verið nokkuð áberandi í tónlistarlífi landsmanna undanfarin misseri þrátt fyrir ungan aldur. Elfa hefur heillað landsmenn upp úr skónum með fiðluleik sínum og kom meðal annars fram á eftirminnilegum tónleikum á vegum Kammermúsíkklúbbsins í janúar síðastliðnum ásamt ungum tónlistarmönnum á borð við Víking Heiðar Ólafsson píanóleikara og Margréti Árnadóttur sellóleikara. Bragi lauk námi úr óperudeild The Guildhall School of Music and Drama í London árið 2007 og hefur síðan þá tekið þátt í ýmsum verkefnum. Hann söng meðal annars hlutverk Dansmeistarans í uppsetningu Íslensku óperunnar á Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss nú í haust og hlaut mikið lof fyrir.

Á efnisskrá tónleikanna í kvöld eru verk eftir Franz Schubert, ljóðaflokkurinn Schwanengesang og Sónata fyrir fiðlu og píanó í A-dúr, D 574. Miðaverð er 2.000 kr., en eldri borgarar, námsmenn og öryrkjar fá miðann á 1.500 kr. - vþ



**TÓNLISTARMENNIRNIR** Kristinn Örn Kristinsson, Bragi Bergþórsson og Elfa Rún Kristinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÍSLENSK NÁTTÚRA** Getur verið ansi erfið viðureignar.

## Villa á öræfum í þýðingu

**Þýðandinn og menningarfræðingurinn Marion Lerner heldur í dag erindi um þýska þýðingu sína á hrakningasögum Pálma Hannessonar sem kom nýverið út í tvímála bókinni Villa á öræfum – Allein durch die Einöde – á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Þegar Pálmi Hannesson skrifaði sögurnar á fjórða og fimmta áratug tuttugustu aldar var það gert í anda sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, ættjarðarástar sem gekk meðal annars út á stolt yfir því að lifa af í óblíðri náttúru. Erlendir ferðamenn hafa þó gjarnan séð Ísland í öðru ljósi og tengja það fyrst og fremst við draumkennda sýn af fallegum póstkortamyndum og nútímaferðamennsku. Með þýðingunni býðst nú hinum þýskumælandi heimi að kynnast hrjóstrugri hlið íslenskrar náttúru. Marion Lerner fjallar um þýðingu sína kl. 16.30 í dag í stofu 218 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. - vþ**



**ÁGÚST ÓLAFSSON** Flytur íslensk söngverk á hádegistónleikum í dag.

## Tvö tónverk frumflutt

Tvö íslensk tónverk verða frumflutt á hádegistónleikum í Íslensku óperunni í dag kl. 12.15. Ágúst Ólafsson barítónsöngvari, sem er fastráðinn við Íslensku óperuna, flytur þar fimm íslensk söngverk ásamt Elísabetu Waage hörpuleikara. Tvö þeirra, Das Buch der Bilder eftir Þorkel Sigurbjörnsson við texta Rainer Maria Rilke og Gesänge des Harfners eftir John Speight við texta Goethe, verða frumflutt á tónleikunum, en auk þess flytja þau Ágúst og Elísabet íslensk sönglög eftir Emil Thoroddsen, Sigvalda Kaldalóns og Jórunni Viðar í útsetningum fyrir söngrödd og hörpu.

Miðaverð á tónleikana er 1.000 kr. - vþ


Hefurðu efni á að missa af þessu?

Tískufatnaður á „grín“verði.

Á karnival dögum bjóðum við ótrúlega hagstæð tilboð á herra- og dömufatnaði. Allt að **80% afsláttur** af okkar helstu vörumerkjum.

Paul Smith jakkaföt ~~59.900~~ nú 14.900 *(ertu að grínast)*
Lloyds skór ~~18.900~~ nú 4.990
Herraskyrtur frá 1990
Stakir herrajakkar ~~18.900~~ nú 3.990
Energie bolir frá 990
Matinique jakkar ~~18.900~~ nú 5.690
Bullboxer skór frá 1.990
Studio dragtir ~~27.900~~ nú 3.900 *(ertu að grínast)*

Diesel gallabuxur frá 2.990
Miss Sixty gallabuxur frá 2.990
Numph jakkar ~~13.900~~ nú 4.990
Dömuskór frá 500 kr
Dömubolir frá 990 kr
Levis bolir frá 2.990 kr
Bronx skór frá 1.990 kr
Acne buxur ~~17.900~~ nú 5.990
Modström 50% afsláttur
Tiger of Sweden 30% afsláttur



galleri húsið
Laugavegi 91

CENTRUM gs skór galleri sautján

Hlökkum til að sjá þig!






Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablaðFréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20–45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25–49 ára.

Viðskiptafréttir...



...alla daga

## > ULTIMA MEL



Kryddstúlkan **Mel B** reynir nú fyrir sér á nýjum vettvangi, en hún er nýtt andlit undirfatamerkisins **Ultimo**. Forsvarsmenn fyrirtækisins hrifust af stúlkunni á tónleikaferðalagi **Spice Girls** og segja í viðtali við The Sun að þeir hafi ólmir viljað fá hana til liðs við sig.

# Fólk

folk@frett

# Englasöngur og sjálfshatur

Smáríkið San Marínó og Aserbaídsjan taka bæði þátt í Eurovision í fyrsta skipti í ár. San Marínó sendir fimm manna hljómsveitina Miodio með lagið Complice, en hún er raunar skipuð þremur Ítölum og tveimur San Marínóbúum. Nafn hljómsveitarinnar útleggst á íslensku Ég hata mig, en liðsmenn segja það passlega ögrandi. „Við trúum að allir hafi í lífi sínu verið hataðir fyrir að hafa gert eða ekki gert eitthvað. Það mikilvæga er að bregðast við og það gerum við í gegnum tónlist okkar," segja þessir gleðigjafar í viðtali við síðuna esctoday.com.



**ÉG HATA MIG** Fulltrúar nýgræðinganna frá San Marínó í Eurovision í ár ganga undir því fagra nafni Miodio, eða Ég hata mig.

Aserbaídsjan sendir hins vegar dúettinn Day After Day, sem kumpánarnir Elnur Huseynov og Samir Javadzadeh munu flytja okkur. Hluti lagsins sækir innblástur sinn í hina innlendu tónlistarhefð Mugam, þar sem „söngvarar þurfa að breyta tilfinningum sínum í söng og tónlist" að því er fram kemur á Wikipedia. Dúettinn mun takast á í hlutverkum engils og djöfuls, eða eins og Huseynov útskýrir: „Ég verð hreinn eftir englasönginn. Djöfullinn er líka engill, sem hefur verið úthýst úr paradís. Mugam hreinsar öskur hjartans." Það er því eflaust við góðu að búast af þessum nýgræðingunum í Eurovision-heiminum.

EUROVISION **45 DAGAR TIL STEFNU**

# Matthew verður Magnum P.I.

Hjartaknúsaranum Matthew McConaughey hefur verið boðið hlutverk í nýrri kvikmynd um einkaspæjarann Magnum P.I., sem gerði garðinn frægan í sjónvarpinu á níunda áratugnum.

Tom Selleck fór með aðalhlutverkið í þáttunum, sem voru sýndir við miklar vinsældir á árunum 1980 til 1988, þar á meðal hérlendis. McConaughey hefur fengið handritið að myndinni í hendurnar og er að íhuga hvort hann bregði sér í einkaspæjarabuxurnar og safni jafnvel yfirvaraskeggi eins og Selleck skartaði í þáttunum.

Í maí síðastliðnum sagðist Selleck vera til í að koma fram í myndinni ef handritið væri ásættanlegt. „Það er bara einn hængur á málinu: þeir verða að biðja mig um að vera með," sagði hann.

McConaughey er um þessar mundir að leika í rómantísku myndinni The Ghosts of Girlfriends Past á móti Jennifer Garner, sem kemur í bíó vestanhafs í febrúar. Næst sést hann á hvíta tjaldinu í gamanmynd Ben Stiller, Tropic Thunder, í hlutverki sem Owen Wilson átti upphaflega að leika áður en hann reyndi að fremja sjálfsvíg.

Gangi allt eftir áætlun leikur McConaughey í Magnum P.I. í lok ársins og verður myndin þá frumsýnd á næsta ári.



**MATTHEW MCCONAUGHEY** Leikarinn og hjartaknúsarinn íhugar að leika í nýrri kvikmynd um einkaspæjarann Magnum P.I.


CITROËN

■ Berlingo Van 1,4 75 hö 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 1.950.000 kr.
Verð án vsk. 1.566.265 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 33.172 kr.



Sjáðu Citroën Berlingo í dag
Fullkomnari fullkomnun

Enn á ný hefur Citroën tekist að bæta fullkomnun. Nú er Citroën Berlingo, sendibíllinn vinsæli, kominn með frábærri nýrri dísilvél. Citroën Berlingo er hagstæður í rekstri. Nýja 1,6 lítra, 92 hestafla dísilvélin er bæði kraftmeiri og sparneytnari. Hún er vistmildari en áður enda leggur Citroën mikið af mörkum til þess að bæta umhverfið. Hin öfluga stálhlífðarpanna undir vélinni ver hana vel og getur dregið úr viðhaldi.

Við erum sjálfselsk hjá Citroën

Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefa okkur þann drifkraft sem fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg. Kynntu þér nýjungar í Berlingo.

Citroën Berlingo

Dæmi um staðalbúnað í Citroën:
· Meiri burðargeta: 800 kg
· Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
· 180 gráðu opnun á afturhurðum
· Topplúga fyrir lengri hluti
· Hiti í sætum
· Rafdrifnar rúður
· Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
· Fjarstýrð samlæsing
· Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi



■ Berlingo Van 1,6 HDi 92 hö 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 2.190.000 kr.
Verð án vsk. 1.759.036 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 36.908 kr.

Ný dísilvél. 1,6 HDi 92 hö 215 Nm
$CO_2$ losun 143 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,4 l/100 km

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP ALMANNATENGSL




Hönnun Ernu Bergmann.



Hönnun Herdísar Jónu Birgisdóttur.

# FATAHÖNNUÐIR FRAMTÍÐARINNAR

**Vorsýning nemenda á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands fór fram á Apótekinu á föstudagskvöldið. Þar sýndu nemendur afrakstur vinnu sinnar síðustu vikurnar, við góðar undirtektir áhorfenda. Hönnun þessara upprennandi fatahönnuða landsins var jafn ólík og þeir eru margir, eins og myndirnar sýna.**



Hönnun Zuzanna Kubickova. Til vinstri sést hönnun Hlínar Reykdal.



Hönnun Kolbrúnar Amöndu Hasan.



Hönnun Hlínar Reykdal.



Hönnun Borghildar Gunnarsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus býður betur!

## Nautahakk, frosið
**frá Kjarnafæði.**

**798** kr./kg.
Merkt verð 1.140 kr./kg.




## Texaspylsa
**frá Kjarnafæði.**

**479** kr./kg.
Merkt verð 799 kr./kg.




## Álegg í bréfi,
**allar tegundir frá Kjarnafæði.**

**20%** afsl. við kassann




## Kjötfars, ferskt
**frá Kjarnafæði**

**299** kr./kg.
Merkt verð 332 kr./kg




allt & sumt

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| DEFINITELY MABY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| DEFINITELY MABY LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| VANTAGE POINT | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 8 | 10 |
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 | 7 |
| HORTON | kl. 3.30 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE AIR I BREATHE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| VANTAGE POINT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 8 - 10 | 16 |

5% AUKAKRÓNUR

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DOOMSDAY | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 5.30 - 8 | 10 |
| THE EYE | kl. 10.30 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 | 7 |
| HEIÐIN | kl. 10 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

5% AUKAKRÓNUR

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE EYE | kl. 8 - 10 | 16 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |

5% AUKAKRÓNUR

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR



Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 5.45, 8 og 10.15 | L |
| THE EYE | kl. 8 og 10 | 16 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 8 og 10 | 12 |



SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10:10D | 10 |
| DOOMSDAY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 10:10 | L |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 6 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 8:10D - 10:10D | 10 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 6 (3D) | L |
| JUNO | kl. 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | L |
| SHUTTER | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 8 - 10 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| SEMI PRO | kl. 8 | L |
| JUNO | kl. 10 | L |

DIGITAL HLJÓÐ OG MYND


# Númer núll með skírlífisbelti

Rokksveitin Númer núll hefur sent frá sér sína fyrstu plötu, sem ber heitið Lykillinn að skírlífisbelti. Alls eru tólf lög á plötunni, þar á meðal Hér á allt að fá að flæða, sem náði á sínum tíma toppsæti X-ins 977.

Platan kom út 1. apríl og að sögn Gests Guðnasonar úr Númer núll var ekki um neitt aprílgabb að ræða. „Fyrsti apríl er reyndar dagur fíflsins. Þessi tala tengist aðeins tölu fíflsins í spilunum. Jókerinn í spilastokkum er oft tengdur við núllið,“ segir Gestur, sem hefur áður spilað með Stórsveit Nix Noltes, Skátum, 5tu herdeildinni og Benna Hemm Hemm. Með honum í sveitinni eru Garðar Þ. Eiðsson úr tónleikasveit Varða og Jón Svanur Sveinsson, fyrrverandi meðlimur Daysleeper, sem leikur einnig með Sverri Bergmann.



**NÚMER NÚLL** Hljómsveitin Númer núll hefur sent frá sér plötuna Lykillinn að skírlífisbelti.

Númer núll hefur verið starfandi í um fjögur ár og hefur áður gefið út þriggja laga smáskífu, komið fram á Iceland Airwaves-hátíðinni þrisvar sinnum og leikið á Xmas tónleikum X-ins, ásamt því að spila víða um borgina. „Við höfum reyndar látið lítið fyrir okkur fara síðasta árið á meðan þessi plata hefur verið í vinnslu,“ segir Gestur. Hvað varðar nafnið Númer núll segir hann að hljómur þess hafi fyrst og fremst heillað. „Það er einhvers konar hlutleysi í því líka en samt eitthvað óákveðið.“

Næstu tónleikar Númer núll verða föstudaginn 11. apríl klukkan 17 í verslun 12 Tóna. Kvöldið eftir spilar sveitin á Dillon. - fb

# Ætlar að gleðja Íslendinga

**Plötusnúðurinn heimsfrægi Carl Cox ætlar að gera allt vitlaust á tvennum tónleikum á Broadway 23. apríl ásamt Hollendingnum Fedde Le Grand.** ***Freyr Bjarnason*** **sló á þráðinn til kappans.**

Hinn breski Carl Cox hefur verið einn vinsælasti plötusnúður heims í langan tíma. Hann hóf feril sinn um miðjan níunda áratuginn og gat sér fljótlega gott orð fyrir leikni sína við skífuþeytingar. Fékk hann viðurnefnið „þriggja spilara töframaðurinn“ eftir að hann spilaði á þrjá plötuspilara í einu á tónlistarhátíð í Bretlandi árið 1988. Í gegnum árin hefur hann spilað á mörgum af þekktustu klúbbum heims auk þess sem hann hefur haldið uppi stuðinu á fjölda tónlistarhátíða. Einnig hefur hann undanfarin þrjú ár stjórnað útvarpsþættinum Global sem fimm milljónir manna hlusta á, samkvæmt nýjustu tölum.

## Loksins á Íslandi

„Þrátt fyrir að ég hafi spilað víða í heiminum hef ég aldrei spilað á Íslandi. Þess vegna er ég mjög spenntur,“ segir Carl Cox um tónleikana á Broadway. „Ég hef oft verið spurður að því í viðtölum hvort það sé eitthvert land sem ég hef ekki heimsótt og þá hef ég alltaf sagt Ísland. Ég veit ekki af hverju ég hef aldrei spilað þar en ég er mjög ánægður með að geta loksins bætt því á landakortið mitt. Vonandi eiga allir eftir að skemmta sér vel á tónleikunum,“ segir hann. „Ég er að undirbúa nýja plötu og ætla því að spila ný lög. Ég er líka búinn að vera í góðu fríi og er tilbúinn að láta að mér kveða. Ég er í góðu formi og á örugglega eftir að skemmta mér vel.“

## Félagsskapur og ferðalög

Cox segir það skemmtilegasta við plötusnúðsstarfið vera félagsskapinn og ferðalögin. „Ég hitti fullt af nýju fólki og get ferðast víða. Tilfinningin sem ég fæ þegar áheyrendur hrópa nafnið mitt eða biðja um fleiri lög er líka ólýsanleg. Ég fæ jafnast ekkert á við hana. Ég er í þessu vegna viðbragðanna sem ég fæ og vegna þess sem ég get gefið af mér. Aftur á móti er það versta við að vera plötusnúður að maður sér varla fjölskyldu sína og vini en það þarf að fórna einhverju til að geta gert það sem maður elskar.“

## Engar vínylplötur

Ýmislegt hefur breyst síðan Cox hóf feril sinn, til að mynda eru fimm ár liðin síðan hann hóf að nota geisladiska í stað vínylplatna á tónleikum. „Mér finnst ég vera meira skapandi þegar ég nota geisladiska. Það tók tíma fyrir fólk að átta sig á hvað ég var að gera en núna skilur það það. Svo þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því að týna plötunum á flugvöllum,“ segir Cox, sem hefur nú í farteskinu nýtt tölvuforrit sem hann notar á tónleikum. „Þar er maður með allt inni á tölvunni og getur hlaðið niður lögum beint á tónleikum, sem er alveg ótrúlegt.“



**CARL COX** Plötusnúðurinn vinsæli er á leiðinni til Íslands í fyrsta sinn á ferli sínum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Nýtur lífsins í Ástralíu

Cox segist hafa róast töluvert síðan hann hóf ferilinn og líði fyrir vikið mun betur en áður. „Fyrir fimmtán til tuttugu árum spilaði ég um hverja helgi nánast allt árið um kring. Eftir að ég fór að þéna meira ákvað ég að kaupa hús í Ástralíu. Núna flýg ég til Melbourne í janúar á hverju ári og dvel þar um sumarvertíðina þegar fólk er að grilla, halda hátíðir og spila tennis og krikket. Ég hef líka mjög gaman af því að aka um á mótorhjólum. Ég er farinn að njóta lífsins betur og mér finnst mikilvægt að fá að næði til að lifa lífinu. Þannig get ég mætt jákvæður til baka í heim plötusnúðsins.“

Cox er ánægður með ferilinn hingað til og þakkar fyrir að hafa alltaf nóg að gera. „Ég hef fengið frábær tækifæri í mínu lífi og ef ég næ að gleðja fólk er ég sáttur.“

# Ófrumleg og heimskuleg B-mynd

Skaðlegur vírus sem breytir fólki í blóðþyrst skrímsli breiðist út um Skotland og svæðið er girt af til frambúðar. Árið 2035 skýtur hann hins vegar upp kollinum í London og hópur hermanna er sendur inn á afgirta svæðið til að finna lækningu.

Doomsday kemur frá breska leikstjóranum og handritshöfundinum Neil Marshall sem hefur gert það gott með hrollvekjunum The Descent frá 2002. Doomsday og Dog Soldiers frá 2002. Doomsday er B-mynd í húð og hár og ekkert er gert til að fela það. Söguþráðurinn er einfaldur og skemmtanagildið er í forgrunni; keyrslan er hröð og myndin er uppfull af háværum hasar og ýktum blóðsúthellingum.

Það hefði þó getað verið í lagi ef myndin væri ekki gersneydd öllum frumleika. Allt í myndinni virðist beint tekið úr öðrum myndum; heimsendavírusinn úr 28 Days Later, stjórnleysið úr Mad Max, söguþráðurinn úr Escape from New York, miðaldaveröldin úr Timeline og jafnvel eitthvað úr Aliens. Handritið er gloppótt, sundurlaust og stundum óskiljanlegt, og oft er B-mynda vitleysan keyrð fram úr hófi. Ofvirk klippingin eyðileggur þar að auki mikið fyrir spennunni.

Með aðalhlutverkið fer Rhona Mitra, sem var m.a. í Shooter og kemur fyrir í The Practice og Boston Legal-þáttunum. Hún fer ágætlega með hlutverk sem virðist apa um of eftir helstu kvenhetjum kvikmynda. Bob Hoskins er þéttur að vanda og Malcolm McDowell kemur fyrir sem konungur miðaldakastala.

Doomsday er mynd sem hefur lítið fram að færa annað en hluti úr öðrum og betri myndum. Það væri helst hægt að njóta hennar sem heimskulegrar B-myndar, en hún er að mínu mati of fáránleg og jafnvel vonbrigði sem slík.

**Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**

**Doomsday**

Leikstjóri: Neil Marshall. Aðalhlutverk: Rhona Mitra, Bob Hoskins, Malcolm McDowell.

★★

Ófrumleg spennumynd með gloppóttu handriti. Of fáránleg til að hægt sé að njóta hennar sem B-myndar.

**FordFocus**

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

## Láttu töfrana tala við þig í Brimborg í dag
# Prófaðu nýjan, endurhannaðan Ford Focus

Lokaðu augunum. Finndu hvernig töfrarnir tóna í Brimborg í dag. Töfraðu til þín söluráðgjafa. Töfraðu fram einn glæsilegasta bíl ársins. Töfraðu fram sérstakt kynningarverð á nýjum Ford Focus. Nýttu þér töfrana. Nýtt og töfrandi útlit, töfrandi tækni og búnaður eru örfá töfrandi dæmi sem mæla með nýjum, endurhönnuðum Ford Focus. Láttu töfrana tala. Prófaðu nýja tækni – nýjan fjölskyldubíll sem gaman er að eiga, gott að keyra og hagkvæmt að reka. Veldu umhverfishæfan bíl. Veldu núna Ford Focus.

Láttu töfrana tala. Spurðu um verð og gæði. Spurðu um fjármögnun. Ford. Keyrð'einn.

Komdu **í dag**
**frumsýningin**
heldur áfram
í Brimborg
Akureyri, Reykjavík




**Töfrandi kynningarverð: 2.690.000 kr.***

Ford Focus Trend
1,6i 100 hö 150 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
CO2 losun 159 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## > Geir eftirlitsmaður á Brúnni í kvöld

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, verður eftirlitsmaður UEFA á leik Chelsea og Fenerbahce á Stamford Bridge í kvöld. Leikurinn er seinni viðureign liðanna í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu en Tyrkirnir unnu fyrri leikinn 2-1. Dómarar leiksins koma frá Þýskalandi og er það píanóleikarinn Herbert Fandel sem dæmir leikinn. Hann dæmdi einmitt úrslitaleik AC Milan og Liverpool í Meistaradeild Evrópu á síðasta tímabili, sem og úrslitaleik Sevilla og Middlesbrough í úrslitum UEFA-bikarsins árið 2006.



sport

sport@frettabladid.is

**KRISTJÁN ANDRÉSSON, ÞJÁLFARI GUIF:** HEFUR NÁÐ EFTIRTEKTARVERÐUM ÁRANGRI Í SÆNSKA HANDBOLTANUM

# *Tímabilið hjá GUIF er búið að vera ævintýri líkast*

Kristján Andrésson hefur vakið mikla athygli í Svíþjóð fyrir frábæran árangur sem þjálfari GUIF í sænsku úrvalsdeildinni í handbolta. Liðið komst óvænt inn í úrslitakeppnina í Svíþjóð og þvingaði meistaralið Hammarby í oddaleik sem tapaðist naumlega síðastliðinn sunnudag. Kristján, sem er aðeins 27 ára og er yngsti þjálfarinn í deildinni, var fyrir vikið á dögunum útnefndur þjálfari ársins í Svíþjóð en hann var enn að jafna sig eftir leikinn á sunnudag þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Þetta keppnistímabil hjá GUIF er búið að vera ævintýri líkast en ævintýrin verða víst að enda einhvern tímann. Ég get ekki neitað því að ég er enn svolítið svekktur að við höfum dottið úr keppni eftir að hafa verið svona nálægt því að slá út meistarana. Leikurinn á sunnudag var úrslitaleikur um hvort liðið kæmist áfram eftir að hvort lið um sig var búið að vinna tvo leiki í einvíginu. Hammarby leiddi leikinn 17-11 í hálfleik en við komum til baka og náðum að komast yfir en við náðum ekki að halda leikinn út og svo fór sem fór,“ sagði Kristján, sem hrósar strákunum í GUIF engu að síður í hástert fyrir framgöngu sína á keppnistímabilinu og telur að liðið geti gert enn betur á næstu leiktíð.

„Okkur var spáð fallbaráttu fyrir tímabilið, þar sem við misstum nokkra lykilmenn og ákváðum að keyra þetta mestmegnis á ungum og efnilegum leikmönnum, en strákarnir skiluðu sínu og rúmlega það. Þeir eru líkt og ég alltaf að læra meira og meira,“ sagði Kristján, sem er með samning við GUIF til ársins 2010 og er afar spenntur fyrir framtíð félagsins.



„Strákarnir eru nú búnir að sjá hverju það skilar að æfa vel og það var almenn samstaða um það á æfingu eftir tapleikinn á sunnudag að leggja enn meira á sig fyrir næsta tímabil og við stefnum á að gera betur þá,“ sagði Kristján bjartsýnn en Íslendingar eiga annan fulltrúa hjá GUIF þar sem Haukur, tvítugur bróðir Kristjáns, leikur með liðinu.



**ALLT UNDIR** Liverpool og Arsenal mætast í þriðja skiptið á sjö dögum í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool og Arsenal mætast:

## Lokaorrusta sjö daga stríðsins

**FÓTBOLTI** Liverpool og Arsenal mætast í þriðja sinn á sjö dögum í kvöld, en fyrri tveir leikir liðanna hafa endað með 1-1 jafntefli.

Liverpool stendur betur að vígi eftir fyrri leik liðanna í Meistaradeildinni sem fram fór á Emirates-leikvanginum og William Gallas, fyrirliði Arsenal, viðurkennir að Arsenal eigi erfitt verkefni fyrir höndum, en ekki ómögulegt.

„Liverpool spilar öðruvísi í Meistaradeildinni. Þar er liðið þéttara og gefur ekki mörg færi á sér. Við þurfum því að vera þolinmóðir og bíða eftir rétta tækifærinu til þess að sækja og sækja þá af fullum krafti. Það er líka afar mikilvægt að gefast ekki upp þrátt fyrir að við fáum á okkur mark,“ sagði Gallas í viðtali á heimasíðu UEFA. - óþ



**FAST SKOTIÐ** Deivid er skotfastur innan vallar sem utan og vandar Chelsea ekki kveðjurnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Chelsea mætir Fenerbahce:

## Peningar vinna ekki leiki

**FÓTBOLTI** Chelsea yfirgaf Istanbúl með 2-1 tap á bakinu í síðustu viku en útivallarmark Chelsea gæti reynst drjúgt. Michael Ballack, leikmaður Chelsea, er því hvergi banginn fyrir leikinn. „Við vorum ósáttir með að tapa fyrri leiknum en náðum að skora gott mark og það gefur okkur góða möguleika,“ sagði Ballack í viðtali á heimasíðu UEFA.

Deivid, leikmaður Fenerbahce, var allt í öllu í fyrri viðureign liðanna en hann skoraði fyrst sjálfsmark og tryggði svo Fenerbahce sigur með þrumufleyg. Brasilíumaðurinn knái vandar Chelsea ekki kveðjurnar fyrir leikinn í kvöld.

„Nöfn og peningar vinna ekki leiki. Þú verður að fara út á völlinn og hafa fyrir hlutunum. Við spilum upp á líf og dauða og liðið sem verður hungraðra fer áfram í undanúrslitin, svo einfalt er það,“ sagði Deivid í viðtali við enska dagblaðið The Sun. - óþ

# Þeir spiluðu ekki vörn

**Hlynur Bæringsson og félagar í Snæfelli eru komnir í 1-0 eftir dramatískan þriggja stiga sigur í Grindavík í gær. Grindavík var níu stigum yfir þegar sex mínútur voru eftir en kastaði frá sér sigrinum á lokaandartökum leiksins.**

**KÖRFUBOLTI** Snæfell vann þriggja stiga sigur á Grindavík, 94-97, í fyrsta leik liðanna í undanúrslitaeinvígi sínu í Iceland Express-deild karla í Röstinni í Grindavík í gærkvöldi.

Grindvíkingar virtust vera með pálmann í höndunum með níu stiga forskot, 87-78, þegar sex mínútur voru eftir en Snæfellingar voru ekki á því að gefast upp og lönduðu mikilvægum sigri.

„Það vantaði greinilega bara að fá mig út af því þegar ég kom aftur úr klefanum voru strákarnir búnir að minnka þetta niður í tvö stig. Svo varð maður að fara að reyna að hjálpa eitthvað í lokin,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, sem fór alblóðugur af velli þegar fimm mínútur voru eftir eftir að hafa fiskað ruðning á Jaamal Williams. Hlynur átti í basli með Jamaal, sem skoraði 32 stig í leiknum.

„Mér finnst ég alltaf vera með hann fyrir framan mig og vera að fylgja þessum varnarreglum sem mér hafa verið kenndar í gegnum tíðina en hann er bara að setja þetta ofan í. Hann blæðir hins vegar fyrir það hinum megin því hann er ekki í nægu formi til þess að spila vörn og taka fráköst,“ sagði Hlynur. Jamaal setti niður 13 af 19 skotum sínum í leiknum en Hlynur vann hann aftur á móti í fráköstum 14-6.

„Þetta var alls ekki nógu góður leikur hjá okkur og það er ótrúlegt að við náum samt að vinna hér í Grindavík með svona leik. Við hittum úr skotunum sem við þurftum að hitta úr og sem betur fer spiluðu þeir ekki heldur vörn. Ef þeir hefðu spilað vörn hefðu þeir unnið,“ sagði Hlynur, sem fann Justin í þriggja stiga skoti sem var líklega stærsta karfa leiksins og kom Snæfelli í 95-94 þegar 42 sekúndur voru eftir. Adama Darbor kastaði síðan boltanum frá sér á óskiljanlegan hátt skömmu síðar og Magni Hafsteinsson kom Snæfelli þremur stigum yfir af vítalínunni. Páll Axel Vilbergsson fékk síðasta skotið en það var eins erfitt og hægt var að taka það og mistókst. Adama lét Justin Shouse líta illa út allt fram í fjórða leikhlutann en þá tók Justin stjórnina og keyrði sitt lið til sigurs.

ooj@frettabladid.is



**FÖGNUÐUR** Snæfellingar eru komnir í bílstjórasætið í einvíginu gegn Grindavík eftir góðan endasprett í Röstinni í gærkvöld. MYND/VÍKURFRÉTTIR

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Iceland Express-deild karla*

Grindavík-Snæfell 94-97 (52-55)

**Stig Grindavíkur:** Jamaal Williams 32 (6 fráköst), Adama Darboe 22, Páll Axel Vilbergsson 15, Þorleifur Ólafsson 9, Páll Kristinsson 8, Igor Beljanski 5, Helgi Jónas Guðfinnsson 3.

**Stig Snæfells:** Justin Shouse 17, Slobodan Subasic 16, Sigurður Þorvaldsson 15, Ingvaldur M. Hafsteinsson 14, Hlynur Bæringsson 13 (14 fráköst), Jón Ó. Jónsson 12, Anders Katholm 8, Árni Ásgeirsson 2.

### *Sænska úrvalsdeildin*

Hammarby-Sundsvall 5-3

1-0 Petter Andersson (12.), 1-1 Hannes Þ. Sigurðsson (15.), 1-2 Stefan Alander (30.), 2-2 Erkan Zengin (45.), 3-2 Paulinho Guara (58.), 4-2 Haris Laitinen (80.), 5-2 Charlie Davies (83.), 5-3 Hannes Þ. Sigurðsson (90.). Hannes og Sverrir Garðarsson léku allan leikinn með Sundsvall en Ara Frey Skúlasyni var skipt af velli á 60. mínútu.

Elfsborg-AIK 3-0

1-0 Stefan Ishizaki (38.), 2-0 Joakim Sjöhage (44.), 3-0 Denni Avdic (54.). Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn fyrir Elfsborg.

### *Danska úrvalsdeildin*

AGF-Viborg 0-0

Kári Árnason lék allan leikinn fyrir AGF en Rúrik Gíslason fór meiddur af velli hjá Viborg á 23. mínútu.

Kaka um Meistaradeildina:

## Hefur trú á ensku liðunum

**FÓTBOLTI** Brasilíumaðurinn Kaka, leikmaður AC Milan, telur að ensku liðin fjögur, Arsenal, Chelsea, Liverpool og Manchester United, hafi öll getuna til þess að fara alla leið og vinna Meistaradeildina í ár.

„Ensku liðin hafa verið í mikilli sókn síðustu fimm til sex ár og nú eru þau orðin stöðug í leikjum sínum í Meistaradeildinni. Ég tel í raun að öll fjögur ensku liðin sem eru með í átta liða úrslitunum hafi getuna til þess að komast til Moskvu í úrslitaleikinn og vinna Meistaradeildina. En vitaskuld má heldur ekki afskrifa lið eins og Barcelona,“ sagði Kaka í viðtali við BBC Sport í gær. - óþ

Steindór Gunnarsson, þjálfari Erlu Daggar Haraldsdóttur, er í skýjunum með Íslandsmeistaramótið:

# Plataði hana tíu ára gamla yfir í sundið

**SUND** Sundkonan Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB átti einstaka helgi á Íslandsmeistaramótinu í sundi í Laugardalslauginni. Erla Dögg vann til sex gullverðlauna, þar af fimm í einstaklingssundum, setti fjögur Íslandsmet og synti sig inn á Ólympíuleika í tveimur greinum.

Erla Dögg hóf mótið á föstudeginum með því að slá rúmlega sextán ára gamalt Íslandsmet Ragnheiðar Runólfsdóttur í 100 metra bringusundi. „Ég sagði við hana þegar hún var búin að ná lágmarkinu: þetta var kannski þess virði að ég plataði þig yfir í sundið þegar þú varst tíu ára,“ sagði þjálfari hennar, Steindór Gunnarsson, en Erla Dögg byrjaði í fimleikum.

Steindór hefði þó aldrei getað spáð helginni sem Erla Dögg átti í vændum. „Þetta er bara ótrúlegt. Hún kom tvíefld til leiks daginn eftir og byrjaði á því að setja met í 50 metra bringusundi. Þegar við fengum að sjá hver ólympíulágmörkin yrðu lögðum við strax ríkari áherslu á fjórsundið. Það var seinna sundið hennar á laugardeginum og við vorum búin að undirbúa okkur vel fyrir það. Svo hugsaði maður eftir að hún var búin að ná ólympíulágmarkinu í 100 bringu hvort það yrði ekki bara spennufall. Það varð bara jákvætt spennufall og losaði um hömlur,“ segir Steindór en Erla Dögg bætti sig um hátt í þrjár sekúndur.

„Við vorum búin að leggja mikla rækt við baksundið, sem er hennar akkilesarhæll í fjórsundinu. Þegar við sáum að það var ekki alveg að virka settum við meira púður í hennar sterkustu greinar, sem eru flugsundið og bringusundið. Svo small þetta allt saman á laugardaginn, baksundið var ljómandi gott, flugsundið frábært og bringusundið aldrei betra. Þetta gat ekki verið betra enda fór hún sekúndu hraðar en Ólympíulágmarkið,“ segir Steindór en ekki var allt búið enn.

„Á sunnudeginum hugsaði maður um hvort hún væri ekki orðin södd. Hana langaði greinilega í meira,“ sagði Steindór en Erla bætti þá fjórða Íslandsmetið sitt, nú í 200 metra flugsundi.

„Hún er núna örugg inn á leikana og nú er bara að stefna á það að ná betri árangri þar. Hún er í gríðarlega góðu jafnvægi, er líkamlega mjög vel undirbúin og búin að vinna vel í sálfræðilegum þáttum. Hún hefur lært af undanförnum árum,“ segir Steindór. - óój



**RISASTÓR ÁFANGI** Erla Dögg Haraldsdóttir brosir út að eyrum. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

NÚ Á 2 STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## HEITIR POTTAR

**Fellsmúla** - Reykjavík
**Njarðarbraut** - Reykjanesbæ



*Afsláttarverð:*

**499.900***

- Stærð 210 x 210 x 100
- 4 vatnsnudddælur 2hö
- 2 loftnudddælur 370w og 750w
- 50 vatnsnuddstútar og 30 loftstútar
- Digital stjórnborð, stýrir nudddælum, hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum
- "Ozone" hreinsikerfi og 3 kw hitari
- 5 ljós í skel
- Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap
- Harðviðarklæðning

*Fullt verð:* ***549.900***

## NÝ SENDING

*Afsláttarverð:*

**399.900***



- Stærð 203 x 197 x 90
- 2 vatnsnudddælur, 2hö og 1 hö.
- 21 vatnsnuddstútar
- Digital stjórnborð, stýrir nudddælum, hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum
- "Ozone" hreinsikerfi og 3 kw hitari
- 4 LED ljós í skel
- Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap
- Harðviðarklæðning

*Fullt verð:* ***449.900***

* Sérskilmálar

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16



**> Val Kilmer**

Kilmer er mikill tónlistarunnandi en uppáhalds hljómveitirnar hans eru Led Zeppelin og Rage Against the Machine. Hann hefur þar að auki leikið bæði Elvis Presley og Jim Morrison á hvíta tjaldinu. Kilmer leikur í myndinni Spartan sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ER ÁNÆGÐ MEÐ BÍÓSTÖÐVARNAR**

## *Þægindi stofunnar heima*

Mikið getur maður verið þakklátur fyrir sjónvarpstæki. Þau hafa nú bjargað ófáum Íslendingnum frá leiðindum og fáfræði. Þó að sjónvarpsefni sé gott og gilt í sjálfu sér er ein mikilvægasta og áhrifaríkasta aukaverkun þessa heimilistækis sú að sjónvarpið hefur fært okkur kvikmyndir inn á heimilið.

Sumir vilja meina að best sé að horfa á kvikmyndir í þartilgerðum húsum; þar eru bestu hljóð- og myndgæðin og því hægt að njóta listaverksins eins og kvikmyndagerðarmaðurinn sá það upprunalega fyrir sér. Það má vel vera, en í bíóhúsum er líka klístur á gólfum, stórir karlhlunkar sem vilja ávallt sitja beint fyrir framan mann og óstýrilát ungmenni sem eru með háreysti og GSM-óspektir meðan á sýningunni stendur. Þó svo að sumir búi reyndar við sambærilegt ástand heima hjá sér er sá munur á að heima getur maður gargað á sambýlinga þar til þeir lúta vilja manns og lifað rólegur með klístruðu gólfinu vitandi að maður veður í það minnsta bara í eigin drullu. Sumir hafa meira að segja kippt slökum hljóð- og myndgæðum í lag heima hjá sér með því að fjárfesta í svokölluðu heimabíói, en sennilega kemur að því að þeim fækki nú með rísandi kreppu og gjaldþrotum. Það er allt í lagi, enda hálfgerður óþarfi að sjá flestar þeirra kvikmynda sem íslenskum kvikmyndahúsagestum er boðið upp á í sérstaklega góðum hljóð- og myndgæðum þar sem myndirnar sjálfar eru svo mikið sorp. Til að mynda má klárlega þakka fyrir það að sjá mynd á borð við Big Momma's House 2 á litlum skjá, enda ekki víst að viðkvæmt sálarlíf Íslendingsins þoli að sjá og heyra Martin Lawrence göslast um í fitubúningi á tjaldi sem þekur heilan vegg. Sú upplifun er einungis viðráðanleg í vernduðu umhverfi heimilisins þar sem maður hefur í það minnsta kunnuglegt umhverfi sér til huggunar.



**MARTIN LAWRENCE SEM BIG MOMMA** Persóna sem best er geymd á litlum skjá.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.30** Chealsea-Fenerbahce
STÖÐ 2 SPORT 3



▶ **18.35** West Ham-Portsmouth
STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10** Veronica Mars
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Innlit/útlit
SKJÁREINN



▶ **21.05** Shark
STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Undir ítalskri sól** (3:5)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Veronica Mars** (12:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.
**20.55 Gáshaukur** (Hønsehauk) Norskur þáttur um gáshaukinn, helsta ránfugl norsku barrskóganna.
**21.15 Kókos** (Kokos) Norsk stuttmynd.
**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Ingolf Gabold, yfirmann leiklistardeildar Danska sjónvarpsins.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Rannsókn málsins - Syndir föðurins** (2:2) (Trial and Retribution: Sins of the Father) Bresk spennumynd frá 2006 í tveimur hlutum. Leikstjóri er Tristram Powell og meðal leikenda eru David Hayman, Victoria Smurfit, Zahra Ahmadi og Glynis Barber. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.35 Mannaveiðar** (3:4)
**00.20 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 I Heart Huckabees**
**08.00 Not Without My Daughter**
**10.00 The Perez Family**
**12.00 Steel Magnolias**
**14.00 Not Without My Daughter**
**16.00 The Perez Family**
**18.00 Steel Magnolias** Mannleg og gamansöm mynd sem lætur engan ósnortinn.
**20.00 I Heart Huckabees** Stjörnum hlaðin og rækilega krefjandi gamanmynd í anda Royal Tenenbaums.
**22.00 Spartan**
**00.00 Derailed**
**02.00 From Dusk Till Dawn 2**
**04.00 Spartan**

## STÖÐ 2

**07.00 Camp Lazlo**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah** (Gay Around the World)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.35 Extreme Makeover: HE** (14:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Corkscrewed** (2:8)
**13.35 The Commitments** (e)
**15.30 Sjáðu**
**15.55 Ginger segir frá**
**16.18 Justice League Unlimited**
**16.43 Kringlukast**
**17.08 Shin Chan**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (4:24) (Vinir 7)
**20.20 Hell's Kitchen** (3:11)
▶**21.05 Shark** (5:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**21.50 Kompás**
**22.25 60 minutes** (60 mínútur) Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.10 Medium** (2:16)
**23.55 Nip/Tuck** (11:14)
**00.45 ReGenesis** (5:13)
**01.35 The Commitments (e)**
**03.30 Shark** (5:16)
**04.15 Extreme Makeover: HE** (14:32)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Express-deildin 2008** (Grindavík - Snæfell)
**14.45 Spænsku mörkin**
**15.30 Inside Sport** (Arsene Wenger / AP McCoy)
**16.00 Iceland Express-deildin 2008** (Grindavík - Snæfell)
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Liverpool og Arsenal í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Chelsea - Fenerbahce.
**20.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.
**21.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Chelsea og Fenerbahce.
**22.50 Meistaramörk**
**23.10 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**00.05 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Arsenal)
**01.45 Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Stoke - Crystal Palace**
**14.40 Aston Villa - Bolton**
**16.20 Arsenal - Liverpool**
**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
▶**18.35 West Ham - Portsmouth** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik West Ham og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**21.10 Middlesbrough - Man. Utd**
**22.50 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**15.55 Vörutorg**
**16.55 All of Us** Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**17.20 Everybody Hates Chris** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 Psych** (e)
**20.10 Skólahreysti** (10:12) Í síðustu undankeppninni erum við á Ísafirði þar sem skólar af Vestfjörðum keppa. Hér er hraði, stuð og stemning og bara þeir bestu komast í úrslitin.
▶**21.00 Innlit / útlit** (8:14) Að þessu sinni er m.a. farið í heimsókn í ekta finnskt hús í Helsinki, sjáum það nýjasta í arinstæðum frá Safretti og skoðum nýja veitingastaðinn Orange sem er staðsettur við höfnina.
**21.50 Cane** (6:13) Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Þegar Henry er barinn til óbóta af skuggalegum fjárfestum í næturklúbbnum tekur Alex málin í sínar hendur. Pancho leitar að nýjum yfirbruggara fyrir Duque-romm.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 C.S.I.** (e)
**00.15 Jericho** (e)
**01.05 C.S.I.**
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




Settu þitt mark á Fréttablaðið

Umbrotsmenn vantar til starfa á Fréttablaðinu. Bæði er um fastráðningu að ræða sem og sumarafleysingar. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanir umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Fréttablaðið er lifandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt eru upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergsdóttur, framleiðslustjóra á netfangið kolbrun@frettabladid.is .

Umsóknarfrestur er til 11.apríl. Öllum umsóknum verður svarað

SPORT BYLGJAN 989 FRÉTTABLAÐIÐ visir.is 365

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Hell's Kitchen



Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Hell´s Kitchen; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa. Sem fyrr fær hann til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir taka þátt í einstaklega harðri keppni um starf á glæsilegum veitingastað. En líka um hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsey, sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Liverpool-Arsenal
### Stöð 2 Sport kl. 18.30



Nú er að duga eða drepast fyrir bæði lið. Fyrri leikurinn fór 1-1 á Emirates og þess vegna standa Liverpoolmenn örlítið betur. Arsenal verður að skora og þess vegna ljóst að opinn og skemmtilegur leikur er fram undan.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Entourage** (1:20)
**17.30 Comedy Inc.** (10:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**18.00 American Dad** (7:23)
**18.30 Kenny vs. Spenny 2** (2:13)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Entourage** (1:20)
**20.30 Comedy Inc.** (10:22)
**21.00 American Dad** (7:23)
**21.30 Kenny vs. Spenny 2** (2:13) Kenny vs. Spenny er frábær þáttur um æskufélagana Kenny og Spencer þar sem þeir etja kappi í hinum ýmsu atburðum, íþróttum, greinum og í raun hverju sem er. Sá sem tapar þarf að gera eitthvað hræðilega niðurlægjandi og vandræðalegt. Drengirnir gera svo ótrúlegustu hluti til þess að bera sigur úr bítum.
**22.00 American Idol** (26:42)
**22.45 American Idol (27:42)**
**23.25 Crossing Jordan** (16:17) Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas.
**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Birkir Jón** Umsjónarmaður er Birkir Jón Jónsson þingmaður. Hann ræðir við gest sinn um pólitík.
**21.30 Úrval úr Mér finnst...** Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.50** Supernabo **12.20** Kom igen - der er mere at lære **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM 2008 **14.30** Pucca **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Ønskehaven **18.30** Med andre øjne **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Clare Blake **21.15** Dødens detektiver **21.35** Seinfeld **22.00** Album

## NRK 1

**11.40** Faktor: Karis lukkelege val **12.10** Jessica Fletcher **13.00** Supermusikk **13.30** Den utvalgte **13.55** Frosk til middag **14.05** H2O **14.30** Utfordringen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Solens mat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Den vesle bilen Brum **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Kulturlandskapet - Norges sjel? **17.55** Landeplage **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Flygande dolkar **23.10** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.40** Autofil jukeboks

## SVT 1

**15.00** Big Words **15.30** Krokomax **16.00** Bolibompa **16.10** Minimyror i Kenya **16.15** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.25** Räkna med skägg **16.30** Fiska med Anders **16.45** Seaside hotell **17.00** Bobster **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Andra Avenyn **18.30** Naturnollorna **19.00** Plus **19.30** Klass 9A **20.00** Med eller utan killar **21.55** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.20** Brottet **23.20** Stressad, rädd och förbannad **23.50** Sändningar från SVT24





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Austur-Indíafélagið, það er ekki hægt að finna betri stað. Það er frábært að sitja þar og maturinn er upp á tíu.“*

Sigríður Beinteinsdóttir söngkona.

# 40 Íslendingar í prufum fyrir breskan skóla

Inntökupróf í leiklistarskólann Rose Bruford College í London fóru fram hér á landi um helgina. Eyrún Jónsdóttir, sem sjálf lærði við Rose Bruford og kom að skipulagningu prufanna hér á landi, segir marga hafa skráð sig til leiks. „Þetta gekk rosalega vel og það var mikið af góðu fólki sem kom,“ segir Eyrún, en fjörutíu höfðu skráð sig í prufur fyrir helgina.

Rose Bruford er virtur leiklistarskóli í Bretlandi en meðal fyrri nemenda þaðan er stórleikarinn Gary Oldman. Þó nokkrir Íslendingar hafa numið við eða eru við nám í Rose Bruford-skólanum. Þeirra á meðal eru til dæmis Sigurður Hrannar Hjaltason, sem nú leikur við Þjóðleikhúsið, og Jón Ingi Hákonarson. Nokkrir Íslendingar eru nú í námi við skólann, enda hafa prufur á hans vegum verið haldnar hér undanfarin ár. „Þessi skóli leggur sérstaka áherslu á að vera með alþjóðlega nemendur svo það er stór hluti af nemendum sem kemur að utan,“ útskýrir Eyrún. „Það er samt mjög mismunandi hvað þeir taka marga inn héðan og fer eftir því hversu marga þeir sjá sem henta hinum mismunandi deildum,“ bætir hún við.

Íslendingarnir sem spreyttu sig um helgina geta átt von á því að fá svar á næstu vikum. „Það eru prufur í mörgum löndum á sama tíma og nú þarf að fara yfir þetta allt og setja saman hópinn svo að það sé líka jafnvægi á milli landa,“ útskýrir Eyrún.

**- sun**



**ÁHERSLA Á ALÞJÓÐLEGA NEMENDUR** Eyrún Jónsdóttir, sem sjálf lærði við Rose Bruford College, segir skólann leggja sérstaka áherslu á að hafa alþjóðlegan nemendahóp, en hann hefur haldið áheyrnarprufur hér á landi síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** gleðimerki **6.** org **8.** styrkur **9.** þrjónavarningur **11.** voði **12.** barn **14.** gleði **16.** tveir eins **17.** knæpa **18.** tímabils **20.** gangþófi **21.** dó.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lýð **3.** guð **4.** stormur **5.** slagbrandur **7.** ávaxtatré **10.** persónufornafn **13.** rúmábreiða **15.** andi **16.** blekking **19.** vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bros, **6.** óp, **8.** afl, **9.** les, **11.** vá, **12.** kríli, **14.** unaðs, **16.** tt, **17.** krá, **18.** árs, **20.** il, **21.** lést.
**LÓÐRÉTT: 1.** fólk, **3.** ra, **4.** ofviðri, **5.** slá, **7.** perutré, **10.** sín, **13.** lak, **15.** sála, **16.** tál, **19.** ss.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Robert Mugabe.
2. Pétur Þór Gunnarsson.
3. ÍR.









**ÓLAFUR GUNNARSSON** Boðar til mikils Kadilakk-móts á Suðurlandi í sumar en rithöfundurinn snjalli er einn helsti áhugamaður um þá ágætu bílategund á Íslandi og þótt víðar væri leitað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÓLAFUR GUNNARSSON: LANGÞRÁÐ KADILAKK-MÓT VERÐUR AÐ VERULEIKA

# Kadilakk-karlar lítt fyrir nýja og sparneytna bíla

„Meginmálið er að safna saman í einn hóp þeim sem eiga þennan merkilega bíl eða eintak af honum, jafnt ung sem gömul eintök,“ segir Ólafur Gunnarsson rithöfundur en hann er einhver helstur áhugamaður um Kadilakk-bíla á Íslandi.

Ólafur er nú, ásamt félögum sínum í hinum íslenska Kadilakkklúbbi, að undirbúa mikið Kadilakk-mót sem haldið verður um miðjan maímánuð á Hótel Hvítá. „Hinum megin við ána stendur sjálfur Skálholtsstaður. Þetta er mót til að koma klúbbnum almennilega í gang og fá sem flesta til að mæta í kaffi og pönnukökur. Ég flyt einhverja tölu og reyni að setja menn inn í málin. Svo verður kosið í stjórn,“ segir Ólafur.

Klúbburinn var stofnaður árið 14. desember árið 2005 þegar í undirbúningi var fræg för sem farin var til Ameríku og ekið á Kadilakk stranda á milli. Um þá ferð skrifuðu Ólafur og Einar Kárason í sameiningu bókina Úti að aka. „Ég taldi það góða hugmynd að ganga í stærsta og eina Kadilakkklúbb heimsins sem mark er takandi á: The Cadillac la Salle Club, sá klúbbur er um hálfrar aldar gamall með deildir um allan heim. Þar á meðal The Icelandic Chapter. Með því gátum við fengið ýmsa hjálp á okkar ferð. Og reyndar allir meðlimir lendi þeir í vandræðum.“

Ólafur ætlar að á Íslandi séu um 60 til 70 bílar af Kadilakkgerð. En þó gæti það verið miklu meira og vert væri að kanna það nánar hjá Umferðarstofu. Og sitthvað er kadilakk og kadilakk.

„Sjálfur er ég ekki spenntur fyrir bílum sem eru mikið yngri en frá 1970. Þá var byrjað að minnka bílana en þá var yfirvofandi bensínkreppa í heiminum. Og menn tóku að minnka vélarnar í þeim. Stóru rokkarnir sem settir voru í þessa bíla fyrir 1970 voru 400 hestafla vélar,“ segir Ólafur.

Hann nefnir sem dæmi að faðir hans átti 1930 módel af Kadilakk sem var með V16 vél og tók aðeins tvo farþega. „Hræið af slíkum bíl kostar kannski svona milljón ef hægt er að finna það einhvers staðar. Hann var enn til 1965 en var þá urðaður einhvers staðar. Væri gaman að taka sig til og moka hann upp,“ segir Ólafur sem hlakkar til að hitta þá sem deila þessu áhugamáli með sér. Og þá ekki síður að skoða alla eðalvagnana sem væntanlegir eru.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Blaðakonan **Brynja Björk Garðarsdóttir** á Nýju lífi á von á erfingja innan tíðar. Þetta verður fyrsta barn Brynju og unnusta hennar, leikstjórans **Guðjóns Jónssonar**. Brynja sagði í samtali við Fréttablaðið að meðgangan væri næstum því hálfnuð og mikil hamingja og spenna væri á heimili þeirra.



Norðanmönnum var haldið á spariskónum um helgina en hljómsveitirnar Dr. Spock, Benny Crespo´s Gang og Sign tróðu upp á Græna hattinum meðan Merzedes Club ásamt plötusnúðnum Sammy spiluðu á Sjallanum. Einhver samgangur virðist hafa verið milli staða því aðdáendur **Óttars Proppé** ráku upp stór augu þegar Dr. Spock taldi í smellinn Hóhó-hó, we say heyheyhey og á sviðinu birtist við mikinn fögnuð sjálfur **Cerez 4**, forsöngvari Merzedes Club.



**Þórhallur Gunnarsson,** dagskrárstjóri á RÚV, hefur margt á sinni könnu eins og alkunna er. Eða í það minnsta rekja þeir Spaugstofumenn þá töf sem orðið hefur á að gengið sé frá samningum við þá um vikulega þætti á næsta sjónvarpsári til þess. Spaugstofumenn semja til eins árs í senn og oftast hefur verið gengið frá áframhaldi miklu fyrr á árinu en nú er.



**- hdm/jbg**

# Magni fær sólgleraugu á næsta bóndabæ

„Nei, nei, þetta er nú kannski ekki eitthvað sem maður lendir í daglega. En það kemur ýmislegt upp á. Og menn við öllu búnir,“ segir Þorsteinn V. Snædal, bóndi á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal.

Hann lenti í sérkennilegu atviki um helgina þegar poppstjarnan Magni kom óvænt brunandi í hlað og var í vanda. Hvítt var yfir öllu, blíðviðri og glampandi sól þannig að Magni var orðinn blindur.

Magni segir svo frá að hann hafi verið að koma frá Egilsstöðum á leið norður til Akureyrar. Og lent í þvílíkri blindu. Hann ræddi við bróður sinn á Egilsstöðum sem ráðlagði honum bara að banka upp á á næsta bæ. Magni þekkti engan þarna, kunni varla við að banka upp á hjá bláókunnugu fólki og sníkja sólgleraugu. En sér ekki eftir því.

„Alveg yndislegt fólk. Þorsteinn fór út í næsta bíl, dró þar fram skúffu og bauð mér úrval gleraugna. Með mismunandi birtustigi. Ég valdi mér lítil gleraugu með kvensniði. Þau voru dekkst. Veit ekki alveg hvernig þau lúkkuðu en virkuðu vel í sólinni,“ segir Magni sem er ánægður með bændur á Dal. Lofaði vitanlega að skila gleraugunum aftur og ætlar sér að standa við það.

Þorsteinn bóndi lét sér hins vegar hvergi bregða, öllu vanur og segir þetta ekki það furðulegasta sem hann hafi lent í. Öðru nær. Hann kannaðist við Magna og þótti magnað að hann væri sólgleraugnalaus. Væri einmitt sú týpan sem væri með sólgleraugu ofarlega í forgangsröðinni þegar farið væri úr húsi.

**- jbg**



**MAGNI** Blindum var honum tekið með kostum og kynjum á Jökuldal og boðið að velja úr úrvali gleraugna.


Hvannadalshnúkur
2008
66°Norður og Íslenskir Fjallaleiðsögumenn miðla af reynslu sinni um jöklaferðir, útbúnað og tækni í háfjallaferðum.
Fræðslufundur 9. apríl kl. 20:00
í húsakynnum 66°Norður Faxafeni 12
Nánari upplýsingar á www.66north.is
April 2008 Ljósm. Jón Gauti Jónsson
66° NORÐUR
FJALLALEIDSOGUMENN.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**vísir.is** *„...ég sá það á vísi"*





**BAKÞANKAR**
**Karenar D. Kjartansdóttur**


## *Vísdómsorð stripparans*

Eitt sinn tafðist ég á flugvelli í sólarhring. Þótt vistin væri slæm leiddist mér lítið því fólkið sem beið með mér var hvert öðru skemmtilegra. Minnisstæðastar eru mér samræður sem ég átti við guðsmann úr Hvítasunnusöfnuðinum og laglega stúlku sem kynnti sig sem atvinnudansara, sem höfðaði til kynferðislegra hvata fremur en listrænna. Upphófust skemmtilegar samræður um trúmál og klám.

**HVORKI** guðsmaðurinn né stúlkan stóðu undir merkjum sem erkitýpur sinnar atvinnugreinar. Sá fyrrnefndi bauðst ekki til að fá Jesú til að frelsa hana úr viðjum klámbransans og stúlkan virtist síður en svo þurfa á slíkri hjálp að halda. Fordómalaust gátu þau rætt hugðarefni hvort annars.

**ÞAÐ** sem mér þótti þó einna áhugaverðast var að stúlkan sagði að margar konur gerðu þau mistök að vilja verða ofurkonur. Hún vildi ekki ógna körlum með ofvöxnum sílikonbrjóstum og ýktum þörfum í kynlíf sem fáir karlmenn gætu gert sér vonir um að uppfylla, nema þeir væru stökkbreyttir fyrir neðan mitti. Slíkt fældi venjulega karla frá en í staðinn kæmu pervertar sem hún vildi ekkert hafa saman við að sælda. Amatöralúkkið væri það sem gæfist best í bransanum.

**VÍSDÓMSORÐ** stripparans rifjuðust upp fyrir mér þegar ég las viðtal á Kistunni við heimspekinginn Slavoj Zizek en ein af yfirskriftum þess var einmitt Útópískt brjálæði klámsins. Í því segir Zizek að fólki finnist orðið „mjög dapurlegt að horfa á „hardcore" klám. Konurnar með sílikonbrjóstin og karlarnir notaðir sem verkfæri, þetta er of dapurlegt í gervileika sínum." Hann segir það enga furðu þótt nýjasta tískan sé amatör-klám þar sem reynt sé að hafa sem flest „ekta".

**ALLUR** sá fjöldi ruslpósta sem daglega hrúgast til mín uppfullir af loforðum um stærri lim fær mig til að velta því fyrir mér hversu margir karlmenn gráti sig sennilega í svefn vegna frammistöðukvíða sem þeir hafa ræktað með sér við klámmyndaáhorf. Ég sé því fyrir mér að stripparinn og guðsmaðurinn gætu útbúið saman prýðilegt sjálfstyrkingarnámskeið sem miðaði að því að menn ættu að vera eins og þeir væru skapaðir. Að minnsta kosti þykir mér ósanngjarnt að pósthólfið mitt fyllist vegna óra meðaljóns um stærri lim.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 8. apríl, 99. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.20 | 13.29 | 20.41 |
| Akureyri | 5.59 | 13.41 | 20.31 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi